# Ársskýrsla Isavia 2021



Hönnun og umbrot — **Kolofon**




## Fyrirtækið 4

Inngangsorð forstjóra 6
Ávarp stjórnarformanns 8
Stjórnarhættir 10
Starfsemi 12
Stefna 16
Mikilvægir þættir 18
Markmið og úrbætur 20

## Sjálfbærni 22

Sjálfbærni 24
Loftslagsmál 26
Losun gróðurhúsalofttegunda 28
Auðlindanýting 32
Lífsgæði 34
Hagaðilar 38
Mannauður 40
Birgjar 46
Viðskiptavinir 48
Stjórnvöld 52
Stjórnvöld 54
Öryggi og vinnuvernd 56
Isavia í samfélaginu 60

## Efnahagur 62

Efnahagur 64
Flugtölur 66
Lykiltölur úr rekstri 68
Umsvif starfseminnar 70
Uppbygging og þróun 74
Skipulag og þróun 76
Stafræn þróun 78

## GRI tilvísunartafla 80
## UFS viðmið 98
## Ársreikningur 104



Fyrirtækið

Sjálfbærni

Efnahagur



# Inngangsorð forstjóra

Þrátt fyrir að árið 2021 hafi áfram borið einkenni kórónuveirufaraldursins þá mátti engu að síður sjá skýr batamerki á rekstri flugvalla og flugleiðsögu frá árinu þar á undan. Ef við horfum til dæmis til síðasta ársfjórðungs ársins 2020 þá fóru að meðaltali um 600 farþegar um Keflavíkurflugvöll á degi hverjum. Á sama tímabili á síðasta ári var þessi meðaltalstala komin í um 9.064 farþega á dag sem er um 58% af daglega meðaltalinu á seinasta ársfjórðungi ársins 2019.

Á sama tíma hafa flest flugfélögin sem flugu til Keflavíkurflugvallar fyrir kórónuveirufaraldurinn snúið aftur og í dag er útlit fyrir að fjöldi þeirra verði sá sami í sumar og hann var árið 2019. Þessi staða gerir það að verkum að við getum gert okkur væntingar um áframhaldandi árangur af endurheimtinni á komandi mánuðum og misserum. Hluti af því sem hélt aftur af endurheimtinni voru þær sóttvarnaraðgerðir sem voru í gildi á landamærum Íslands. Þeim aðgerðum var hætt í febrúar síðastliðnum enda höfðu fyrirliggjandi gögn sýnt fram á að þær hafi ekki verið réttlætanlegar og valdið meiri skaða heldur en verið til gagns. Það er ánægjulegt að stjórnvöld hafi þannig farið að horfa á heildarmyndina í sínum ákvörðunum og mikilvægt að það verði fyrirsjáanleiki í þeim til framtíðar.

Isavia blés til sóknar á Keflavíkurflugvelli í byrjun síðasta árs í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðherra ákvað að auka hlutafé í félaginu. Í ár stefnir í eitt stærsta framkvæmdaár í sögu flugvallarins og því til viðbótar hefur félagið lagt til fjármuni í beina markaðssetningu til flugfélaga, sem hefur þegar skilað sér í fyrrnefndri endurheimt í fjölda flugfélaga. Þessi sókn spilar lykilhlutverk þegar kemur að því að endurheimta þann fjölda flugtenginga sem var til staðar á árunum fyrir kórónuveirufaraldurinn. Tengistöðin á Keflavíkurflugvelli er drifkrafturinn þegar kemur að flugtengingum og því þarf að tryggja að hún standi undir þeim tækifærum sem fylgja tengiflugfélögunum á Keflavíkurflugvelli. Það er bein fylgni milli fjölda flugtenginga og hagvaxtar, lífsgæða og velsældar á Íslandi þannig að þessi áhersla á tengistöðina er ekki bara mikilvæg fyrir Isavia og tengiflugfélögin heldur fyrir alla landsmenn.

Til viðbótar við rekstur Keflavíkurflugvallar er innan samstæðu Isavia rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, rekstur innanlandsflugvallakerfisins og rekstur á flugleiðsöguþjónustu.

- Rekstur Fríhafnarinnar hefur ekki farið varhluta af áhrifum kórónuveirufaraldursins enda mjög háður ferðalögum til og frá Keflavíkurflugvelli. Aftur á móti hefur vel tekist til við að aðlaga reksturinn að breyttu umhverfi og því til viðbótar er félagið vel í stakk búið til að takast á við þær áskoranir sem munu fylgja endurheimtinni.
- Tekjur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. sem fer með rekstur á innanlandsflugvöllunum koma að stærstum hluta úr þjónustusamningi við íslenska ríkið um rekstur þeirra. Kórónuveirufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á reksturinn en íslenska ríkið, sem þjónustukaupandi, tók á sama tíma þá ákvörðun að draga ekki úr þjónustustigi í innanlandsflugvallakerfinu og mætti þeirri ákvörðun með sérstökum viðbótargreiðslum til félagsins til að mæta tekjufalli frá notendum. Staða innanlandsflugvallakerfisins er engu að síður alvarleg enda hefur það verið vanfjármagnað frá íslenska ríkinu um margra ára skeið.
- Flugleiðsöguþjónustu Isavia er sinnt af dótturfélaginu Isavia ANS. Stærsti hlutinn af tekjum félagsins kemur úr samningi um yfirflugsþjónustu yfir Norður-Atlantshafið. Sá samningur gerir ráð fyrir sveiflujöfnun tekna og gjalda þannig að áhrif kórónuveirufaraldursins mun að stórum hluta jafnast út á komandi árum.

Þeir alþjóðaflugvellir sem ná sýnilegum árangri á næstu árum þegar kemur að sjálfbærni munu ná mikilvægu samkeppnisforskoti til framtíðar. Í ljósi þess er sérstaklega mikilvægt að missa ekki sjónar á mikilvægi umhverfismála og sjálfbærni þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir vegna kórónuveirufaraldursins. Síðustu árin hefur Isavia tekið stór og mikilvæg skref í átt að sjálfbærni og á komandi árum verða skrefin enn stærri og mikilvægari.

Isavia hefur verið aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) frá 2016. Með þeirri þátttöku skuldbindur félagið sig til þess að starfshættir séu í samræmi við tíu viðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu.

Í lok síðasta árs tók gildi ný sjálfbærnistefna fyrir félagið. Henni fylgir fimm ára aðgerðaáætlun þar sem áherslur félagsins, markmið og mælikvarðar í málaflokknum eru sett fram. Við val á þeim var m.a. horft til stefnu félagsins, ábendinga hagaðila, viðmiða UN Global Compact, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum.

Isavia gefur nú út ársskýrslu samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative í sjöunda skipti. Skýrslan er gerð samkvæmt GRI Standards: Core ásamt GRI-G4 sérákvæðum um flugvelli. Sérákvæðin taka sérstaklega á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir þegar kemur að sjálfbærni. Horft er til starfsemi félagsins og þeirra áhrifa sem hún hefur á efnahag, umhverfi og samfélagið. Fjöldi starfsfólks frá öllum sviðum fyrirtækisins komu að vinnunni við hana og einnig var leitað til ráðgjafa til að yfirfara og tryggja gæði upplýsinganna. Við fögnum öllum ábendingum um innihald skýrslunnar, enda eru stöðugar umbætur alltaf órjúfanlegur hluti af starfsemi okkar.

Í þessari ársskýrslu lýsum við starfsemi Isavia árið 2021. Skýrslunni er skilað inn sem framvinduskýrslu um markmið okkar að Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNGC). Þar með staðfestum við vilja okkar til að vinna í samræmi við tíu viðmið Sameinuðu þjóðanna og vinna að Heimsmarkmiðunum. Við lýsum yfir áframhaldandi stuðningi við UN Global Compact.

Síðustu tvö árin hafa verð full af alls kyns áskorunum vegna kórónuveirufaraldursins. Við hjá Isavia höfum engu að síður sóknina okkar á síðasta ári enda tækifærin mýmörg þegar kemur að því að standa vörð um lífsgæði og velsæld á Íslandi. Við hjá samstæðu Isavia höfum yfir að búa einstökum hópi starfsmanna sem hefur enn og aftur gert okkur afar stolt og sannfærð um það að við munum standa undir þeirri miklu ábyrgð sem okkur er falin.

Mig langar til að nota tækifærið og þakka öllum okkar Isavia liðsfélögum fyrir að leggja sitt af mörkunum til að koma okkur í gegnum áskoranir síðustu ára og ekki síður fyrir að vera reiðubúin til að bretta upp ermarnar til framtíðar.

**Sveinbjörn Indriðason**
Forstjóri Isavia



# Ávarp stjórnarformanns

Áhrif kórónuveirufaraldursins á flugtengdan rekstur voru áfram veruleg árið 2021. Þegar áföll líkt og umræddur faraldur dynja yfir er öllum mikilvægt að draga andann og meta hvort fyrri áherslur séu enn gildar.

Móðurfélag Isavia fer með rekstur Keflavíkurflugvallar. Stjórn og stjórnendur Isavia uppfærðu á síðasta ári stefnu félagsins með það að markmiði að geta blásið til sóknar í Keflavík að loknum heimsfaraldrinum. Sýnin er einföld; að tengja heiminn í gegnum Ísland. Í uppgangi ferðaiðnaðarins á árunum fyrir fall WOW Air var fjárfest á Keflavíkurflugvelli í kappi við öran vöxt flugs til og frá landinu. Í þetta sinn vill félagið byggja upp starfsemina áður en innviðirnir verða komnir að þolmörkum á nýjan leik.

Samhliða nýrri uppbyggingaráætlun rýndi félagið og endurskoðaði á síðasta ári þá menningu sem ríkir innan félagsins. Eitt er að eiga og reka trausta innviði. Hitt er að mannauðurinn sem sinnir þessum innviðum – og veitir um þá grundvallarþjónustu – tryggi sem bestan árangur. Markmið þessarar áherslu á vinnustaðarmenningu Isavia er að draga úr sóun í þessari flóknu starfsemi og gera Isavia að betri samstarfsaðila en fyrr í flugvallarsamfélaginu. Jafnframt var lagt upp með að gera öllum starfsmönnum félagsins auðveldara en fyrr að takast á við daglegt amstur starfseminnar á uppbyggilegan hátt með áherslu á sjálfsþroska og velvild í garð hvers annars, auk öryggis og sjálfbærni í starfinu sjálfu.

Framtíðarsýnin um að tengja heiminn í gegnum Ísland byggist á mikilvægi flugtenginga á 21. öldinni. Sem tengistöð verkar Keflavíkurflugvöllur sem hnútpunktur í þéttriðnu neti flugleiða um heiminn. Þannig bjóðast Íslendingum greiðir ferðamöguleikar langt umfram það sem okkar fámenna land gæti staðið undir eitt og sér. Um leið fá fleiri gestir að utan en ella auðveldan aðgang að okkar fallega og áhugaverða landi. Árið 2018, sem var það ár þegar flestar flugvélar lentu og tóku á loft á Keflavíkurflugvelli, voru 57 áfangastaðir með beinu flugi héðan allt árið um kring. Slíkt umfang er fáheyrt frá heimamarkaði sem taldi á þeim tíma einungis innan við 360 þúsund íbúa. Tenginet þetta býður auk þess upp á hraða vöruflutninga til og frá landinu, ýmsa afleidda uppbyggingarmöguleika á Suðurnesjum og annað framtak sem leiðir til aukins hagvaxtar. Öflug tengistöð eykur lífsgæði á Íslandi.

En hvernig getur Isavia lagt grunninn að því að tengja heiminn gegnum Ísland til langrar framtíðar? Keflavíkurflugvöllur er miklu meira en bara Isavia. Á flugvellinum starfar fjöldi annarra fyrirtækja sem koma að því að þjónusta flugvélar, vörur og ferðamenn. Öll sú keðja þarf að vera vel smurð og samstillt til að ná megi þeim árangri sem stefnt er að.

Það er einmitt út frá þeim áherslum sem uppfærður tilgangur móðurfélags Isavia varð til: „Við leiðum flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi". Með þessu erum við að minna á að það er flugvallarstarfsemin öll, bein og óbein, sem er grundvöllur sýnarinnar um að tengja heiminn gegnum Ísland. Isavia er það leiðandi afl í flugvallarsamfélaginu sem ber ábyrgð á að láta þetta allt saman gerast.

Í dag gera áætlanir ráð fyrir um 50 milljarða króna fjárfestingum á næstu 5 árum. Þessa risavöxnu uppbyggingu teljum við nauðsynlega til að standa undir þeim sjálfbæru innviðum sem Isavia vill byggja upp, þeirri umferð sem við sjáum fyrir og þeirri gæðaupplifun sem við viljum tryggja þeim sem nýta stöðina. Geta félagsins til að takast á hendur slíkar framkvæmdir er vissulega löskuð eftir hrun í flugsamgöngum í faraldrinum. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur hins vegar fyrir hönd eigandans, íslenska ríkisins, lagt félaginu til aukið hlutafé, auk þess sem innlendir og erlendir lánveitendur telja Isavia traustan lántaka. Hafa þeir því veitt félaginu aðgang að hagkvæmu lánsfé til að skapa verkvang tenginga til framtíðar á Keflavíkurflugvelli.

Horft fram í tímann teljum við að umbæturnar sem hafnar eru á Keflavíkurflugvelli haldist vel í hendur við þá blómlegu uppbygging afþreyingar og aðstöðu sem fram fer víða um land. Ísland verður áfram einstakt ferðamannaland, þar sem gæði og einstök upplifun verða í fyrirrúmi.

Rétt eins og stuðningur ríkisins sem eiganda Isavia hefur verið grundvöllur þess að byggja megi upp af fullum krafti er mikilvægt að ríkið sem löggjafi forðist að leggja óþarfa fjárhagslegar byrðar á félagið. Þannig skal hér varað við hugmyndum um að starfsemin í Keflavík, sem á í alþjóðlegri samkeppni alþjóðaflugvalla, fjármagni rekstrarhalla á innanlandsflugvöllum landsins. Flugvallakerfið innanlands er mikilvægt fyrir samgöngur innanlands og vill Isavia gjarnan vinna að uppbyggingu þess í samvinnu við ríkið, hér eftir sem hingað til. Flugvellirnir innanlands standa hins vegar ekki undir sér fjárhagslega og eru fjármagnaðir með framlögum úr ríkissjóði.
Ef Isavia verður ætlað að jafna stöðu landsmanna óháð búsetu mun þurfa að draga úr framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Notkun innviðanna suður með sjó, sem gegna lykilhlutverki í íslensku hagkerfi, gæti þannig farið yfir þolmörk á ný, einmitt þegar endurreisnarstarfið á að rísa sem hæst. Þegar stærsti kúfur uppbyggingarinnar verður að baki verður Isavia í stöðu til að byrja að greiða arð, sem er hefðbundinn farvegur fyrir útflæði fjár úr félögum til eiganda síns.

Hin hryllilegu stríðsátök í Úkraínu eru farin að setja mark sitt á flugsamgöngur og uppbyggingu flugvalla um allan heim, þar á meðal á Keflavíkurflugvelli. Helst finnum við nú fyrir að keðja aðfanga fyrir byggingarframkvæmdir er farin að hökta, sem gæti tafið fyrir uppbyggingu okkar. Olíuverð hefur einnig snarhækkað, en enn sem komið er hefur það ekki haft áhrif á fjölda flugfarþega. Horfur fyrir sumarið eru þannig enn vænlegar, en samsetning farþega gæti hins vegar tekið breytingum og mörg flugfélög meta nú hvort breyta eigi flugleiðum og verðlagningu.

Samandregið eru hin mögulegu neikvæðu áhrif á rekstur okkar smávægileg miðað við þær hörmungar sem við höfum fyrir augunum dag hvern.

Mig langar til að þakka stjórnendum félagsins og starfmönnum öllum fyrir vel unnin störf við erfiðar og síbreytilegar aðstæður. Við ætlum okkar að standa undir þeirri ábyrgð sem okkur er falin og hafa jákvæð áhrif á lífsgæði á Íslandi til framtíðar.

**Orri Hauksson**
Stjórnarformaður Isavia

# Stjórnarhættir

Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu, flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.

## Uppbygging stjórnarhátta

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og almennri eigandastefnu ríkisins.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum *Leiðbeiningar um stjórnarhætti* til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að það sé ekki skylt lögum samkvæmt. Helstu frávik eru að ekki er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu, þar sem tilnefning í stjórn félagsins er hjá fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu. Tvær undirnefndir starfa undir stjórninni sem eru starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd.

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins.

Ekki hafa fallið dómar þar sem starfsemi félagsins er talin hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands.

STJÓRN ISAVIA 2021



**Orri Hauksson**
Stjórnarformaður



**Matthías Páll Imsland**
Varaformaður






## Stjórn

Stjórn Isavia er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Í henni sitja fimm einstaklingar, og fimm til vara. Stjórn er tilnefnd til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn er 40% konur og 60% karlar. Öll sem sitja í stjórn teljast vera óháð í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og hafa gefið stjórninni skýrslu um eignir sínar í öðrum félögum sem hafa ekki áhrif á störf þeirra í stjórn.

## Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár. Hún er birt samhliða ársreikningi á heimasíðu Isavia ohf. Með þessari yfirlýsingu er Isavia að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, m.a. með það að markmiði að styrkja innviði félagsins og auka gagnsæi. Upplýsingar um stjórnarmeðlimi, undirnefndir, samskipti við hluthafa, framkvæmdastjórn, siðferðisviðmið og aðra þætti sem snúa að stjórn, og gera þarf grein fyrir í ársskýrslu samkvæmt GRI Core, er að finna í stjórnarháttayfirlýsingunni. Starfsreglur starfskjaranefndar, starfskjarastefnu og starfsreglur stjórnar Isavia má finna á heimasíðu félagsins.



**Eva Pandóra Baldursdóttir**
Stjórnarmaður



**Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir**
Stjórnarmaður



**Valdimar Halldórsson**
Stjórnarmaður

# Starfsemi

Isavia ohf. annast uppbyggingu og rekstur Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess Isavia ANS ehf. og Isavia Innanlandsflugvellir ehf. reka annars vegar flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims og hins vegar öflugt net innanlandsflugvalla á Íslandi. Þessu til viðbótar rekur dótturfélagið Fríhöfnin ehf. fjórar verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

**Starfsemi Isavia**

Móðurfélagið Isavia rekur Keflavíkurflugvöll. Flugvöllurinn er að fullu rekinn á viðskiptalegum forsendum og í hörðu samkeppnisumhverfi. Þar liggja stærstu viðskiptatækifærin en um leið mesta rekstraráhættan.

Á Keflavíkurflugvelli eru tvö kjarnasvið. Annars vegar viðskipti og þróun sem sinnir flugfélögum og leiðarþróun, viðskipta- og markaðsmálum, mannvirkjum og innviðum sem og flugvallaþróun og uppbyggingu. Hins vegar þjónusta og rekstur sem sinnir flugvernd, þjónustu og samhæfingu, flugvallarþjónustu, rekstri flugturns og öryggisstjórnun.

Stoðsvið félagsins eru einnig tvö. Fjármála- og mannauðssvið sem sinnir reikningshaldi og uppgjörum, lögfræðiþjónustu, innkaupum og hagdeildarþjónustu ásamt mannauðsmálum og fræðslu. Stafræn þróun og upplýsingatækni sem sinnir stafrænni þróun, kerfisrekstri og notendaþjónustu.

Stjórnarhættir, stefnumótun og sjálfbærni, almannatengsl og skipulagsdeild Keflavíkurflugvallar tilheyra skrifstofu forstjóra. Stoðsviðin eru hluti af rekstri Keflavíkurflugvallar ásamt skrifstofu forstjóra.

Rík áhersla er lögð á það að öll svið móðurfélagsins auk skrifstofu forstjóra taki að sér verkefni fyrir alla samstæðu Isavia. Forstjóri Isavia ohf. er Sveinbjörn Indriðason.

Í upphafi árs flutti Isavia ohf. skrifstofur sínar á höfuðborgarsvæðinu úr turninum á Reykjavíkurflugvelli yfir í Dalshraun 3 í Hafnarfirði. Innivist í turninum var ekki góð vegna myglu og því var ákveðið að flytja starfsemi móðurfélagsins alfarið í Hafnarfjörð. Á sama tíma fluttist hluti skrifstofustarfseminnar sem hafði verið í Hlíðarsmára í Kópavogi einnig yfir í Dalshraunið. Voru þá skrifstofur félagsins á höfuðborgarsvæðinu sameinaðar á einn stað. Staðsetningin í Hafnarfirði hentar félaginu sérstaklega vel út af nálægðinni við Keflavíkurflugvöll þar sem meginhluti starfseminnar fer fram. Enn fer fram flugleiðsöguþjónusta við Reykjavíkurflugvöll í turninum en gripið hefur verið til sértækra aðgerða til að draga úr áhrifum myglunnar á þá starfsemi.



SKIPURIT ISAVIA
SAMSTÆÐUNNAR




SKIPURIT
ISAVIA OHF.



## FRAMKVÆMDASTJÓRN ISAVIA OHF.



**Sveinbjörn Indriðason**
Forstjóri



**Elín Árnadóttir**
Aðstoðarforstjóri



**Anna Björk Bjarnadóttir**
Framkvæmdastjóri þjónustu og rekstrar



**Bjarni Örn Kærnested**
Framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar og upplýsingatækni



**Guðmundur Daði Rúnarsson**
Framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar



**Ingibjörg Arnarsdóttir**
Framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs

## STARFSEMI DÓTTURFÉLAGA



**Kjartan Briem**
Framkvæmdastjóri Isavia ANS



**Sigrún Björk Jakobsdóttir**
Framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla



**Þorgerður Þráinsdóttir**
Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar



### Isavia Innanlandsflugvellir

Isavia Innanlandsflugvellir ehf. sér um rekstur íslenskra áætlunarflugvalla annarra en Keflavíkurflugvallar. Félagið rekur þrjá flugvelli sem tekið geta við millilandaflugi, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll auk níu minni flugvalla og lendingarstaða fyrir reglubundið áætlunarflug innanlands. Félagið hefur einnig umsjón með 30 öðrum lendingarstöðum um land allt. Skrifstofur Isavia Innanlandsflugvalla ehf. eru á Reykjavíkurflugvelli.

Hjá félaginu vinnur samhentur hópur að fjölbreyttum verkefnum og hefur það að markmiði að halda Íslandi á lofti og að vera hluti af góðu ferðalagi. Starfsemin nær allt frá almennri flugvallarþjónustu, flugumferðarþjónustu, flugvernd, umsjón með verklegum framkvæmdum auk öryggis- og gæðamála. Reksturinn grundvallast á þjónustusamningi félagsins við samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið (nú innviðaráðuneyti) sem ákvarðar þjónustustig flugvallanna, rekstur og viðhald, enda er um að ræða hluta af almenningssamgöngukerfi sem er í eigu ríkisins.

### Isavia ANS

Isavia ANS ehf. er með starfsleyfi til að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, millilandaflug og alþjóðaflug og annast meðal annars flugumferðarþjónustu á Norður-Atlantshafi fyrir hönd Íslands, á svæði sem er nefnt íslenska flugstjórnarsvæðið. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur falið sjö ríkjum að sjá um flugumferðarþjónustu yfir þessu svæði, en auk Íslands eru það Bretland, Kanada, Noregur, Bandaríkin, Danmörk og Portúgal.

Starfsemin grundvallast á milliríkjasamningi við 25 ríki um þjónustu og fjármögnun sem byggir á endurheimtukerfi kostnaðar (e. full cost recovery system). Tæplega fjórðungur flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið fer í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið, en svæðið hefur mikla sérstöðu meðal úthafssvæða vegna sveigjanleika, bæði hvað varðar flugleiðir og flughæðir. Skrifstofur Isavia ANS ehf. eru á Reykjavíkurflugvelli en einnig eru flugfjarskipti, deild innan Isavia ANS, með starfsemi í Sóleyjarima í Grafarvogi.

Dótturfyriræki Isavia ANS eru Tern Systems sem þróar hugbúnað fyrir flugleiðsöguþjónustu og Suluk sem heldur utan um rekstur flugleiðsöguþjónustu á Grænlandi. Suluk ApS er staðsett á Kangerslussuaq flugvelli í Kangerlussuaq á Grænlandi. Tern er með aðalskrifstofur sínar í Hlíðarsmára í Kópavogi og skrifstofur í Búdapest, Ungverjalandi.

### Fríhöfnin ehf.

Fríhöfnin ehf. rekur fjórar verslanir með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt rekstrarleyfissamningi við móðurfélagið Isavia. Tvær þeirra eru fyrir brottfararfarþega, ein fyrir farþega til landa utan Schengen svæðis og ein fyrir komufarþega. Áhersla er á fjölbreytt og vandað úrval af innlendum og erlendum vörum með áherslu á dæmigerðar fríhafnarvörur, áfengi, tóbak, sælgæti og snyrtivörur. Stefna Fríhafnarinnar er að bjóða vandað vöruúrval og þjónustu í samræmi við þarfir ólíkra viðskiptavinahópa og um leið að skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem skilar arðsömum rekstri til eiganda. Gildi félagsins eru: þjónusta, virði og upplifun. Fríhöfnin er jafnlaunavottað fyrirtæki frá BSI frá árinu 2019.

Fyrir utan ofangreind dótturfélög átti Isavia ohf. félagið Domavia en því var slitið í byrjun síðasta árs.

Frekari upplýsingar um framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra dótturfélaga er að finna á heimasíðu Isavia: isavia.is

# Stefna




### Stefnumótun

Isavia, sem opinbert hlutafélag, starfar eftir þeim lögum sem gilda um starfsemina og eigandastefnu ríkisins. Stefna félagsins er mótuð af stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins innan þess ramma. Stefna móðurfélagsins var endurskoðuð á árinu og endurspeglar nú starfsemina betur en áður. Dótturfélögin setja sér eigin fyrirtækjastefnu en vinna í samræmi við flestar stuðningsstefnur móðurfélagsins í samræmi við eigandastefnu dótturfélaga Isavia ohf. Isavia ANS fór einnig í stefnumótun á árinu og Fríhöfnin hefur hafið endurskoðun á sinni stefnu.

### Stefna Isavia ohf.

Tilgangur Isavia ohf. er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og framtíðarsýnin er að tengja heiminn í gegnum Ísland.

Stefnuhringurinn er áttaviti um áherslur félagsins til framtíðar. Hann hefur það að markmiði að tengja stefnuáherslurnar saman til að leiða félagið að framtíðarsýninni. Allar sjö stefnuáherslurnar í stefnuhringnum endurspegla megináherslur félagsins til framtíðar.

Nýjasta stefnuáherslan er áherslan á flugvallarsamfélagið. Isavia er aðeins eitt af þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem starfa á Keflavíkurflugvelli þar sem allir þurfa að vinna saman sem ein heild til að veita farþegum skilvirka og góða þjónustu. Félagið leiðir flugvallarsamfélagið og lætur hlutina gerast, tekur frumkvæði að því að vinna markvisst með viðskiptafélögum sínum að sameiginlegum árangri. Áhersla er á að viðskiptavinir séu í fyrirrúmi og þeim sé boðið upp á einstaka upplifun m.a. með snjöllum lausnum.

Keflavíkurflugvöllur er einn af lykilinnviðum landsins og því er lögð áhersla á að byggja upp og viðhalda innviðum hans til lengri tíma og bæta stöðugt nýtingu auðlinda með arðsemi og langtímahagsmuni að leiðarljósi. Um leið er stuðlað að nýsköpun og stöðugri framþróun í starfseminni. Áhersla er á að vera til fyrirmyndar í öryggis- og verndarmálum og hefur félagið sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem það gerir.

Hjá Isavia starfar samheldinn hópur starfsfólks sem leggur áherslu á uppbyggileg samskipti og samvinnu. Öflug liðsheild starfsfólks skilar sér í bættri fyrirtækjamenningu og meiri starfsánægju. Skýr stefna og framtíðarsýn er lykillinn að því að starfsfólk geti tengt störf sín við stefnuna og unnið eftir henni.



Stefnuhringurinn og markmið honum tengdum hafa verið kynnt fyrir starfsfólki. Það er verið að vinna að fimm ára aðgerðaáætlun til að styðja við að árangur náist og innleiða stefnubókhald.

Isavia fylgir fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sérstaklega í stefnu sinni, þ.e. heimsmarkmiðum 8, 9, 13 og 17 en vinnur jafnframt með önnur í stuðningsstefnum sínum enda mynda þau eina heild.

Hægt er að lesa ítarlegar um stefnu félagsins á heimasíðunni.

### Stuðningsstefnur

Isavia hefur sett sér stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnu fyrirtækisins þar sem við á. Auk þess sem félagið vinnur eftir siðareglum og siðareglum birgja. Forstjóri eða einstaka framkvæmdastjórar bera ábyrgð á endurskoðun mismunandi stuðningsstefna en allir framkvæmdastjórar bera ábyrgð á framfylgd þeirra á sínum sviðum. Setning og endurskoðun stuðningsstefna fer eftir formlegu verklagi þar um og eru samþykktar af forstjóra eða stjórn eftir því sem við á.

### Stefna Isavia ANS

Unnið var að mótun stefnu fyrir Isavia ANS á árinu og er hún fyrsta stefnan eftir að Isavia ANS varð dótturfélag Isavia ohf. Fjöldi starfsfólks tók þátt í vinnunni og var hlutverk fyrirtækisins skilgreint sem og helstu stefnumið, ásamt áherslum næstu þriggja ára. Eftirfarandi stefna var samþykkt af stjórn á haustmánuðum 2021 og innleiðing stefnunnar er hafin.

### Stefna Fríhafnarinnar

Stefna Fríhafnarinnar er nú í endurskoðun. Gildandi stefna Fríhafnarinnar er að:

Bjóða upp á vöruúrval og þjónustu í samræmi við þarfir ólíkra viðskiptavinahópa Fríhafnarinnar og um leið að skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem skilar arðsömum rekstri til eigenda.

- Viðskiptavinir: Vöruúrval og þjónusta sniðin að þörfum ólíkra markhópa.
- Starfsmenn: Eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að sér hæft starfsfólk – réttur maður á réttum stað.
- Eigendur: Hámarka arðsemi með hagkvæmni, góðu skipulagi og markvissum innkaupum og vörustýringu.

## Stefna Isavia ANS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hlutverk | Örugg loftbrú í norðri | | |
| Stefnumið | ANS – Þekkt félag með jákvæða ímynd | Framúrskarandi í kjarnastarfsemi | Ánægt starfsfólk – eftirsóttur vinnustaður |
| Áherslur næstu 3 ára | Skýrum mörk milli ohf og ANS – bætum þjónustusamninga | Áhersla á að styrkja samstarf við Grænland | Fjölskylduvænt starfsumhverfi |
| | Byggjum upp góða og virka heimasíðu og notum ANS nafnið | Eflum stjórnendur og sköpum sterka liðsheild | |
| | Áhersla á góða upplýsingagjöf | | |

# Mikilvægir þættir

Isavia gerir samfélagsskýrslu sína samkvæmt staðli Global Reporting Initiative, GRI Standards: Core ásamt sérákvæðum GRI-G4 um flugvelli. Sérákvæðin taka sérstaklega á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir þegar kemur að sjálfbærni. Horft er til starfsemi félagsins og þeirra áhrifa sem hún hefur á efnahag, umhverfi og samfélagið.

Við val á mikilvægum þáttum er horft til þeirra málefna sem hagaðilar félagsins telja sérstaklega mikilvæg í samstarfi við Isavia, væntingar hagaðila til félagsins og mat þeirra á samvinnu við Isavia. Auk þessa er horft til nýjustu áherslna flugiðnaðarins í málaflokknum, þróunar og breytinga í lagaumhverfinu, helstu viðmiða í samfélagsskýrslugjöf og samanburðar við leiðandi fyrirtæki.

Isavia leggur áherslu á víðtækt samráð við þá hagaðila sem treysta á þjónustu fyrirtækisins og verða fyrir áhrifum af starfseminni. Starfseminnar gætir um allt land og snertir alla landsmenn. Isavia hefur greint á annað hundrað hagaðila sem má flokka í viðskiptavini, starfsfólk, samfélag, stjórnvöld og birgja. Samskipti Isavia við hagaðila fara fram, með fjölbreyttum hætti, í gegnum hefðbundnar leiðir fyrirspurna og erinda, á fundum, með markaðsrannsóknum sem fyrirtækið gerir eða í gegnum fjölmörg samstarfsverkefni Isavia og hagaðila þess.

Mikilvægisgreining ársskýrslunnar var upphaflega unnin út frá viðtölum við helstu hagaðila. Sú greining er endurskoðuð árlega. Fyrir útgáfu ársskýrslu ársins 2020 var byggt á grunni fyrri mikilvægisgreiningar ásamt niðurstöðum kannana meðal B2B viðskiptavina, áherslna úr samstarfsvettvangi við samfélagið á Suðurnesjum auk þess að draga saman þau helstu málefni sem aðrir hagaðilahópar Isavia hafa nálgast félagið með.

Í ár framkvæmdi Gallup könnun meðal innri – og ytri hagaðila á mikilvægi ákveðinna viðfangsefna sjálfbærni. Niðurstöðurnar voru bornar saman við niðurstöður fyrri ára og mikilvægi ákveðinna viðfangsefna breytt í samræmi við það.

Lögð er áhersla á þá þætti sem teljast mikilvægir fyrir Isavia og hagaðila félagsins í efnistökum skýrslunnar í samræmi við meginreglur skýrslugerðar, Reporting Principles GRI 101 Foundation standard.

**Um ársskýrslu**

Upplýsingarnar sem birtast í þessari ársskýrslu koma úr upplýsingakerfum félagsins og endurspegla þá þekkingu sem félagið hafði þegar skýrslan var rituð. Markmið með útgáfunni er að sýna gagnsæi og gefa betri mynd af starfsemi félagsins og áhrifum þess á samfélagið. Þannig leitast félagið við að varpa ljósi á þær áskoranir sem félagið stendur frammi fyrir hverju sinni og segja frá árangrinum sem náðst hefur. Isavia horfir til ISO26000 Leiðbeiningastaðals um samfélagsábyrgð og er vottað samkvæmt ISO14001 í umhverfisstjórnunarstaðlinum, og fylgir þeim sjálfbærnivinnu sinni. Með ársskýrslu veitir Isavia einnig upplýsingar um starfsemi sína samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq.



## Mikilvægustu þættir




Við ritun og upplýsingaöflunar ársskýrslu kemur fjöldi starfsfólks víðsvegar að úr fyrirtækinu. Með útgáfu skýrslunnar er ekki gefið í skyn að félagið þekki til fulls áhrif sín á samfélagið, né heldur að samfélagsábyrgð hafi verið að fullu innleidd hjá Isavia.

Upplýsingar í skýrslunni eiga við Isavia ohf. og dótturfélög þess sem koma fyrir í samstæðuskilum nema annað sé tekið fram. Upplýsingar í umhverfiskafla skýrslunnar eiga einungis við um Isavia ohf, Isavia ANS ehf., Isavia Innanlands ehf. og Fríhöfnina ehf. Upplýsingar í skýrslunni eiga við almanaksárið 2021.

Í samanburðartölum í kaflanum Loftslagsmál hafa tölur ársins 2020 verið uppfærðar frá fyrri útgáfu. Tölur um raforkunotkun og notkun á heitu vatni voru að einhverju leyti byggðar á áætlunum og uppfærslan núna endurspeglar því raunnotkun sem reyndist meiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Kolefnislosun vegna raforkunotkunar jókst því lítillega frá því sem uppgefið var í fyrri skýrslu.

Óháður ráðgjafi Ábyrgra lausna ehf. var fenginn til að rýna GRI tilvísunartöflu skýrslunnar og tryggja gæði upplýsinga. Ársreikningur félagsins var endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Við útgáfuna hefur verið horft til þess að bæta framsetningu efnis og mæta þörfum mismunandi lesendahópa. Isavia fagnar öllum ábendingum um efni og gerð skýrslunnar og hvetur lesendur að senda ábendingar í gegnum sustainability@isavia.is, enda eru stöðugar umbætur órjúfanlegur hluti starfseminnar.

# Markmið og úrbætur




**Markmið 2021 og árangur**

Isavia vann áfram í átt að þeim markmiðum sem sett voru fram í samfélagslegri ábyrgð árið 2020. Við val á markmiðum og úrbótaverkefnum þeim tengdum var horft til stefnu og eðlis fyrirtækisins, ábendinga ytri hagaðila, Heimsmarkmiðanna og áherslna stjórnvalda þeim tengdum. Einnig var horft til úrbótatækifæra út frá GRI þáttunum, skuldbindingum félagsins við meginreglur UN Global Compact og hvatningaverkefni sem félagið er aðili að. Auk þess sem ACI, alþjóðasamtök flugvalla hafa gefið út leiðbeiningar um sjálfbærnivegferð fyrir flugvelli sem horft var til.

Markmiðin voru unnin þannig að teymi fulltrúa starfsfólks frá öllum sviðum fyrirtækisins komu með tillögur inn í markmiðssetninguna út frá starfsemi sinna sviða. Tillögur teymisins voru lagðar fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn til samþykktar og í framhaldinu fyrir stjórn til kynningar.

Markmiðin tengdust átta af Heimsmarkmiðunum sautján. Þau féllu undir Heimsmarkmið 5, 7, 8, 9, 11, 12, 13 og 17.

**Markmið 2022 og aðgerðaáætlun**

Á árinu 2021 voru stefna í samfélagsábyrgð og umhverfisstefna félagsins sameinaðar í eina sjálfbærnistefnu um leið og skerpt var á ákvæðum um loftslagsmál. Um leið var sett aðgerðaáætlun til fimm ára og markmið og mælikvarðar í sjálfbærni uppfærð í samræmi. Stefnan og aðgerðaáætlun var samþykkt af framkvæmdastjórn í lok árs 2021. Aðgerðaáætlun félagsins gildir frá 2022-2026. Hana má finna á heimasíðu Isavia.

Ákvarðanir um daglegan rekstur Isavia, þ.m.t. málefni sem tengjast sjálfbærni, er í höndum forstjóra og framkvæmdastjórnar félagsins. Stjórn Isavia fylgist með málefnum tengdum málaflokknum með reglulegum kynningum.



- **Stöðugt unnið að fækkun slysa á vinnustöðum Isavia.**
  Tilkynntum vinnuslysum fækkaði milli ára úr 39 í 31 og þar af voru alvarleg slys (fjarveruslys) fjögur sem er sami fjöldi og árið 2020.

- **Jafna hlutfall kynjanna í stjórnendastörfum fyrir árið 2025.**
  Hlutfall karla fyrir stjórnendaþrep eitt er 37% á móti 63% kvenna, stjórnendaþrep tvö 55% á móti 45% og stjórnendaþrep þrjú 69% á móti 31%.

- **Meta áhrif loftslagsbreytinga á innviði Keflavíkurflugvallar.**
  Greining á áhrifum loftslagsbreytinga er hafin.

- **Efla skilvirt eftirlit með innkaupum Isavia.**
  Vísað er í siðareglur og samfélagsábyrgð í öllum útboðs- og samningsgögnum félagsins auk þess sem unnið er að því að fá alla skráða birgja félagsins til að skrifa undir siðareglur birgja Isavia. Tæp 60% þeirra hafa skrifað undir.

- **Hlutfall flokkaðs úrgangs verði 40% árið 2020, 55% árið 2025 og 70% árið 2030.**
  Hlutfall flokkaðs úrgangs var 37% árið 2021. Hlutfallið fór úr 41% í 37% á milli ára þar sem úrgangur úr olíu – og sandskiljum fyrir tvö ár kom inn í tölurnar árið 2021.

- **Losun gróðurhúsalofttegunda hafi minnkað um 40% árið 2020, 50% árið 2025 og 60% árið 2030 frá 2015.**
  Í lok árs 2021 hafði losun frá Isavia samstæðunni minnkað um 39% frá árinu 2015. Hlutfallið var 34% árið 2020 en árangurinn 2021 má rekja til minni eldsneytisnotkunar á Keflavíkurflugvelli.

- **Markviss og samræmd samskipti við ytri hagaðila fyrirtækisins.**
  Unnið er formlega að samvinnuverkefnum í sjálfbærni með sveitarfélögunum fjórum á Suðurnesjum, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einnig er unnið innan formlegs samstarfsvettvangs með hagaðilum á Keflavíkurflugvelli að sameiginlegum málefnum í átt að aukinni sjálfbærni.

- **Efla vitund á mikilvægi sjálfbærni hjá fyrirtækinu.**
  Stjórn og stjórnendur fengu kynningu á sjálfbærnistefnu félagsins. Allt starfsfólk og stjórnendur fengu þjálfun í umhverfismálum.

- **Vinna markvisst að góðu ferðalagi viðskiptavina á Keflavíkurflugvelli í samstarfi við hagaðila.**
  Þetta markmið fór út sem sérstakt markmið undir sjálfbærni.

Ítarlegri upplýsingar um markmiðin og tengingu þeirra við stefnu Isavia, heimsmarkmiðin, GRI og UN Global Compact má finna á heimasíðu Isavia.





Fyrirtækið

# Sjálfbærni

Efnahagur

# Sjálfbærni

**Sjálfbærnistefna**

Í Sjálfbærnistefnu Isavia er sjálfbærni höfð að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir. Hún er ein af stuðningsstefnum félagsins og er sjálfbærni einnig ein af sjö stefnuáherslum í stefnu Isavia. Stefnan, markmiðin, mælikvarðarnir og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir styðja við það að félagið nái árangri í sjálfbærni.

Sjálfbærnistefnan leysir af hólmi eldri stefnur félagsins í umhverfismálum og samfélagsábyrgð ásamt því að mæta kröfum í lögum um loftslagsmál þar sem félögum í meirihluta eigu ríkisins er skylt að setja sér loftslagsstefnu með skilgreindum markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, kolefnisjöfnun ásamt aðgerðaáætlun svo þeim markmiðum verði náð.

Sjálfbærnistefnan lýsir jafnvæginu milli umhverfis, samfélags og efnahags. Sjálfbærniferningurinn skiptist upp í fjóra þætti sem skipta mestu máli fyrir Isavia að leggja áherslu á miðað við heildarstefnuna og þá starfsemi sem félagið er í. Umhverfisþættinum var skipt í tvennt til að draga loftslagsmálin sérstaklega fram þar sem minnkun kolefnisspors þarf sérstaka athygli.




Á árinu setti félagið það að markmiði að Keflavíkurflugvöllur væri orðinn kolefnalaus árið 2030. Í framhaldinu var unnið með stjórnendum að metnaðarfullri aðgerðaáætlun til næstu ára. Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar um Sjálfbærnistefnu Isavia ásamt aðgerðaáætlun á heimasíðu Isavia.

**Umhverfið**

Líkt og flest önnur fyrirtæki hefur Isavia glímt við mikinn samdrátt síðastliðin tvö ár. Félagið hefur samt sem áður haldið ótrautt áfram við að vinna að umbótum í umhverfismálum.

Undir lok ársins hlaut Isavia ohf. vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu gagnvart ISO14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum. Hluti af innleiðingu stjórnunarkerfisins fólst í því að greina mikilvæga umhverfisþætti í starfseminni , koma upp vöktunaráætlun, meta umhverfisáhættu og fræða starfsfólk um stefnu, staðalinn og aðrar umhverfisáherslur. Flugfjarskipti í Gufunesi, eining hjá Isavia ANS, hefur verið með ISO14001 vottun frá árinu 2018.

Minniháttar olíuóhöpp eiga sér reglulega stað á Keflavíkurflugvelli. Þar er um að ræða leka, t.d. við áfyllingu flugvéla, á malbik eða steypu sem hreinsaðir eru upp af flugvallaþjónustu eftir ákveðnum verkferlum.

Á síðasta ári varð eitt stórt mengunaróhapp á Keflavíkurflugvelli. Lítil flugvél missti afl og neyddist til að brotlenda rétt eftir flugtak. Með því fóru tæplega 750 lítrar af flugvélaeldsneyti í jarðveg á flugvellinum. Eftir að hafa tryggt öryggi flugmanns og annarra hreinsaði sérþjálfað starfsfólk flugvallaþjónustu upp þann jarðveg sem varð fyrir menguninni og kom honum í réttan hreinsunarfarveg.

Engir úrskurðir hafa fallið þar sem félagið hefur verið talið brjóta gegn umhverfisverndarlögum.





# Loftslagsmál

### Bein orkunotkun

Starfsemi Isavia er orkufrek og er veigamesti þátturinn þar eldsneytisnotkun. Fylgst er vel með þeirri notkun og unnið úr því að draga úr þar sem hægt er. Með nýrri sjálfbærnisstefnu Isavia voru sett fram ný markmið í loftslagsmálum og aðgerðaráætlun sem gildir út árið 2030. Isavia ohf. ætlar sér að verða kolefnislaust árið 2030, meðal annars með orkuskiptum í bifreiðum og tækjaflota á Keflavíkurflugvelli.

Á síðasta ári héldu tilraunir á íblöndun repjuolíu á tæki á Keflavíkurflugvelli áfram og gengu vel þó að því miður hafi ekki náðst að nýta jafnmikið af repjunni og vonir stóðu til.

Eldsneytisnotkunin er að langstærstum hluta vegna þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna. Umfang hennar er því mun háðari veðri heldur en farþegafjölda. Notkunin getur því verið mjög sveiflukennd milli ára, allt eftir því hvernig veturinn spilast veðurlega séð.

Eldsneytisnotkun Isavia dróst töluvert saman frá því á síðasta ári þrátt fyrir hærri farþegatölur og fleiri flughreyfingar. Það skýrist af því að þetta árið var mun snjóléttara en árið á undan. Við snjóhreinsun voru unnar 2.872 vélastundir árið 2021 sem er tæplega tvö þúsund stundum minna en árið á undan þrátt fyrir mun minni umsvif það árið vegna heimsfaraldurs. Snjómagn á Keflavíkurflugvelli var þriðjungi minna á milli ára og alhvítir dagar voru mun færri.

### Óbein orkunotkun

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar tengist raforku og heitu vatni.

Raforkunotkun Isavia á síðasta ári var aðeins minni en árið á undan. Það skýrist af því að árið 2020 var starfsemin verulega skert vegna Covid faraldursins. Tölur fyrri ára hafa verið uppfærðar m.t.t. raunnotkunar á nokkrum mælum í stað áætlunar.

Á næstu árum er viðbúið að raforkunotkun muni aukast, bæði vegna stækkana á Keflavíkurflugvelli sem og orkuútskipta.

Notkun Isavia á heitu vatni dróst saman úr 653.032 rúmmetrum frá árinu 2020 niður í 515.785 rúmmetra árið 2021. Heildarnotkun samsvarar notkun um það bil 610 150m2 heimila.






BEIN ORKUNOTKUN OG MINNKUN Á ORKUNOTKUN

| Lítrar | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bensín | 45.665 | 47.131 | 40.769 | 39.964 | 37.400 | 26.962 | 34.358 |
| Dísil | 751.722 | 714.574 | 819.696 | 893.326 | 853.682 | 759.292 | 483.013 |
| Flugbensín | - | - | 62.468 | 77.520 | 78.131 | 66.676 | 62.337 |
| **Lítrar á hvern farþega** | **0,148** | **0,106** | **0,096** | **0,095** | **0,114** | **0,501** | **0,212** |

ÁRLEG RAFORKUNOTKUN

| kWh | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Raforkunotkun | 22.843.018 | 29.421.110 | 27.602.681 | 26.971.297 | 23.031.243 | 23.275.863 |








# Losun gróðurhúsa-lofttegunda

**Kolefnisspor Isavia**

Isavia hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni og sýna þannig ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu. Hjá Isavia er umfang þess langmest á Keflavíkurflugvelli og er skilgreind eftir þremur uppsprettum: Í fyrsta lagi frá starfsemi Isavia, í öðru lagi frá aðkeyptri raforku og hita, og í þriðja lagi frá losun annarra aðila tengdum starfsemi Isavia. Isavia er aðili að NetZero skuldbindingu á vegum ACI Europe. Isavia ohf. ætlar að verða kolefnislaust árið 2030. Í því samhengi lét Isavia vinna orkuskiptaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll og er undirbúningsvinna henni til framfylgdar farin vel af stað. Á heimasíðu Isavia má finna umfjöllun um loftslagsmál og þar má finna gangvirka mynd sem sýnir vel uppsprettur kolefnislosunar á flugvellinum.

Airport Carbon Accreditation (ACA) er kolefnisvottunarkerfi á vegum alþjóðasamtaka flugvalla (ACI), sérsniðin að rekstri flugvalla og skiptist í sex stig. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í verkefninu og stefnt er að því að ljúka skrefi þrjú plús (fjórða stig) árið 2022.. Þar er gerð krafa um víðtækt samráð við helstu hag-ðila flugvallarins og kortlagningu heildar kolefnisspors flugvallarins.

Frá árinu 2018 hefur Isavia kolefnisjafnað alla beina losun í starfseminni. Í ár kolefnisjafnar Isavia alla kolefnislosun sem tengist beint starfsemi samstæðunnar, þ.e. vegna eldsneytisnotkunar, raforkunotkunar, notkunar á heitu vatni, ferðalaga starfsfólks og meðhöndlunar sorps. Ákveðið var að notast við Gold Standard vottaðar kolefniseiningar sem uppfylla kröfur ACA. Þau verkefni sem urðu fyrir valinu eru meðal annars að tryggja aðgang að hreinu vatni í Laos.

**Bein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun – umfang 1**

Beina losun gróðurhúsalofttegunda má rekja til eldsneytisnotkunar Isavia og var hún 1489 t CO2e árið 2021. Beina losunin er minni en síðasta ár þrátt fyrir fleiri flughreyfingar og farþega. Langstærsti hluti kolefnisspors Isavia er tengdur notkun á þeim stóru tækjum sem þjónusta flugbrautir, hlöð og akbrautir. Því er þessi losun háðari veðuraðstæðum heldur en umferð um völlinn. Árið 2020 var mun snjóþyngra en 2021 sem skýrir þennan mun á losun milli ára. Ein helsta áskorun Isavia er að finna lausnir á því hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sérhæfðum tækjum flugvallarins. Í aðgerðaáætlun Isavia ohf. til ársins 2030 er sett fram ítarleg útskiptiáætlun á öllum tækjum og búnaði sem gengur fyrir jarðefnaeldsneyti.

**Óbein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun – umfang 2**

Öll raforka sem Isavia kaupir er frá endurnýjanlegum auðlindum og laus við álögur vegna sölu upprunaábyrgða. Óbein losun Isavia í gegnum raforkunotkun árið 2021 voru 242 t CO2.



BEIN LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA – UMFANG 1

| Losun vegna orkunoktunar CO2 tonn | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Isavia samstæðan | 2.146 | 2.458 | 2.497 | 2.513 | 2.194 | 1.495 |
| Isavia ohf. | - | - | - | - | 1.460 | 751 |
| Isavia innanlands | - | - | - | - | 469 | 512 |
| Isavia ANS | - | - | - | - | 239 | 212 |
| Fríhöfnin | - | - | - | - | 26 | 20 |

**Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum orkunotkun – umfang 3**

Til losunar í umfangi 3, óbeinnar losunar í starfseminni, eru meðal annars meðhöndlun sorps og ferðir starfsfólks. Losun við urðun og brennslu á sorpi Isavia árið 2021 voru 122 t CO2.

Bein losun á hvern farþega lækkaði á milli áranna 2020 og 2021. Endanlegt markmið Isavia er þó að draga úr heildarlosun, óháð farþegafjölda eða fjölda flughreyfinga. Bein losun GHL vegna eldsneytisnotkunar minnkaði um 32 % á milli 2020 og 2021.




MINNKUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

| tCO2e | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Losun GHL v/ rafmagns | 206 | 338 | 255 | 242 | 244 |
| Losun GHL v/ eldsneytis | 2.458 | 2.694 | 2.346 | 2.194 | 1.495 |
| Losun GHL v/ afísingarefna | - | - | - | - | 114 |
| Losun GHL v/ úrgangs | 59 | 66 | 94 | 86 | 122 |
| Losun GHL v/ viðskiptaferða | - | - | - | - | 77 |
| Kolefnisjöfnun | 0 | 2.694 | 2.310 | 2.194 | 2.053 |
| **Heildarlosun GHL** | **2.723** | **3.098** | **2.695** | **2.522** | **2.053** |
| Heildarlosun með kolefnisjöfnun | 2.723 | 404 | 265 | 328 | ≈0 |
| Losun í kg. per farþega | 0,37 | 0,29 | 0,34 | 1,48 | 0,75 |
| Losun í kg. per flughreyfingu | 14,0 | 16,0 | 15,6 | 24,3 | 14,8 |

**Borealis Alliance Free Route Airspace**

Isavia er aðili að Borealis Alliance sem eru samtök níu flugleiðsöguveitenda (ANSP) í Norður-Evrópu. Þar er unnið að Free Route Airspace verkefni sem á að leiða af sér hagkvæmari flugleiðir og flughæðir með það að markmiði að minnka eldsneytisnotkun sem þá lækkar kostnað og minnkar mengun. Á Íslandi geta flugrekendur nú áætlað og flogið beina flugleggi milli Keflavíkurflugvallar og til flugvalla í Noregi og Skotlandi, sem eru næstu flugstjórnarsvæðin í suðaustri við það íslenska.

Áhrif flughæðar á eldsneytisnotkun flugvélar eru talsverð. Isavia ANS hefur verið að þróa nokkra umhverfis-frammistöðumælikvarða og meðal annars einn sem er notaður í frammistöðuáætlun Samgöngustofu fyrir Ísland sem gildir frá 2020 til 2024. Þessi tiltekni frammistöðumælikvarði rekur prósentuhlutfall þeirra flugvéla sem fá umbeðna flughæð. Það er mjög mikilvægt fyrir flugrekendur að fá kjörflughæð fyrir sínar vélar þar sem að slíkt lágmarkar eldsneytisbrennslu og kemur þar af leiðandi í veg fyrir óþarfa aukningu á útblæstri. Rannsóknir hafa sýnt fram á að 1.000 feta frávik frá kjörflughæð breiðþotu getur valdið 1% aukningu á eldsneytisnotkun á klukkustund og samsamast þá hátt þjónustustig í þessum málaflokki í minni útblæstri innan íslenska flugstjórnarsvæðisins.

Meðfylgjandi rit sýnir prósentuhlutfall veittra flughæðabeiðna innan íslenska flugstjórnarsvæðisins sem veitt eru í gegnum CPDLC (Controller-Pilot Datalink Communications). Hátt þjónustustig hjá flugleiðsöguveitendum er því mjög mikilvægt hvað útblástur varðar og ein stærsta aðgerð sem flugleiðsöguveitendur geta framkvæmt til þess að sporna gegn óþarfa aukningu á gróðurhúsaloftegundum er að veita flugrekendum umbeðna flughæð.

SAMÞYKKTAR FLUGHÆÐABEIÐNIR






# Auðlindanýting

HLUTFALL FLOKKAÐS SORPS Á HVERN FARÞEGA

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkað per farþega | 0,027 kg | 0,040 kg | 0,045 kg | 0,075 kg | 0,140 kg | 0,110 kg |
| | 14% | 20% | 27% | 41% | 41% | 39% |
| Óflokkað per farþega | 0,160 kg | 0,160 kg | 0,123 kg | 0,107 kg | 0,202 kg | 0,170 kg |
| | 86% | 80% | 73% | 59% | 59% | 61% |
| **Samtals per farþega** | 0,187 kg | 0,200 kg | 0,168 kg | 0,182 kg | 0,342 kg | 0,280 kg |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |

**Endurvinnsluhlutfall og sorpmagn**

Hlutfall flokkaðs sorps voru tæp 39% á árinu en markmið ársins 2022 er 45%. Hlutfall flokkaðs sorps á hvern farþega fór niður á milli ára. Hægt er að rekja það til þess að sandskiljur á Keflavíkurflugvelli voru tæmdar á árinu, en höfðu ekki verið tæmdar 2020. Einnig var töluvert um viðhaldsframkvæmdir, hreinsun á skolphreinsistöð o.fl. sem ekki telst til hefðbundins rekstrarúrgangs.

**Aðgerðir í endurvinnslumálum**

Haustið 2021 hlaut Isavia ISO 14001 umhverfisvottun og í þeim staðli eru helstu umhverfisþættir fyrirtækisins vaktaðir og mældir. Sorp er einn þessara umhverfisþátta sem eru vaktaðir og fylgst með. Samhliða ISO14001 umhverfisvöktuninni eru allar starfstöðvar Isavia í innleiðingu Grænna skrefa.

Snjallar úrgangslausnir verða innleiddar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar verður unnið eftir PAYT módelinu (Pay As You Throw) þar sem notendur greiða fyrir það magn sem þeir henda. Með nýsamþykktri sjálfbærnistefnu er áhersla lögð á hringrásahagkerfið og því er eitt af markmiðunum þar að koma ákveðnum úrgangsflokkum sem falla til frá starfseminni, í strauma hringrásahagkerfisins. Annað markmið í aðgerðaráætlun Isavia er að draga úr matarsóun og í nýju mötuneyti starfsfólks Isavia á Keflavíkurflugvelli verður matarsóun mæld.

Óflokkað sorp frá Isavia ohf. og dótturfélögum fer að mestu leyti til brennslu í Kölku eða urðun en það fer eftir landsvæðum starfsstöðva. Umhverfisáhrif óflokkaðs sorps eru töluverð og því er kapp lagt á að draga úr myndun þess og vonir bundnar við að með tilkomu snjallra úrgangslausna náist betri árangur í að draga úr myndun almenns sorps.

MAGN AFÍSINGAREFNA Á FLUGVÖLLUM

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| S-Solid í tonnum | 27 | 58 | 123 | 129 | 107 | 77 |
| L50 í lítrum | 54.300 | 79.959 | 216.000 | 438.000 | 219.000 | 188.781 |






Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á Keflavíkurflugvelli og í tengslum við þær átti mikill uppgröftur sér stað við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu. Fyrirfram var ljóst að þar væri jarðvegsmengun frá fyrri tíð og gerðar voru ráðstafanir til þess að ná utan um þá mengun. Nú eru u.þ.b. 4-500m3 af menguðum jarðvegi í meðhöndlun inn á flugvallasvæði Isavia í samráði við ráðgjafa og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Við sömu framkvæmdir komu upp gömul flugvélaflök, hluti af þeim fór á safn, hluti í viðeigandi endurvinnslu og förgunarfarveg og hluti bíður meðhöndlunar.

**Vatn**

Mikilvægt er að varðveita ferskleika og hreinleika grunnvatns í nærumhverfinu. Á Keflavíkurflugvelli hefur Verkís haft yfirumsjón með grunnvatnsrannsóknum síðan 2017. Enn mælast óæskileg efni en þó í lágum styrk. Þau má rekja til starfsemi þriðja aðila á árum áður og að litlu leyti til afísingaefna sem notuð eru á flugvélar á hlaði Keflavíkurflugvallar. Isavia mun halda áfram mælingum og vöktun á gæði grunnvatns á svæði Keflavíkurflugvallar.

Isavia hefur ekki endurnýtt eða endurunnið vatn af flugvallasvæðum og sækir vatn sitt í veitur hvers staðar fyrir sig. Isavia rekur dælu – og hreinsistöð fyrir fráveitu Keflavíkurflugvallar en að öðru leyti nýtir Isavia sér fráveitukerfi þeirra sveitarfélaga sem hver starfsstöð er í og er viðtakinn í öllum tilfellum sjór, en mismunandi er hversu mikil hreinsun er á fráveituvatninu. Olíuskiljur og settjarnir taka við bróðurparti þeirra mengandi efna í ofanvatninu sem að öðrum kosti myndu enda í fráveitunni.

**Efnanotkun**

Á Keflavíkurflugvelli eru notuð afísingarkorn og afísingarvökvi á flugbrautir og flughlöð til að koma í veg fyrir hættu vegna hálku. Efnin eru vottuð með umhverfismerkjunum Bláa englinum og Svaninum, eru lífbrjótanleg og hafa lítil eitrunaráhrif á vatnsbúskap. Á innanlandsvöllum er nánast eingöngu notaður sandur en á Akureyrarflugvelli voru notaðir u.þ.b. 5 þúsund lítrar af afísingavökva.

Notkun afísingaefna dróst saman á milli ára. Það má að langmestu leyti rekja til veðurfars því þetta árið þurfti mun minna að sinna vetrarþjónustu en árin á undan. Við snjóhreinsun voru unnar 2.872 vélastundir árið 2021 sem þriðjungi minna en árið á undan.

# Lífsgæði




**Loftgæði**

Isavia vaktar styrk SO2 og NO2 á og í kringum Keflavíkurflugvöll með þremur loftgæðamælum. Mælingar í rauntíma má nálgast á vefnum loftgaedi.is

Vegna eldgossins í Fagradalsfjalli á árinu voru loftgæði á Reykjanesinu ekki alltaf góð. Til þess að vakta þau betur keypti Isavia fleiri loftgæðamæla og lét setja upp í Garði og Sandgerði í samstarfi við Suðurnesjabæ og Umhverfisstofnun. Með þeim geta íbúar fylgst vel með loftgæðum sínum.

Loftgæðaspár fyrir allt að 14,5 miljónir farþega á Keflavíkurflugvelli hafa verið gerðar og í þeim er styrkur brennisteinsdísoxíðs og níturoxíða undir viðmiðunarmörkum.

**Hljóðvist**

Hljóðmælingar á Keflavíkurflugvelli eru í stöðugri vöktun og passað er upp á að reglum flugvallarins, um brautarnotkun og flugferla yfir íbúabyggð, sé framfylgt.

Á síðustu árum hefur Isavia unnið að nokkrum mótvægisaðgerðum vegna þess ónæðis sem íbúar í nærumhverfi Keflavíkurflugvallar verða fyrir vegna flughreyfinga. Meðal annars voru innleiddir nýir flugferlar og skipulagi við notkun flugbrauta breytt. Þessu skipulagi er framfylgt eins mikið og hægt er að teknu tilliti til öryggis- og umhverfisþátta, t.d. vinds eða brautarskilyrða. Þá var einnig sett upp hljóðmælingakerfi þar sem íbúar, hagaðilar og Isavia geta fylgst með flugi og hljóðmælingum í nærumhverfi sínu. Einnig er hægt að tilkynna ónæði vegna einstakra flughreyfinga í gegnum kerfið.

Samkvæmt hljóðkortlagningu verkfræðistofunnar Eflu á hljóðvist í kringum Keflavíkurflugvöll árið 2016 verður enginn íbúi fyrir yfir 65dB sólarhringshávaða af völdum flugumferðar en um 300 sem verða fyrir 60-64 dB sólarhringshávaða og 1300 sem verða fyrir 55-59 dB sólarhringshávaða. Þetta kort má sjá á vef Umhverfisstofnunar.

Á síðasta ári bárust 13 tilkynningar um hávaða og ónæði vegna flugumferðar á Keflavíkurflugvelli og tengdust þær að mestu leyti flugi yfir íbúabyggð eða herflugi.

Tilkynningar vegna ónæðis flughreyfinga á Reykjavíkurflugvelli voru 23 á árinu, einkum vegna uppkeyrslu véla og þyrluflugs. Auk þess voru tvær tilkynningar vegna ónæðis flugumferðar á lendingastöðum á Suðurlandi.

**Lífríki**

Innan flugvallasvæða hefur Isavia fylgst mjög vel með dýra- og fuglalífi og greint nánasta umhverfi þeirra. Svæðin eru verulega fjölbreytt hvað varðar gróðurfar og fæðuframboð og því er ásókn villtra dýra og fugla mjög mismunandi á hverjum stað fyrir sig. Mikilvægur hluti af rekstri flugvalla eru aðgerðir sem minnka líkur á árekstri dýrs og flugvélar. Aðferðir til fælinga dýra og fugla frá flugbrautum eru fjölbreyttar, m.a. búsvæðastjórnun.

Mikil vinna fer í það hjá starfsfólki Isavia að fylgjast með atferli dýra við flugvellina og skrá niður fjölda dýra, tegundir þeirra og árekstra við flugvélar. Mikil þekking varðandi þetta hefur því skapast hjá því starfsfólki sem þessu sinnir.

Á síðasta ári voru 12 árekstrar fugla við flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Á flugvöllum innanlands voru þeir sjö talsins.





HEILDARFJÖLDI ÁREKSTRA FUGLA VIÐ FLUGVÉLAR ÁRIÐ 2021

| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi flughreyfinga | 193.070 | 173.176 | 103.920 | 138.552 |
| Fjöldi árekstra við fugla | 35 | 23 | 9 | 19 |
| **Árekstrar fugla á hverja 10 þ. flughreyfingar** | **1,81** | **1,25** | **0,87** | **1,37** |

### Dýrategundir

Þær tegundir dýra sem sáust á flugvallasvæði Isavia á síðasta ári eru hér flokkaðar eftir válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Einnig er gerð grein fyrir lagalegri stöðu þeirra hér á landi ásamt flokkun á válista alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN.

| Tegund | Fræðiheiti | Ísland | Lagaleg staða | Heimsválisti (IUCN) |
|---|---|---|---|---|
| Svartbakur | Larus Marinus | Í hættu (EN) | Ekki friðaður | Ekki í hættu (LC) |
| Kjói | Stercorarius Parasiticus | Í hættu (EN) | Friðaður nema við friðlýst æðavarp frá 15.04–14.07 | Ekki í hættu (LC) |
| Tjaldur | Haematopus Ostralegus | Í nokkurri hættu (VU) | Friðaður | Í yfirvofandi hættu (NT) |
| Æður | Somateria Mollissima | Í nokkurri hættu (VU) | Friðuð | Í yfirvofandi hættu (NT) |
| Hrafn | Corvus Corax | Í nokkurri hættu (VU) | Ekki friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Kría | Sterna Paradisaea | Í nokkurri hættu (VU) | Friðuð | Ekki i hættu (LC) |
| Fálki | Falco Rusticolus | Í nokkurri hættu (VU) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Stelkur | Tringa Totanus | Í yfirvofandi hættu (NT) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Rjúpa | Lagopus Muta | Í yfirvofandi hættu (NT) | Friðuð nema nokkra daga að hausti eftir reglugerð | Ekki i hættu (LC) |
| Álft | Cygnus Cygnus | Ekki i hættu (LC) | Friðuð | Ekki i hættu (LC) |
| Stokkönd | Anas Platyrhynchos | Ekki í hættu (LC | Friðuð nema á tímabilinu 01.09 – 15.03 | Ekki í hættu (LC) |
| Grágæs | Anser Anser | Ekki i hættu (LC) | Friðuð nema á tímabilinu 20.08 – 15.03 | Ekki í hættu (LC) |
| Heiðargæs | Anser Brachyrhynchus | Ekki i hættu (LC) | Friðuð nema á tímabilinu 20.08 – 15.03 | Ekki i hættu (LC) |
| Heiðlóa | Pluvialis Apricaria | Ekki i hættu (LC) | Friðuð | Ekki i hættu (LC) |
| Hettumáfur | Larus Ridibundus | Ekki i hættu (LC) | Friðaður nema frá 01.09 – 15.03 | Ekki i hættu (LC) |
| Melrakki | Vulpes Lagopus | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Skógarþröstur | Turdus Iliacus | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Hrossagaukur | Gallinago Gallinago | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Spói | Numenius Phaeopus | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Sandlóa | Charadrius Hiaticula | Ekki i hættu (LC) | Friðuð | Ekki i hættu (LC) |
| Stari | Sturnus Vulgaris | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Helsingi | Branta Leucopsis | Ekki i hættu (LC) | Friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Sílamáfur | Larus Fuscus | Gögn vantar (DD) | Ekki friðaður | Ekki i hættu (LC) |
| Kanína | Oryctolagus Cuniculus | Á ekki við (NA) | Ekki friðuð | Gögn vantar (DD) |
| Minkur | Mustela Vision | Á ekki við (NA) | Ekki friðaður | Ekki i hættu (LC) |



# Hagaðilar




**Hagaðilasamtal**

Isavia leggur áherslu á víðtækt samráð við þá hagaðila sem treysta á þjónustu fyrirtækisins og verða fyrir áhrifum af starfseminni. Starfseminnar gætir um allt land og snertir alla landsmenn. Isavia hefur greint á annað hundrað hagaðila sem má flokka í fimm hagaðilahópa: viðskiptavinir, starfsfólk, samfélag, stjórnvöld og birgjar.

Til að kanna meðal hagaðila hvaða málefni og viðfangsefni eru þeim mikilvægust í samfélagsábyrgð félagsins hefur félagið látið framkvæma viðtöl og rannsóknir á liðnum árum. Í ár var send út rafræn könnun til innri – og ytri hagaðila þar sem þeir voru beðnir um að forgangsraða viðfangsefnum sjálfbærni eftir mikilvægi.

Starfsemi Keflavíkurflugvallar er fjölbreytt og á Isavia gott samstarf við hina fjölmörgu hagaðila sem þar starfa á ýmsum sviðum flugrekstrar. Helstu viðskiptavinir félagsins eru flugrekendur sem nýta flugvelli og flugstjórnarsvæði, rekstraraðilar á flugvöllum svo sem flugþjónustuaðilar, verslanir, veitingastaðir, bílaleigur og hópflutningafyrirtæki, og síðast en ekki síst flugfarþegar. Samskipti við notendur og rekstraraðila fara fyrst og fremst fram á reglulegum fundum. Samskipti við farþega eiga sér stað með beinum samskiptum starfsfólks félagsins á flugvöllunum, hefðbundnum samskiptaleiðum og með reglubundnum viðskiptavinakönnunum. Það er sérstaklega lögð áhersla á að vinna náið með flugafgreiðsluaðilum og flugfélögum að sjálfbærnimálum á flugvellinum og með rekstraraðilum veitingastaða og verslana í flugstöðinni til að ná sameiginlega utan um málaflokkinn.

Starfsfólk Isavia og dótturfélaga er fjölbreyttur hópur sem starfar á starfsstöðvum um land allt. Samskipti við og milli starfsfólks fara fyrst og fremst fram á innri vef félagsins, starfsmannafundum forstjóra, framkvæmdastjóra eða annarra stjórnenda sem og á viðburðum á vegum félagsins.





# Mannauður

Hjá Isavia starfar fjölbreyttur hópur fólks sem leggur sig fram við að skila vel unnu verki á hverjum degi. Félagið vinnur eftir mannauðsstefnu sem leggur áherslu á að stuðla að góðum starfsanda, almennri ánægju í starfi, góðri þjónustu við samstarfsfólk, farþega, flugfélög og aðra samstarfsaðila.

Samhliða aukningu á flugi á ný eftir tímabil heimsfaraldursins fór starfsfólki félagsins að fjölga aftur á árinu. Í árslok 2021 var fjöldi starfsfólks hjá Isavia og dótturfélögum 1153, sem skiptist þannig að 63% voru karlar og 37% voru konur. Meðalaldur starfsfólks var 42 ár og meðalstarfsaldur 8,6 ár.

Þrátt fyrir að Covid-19 faraldurinn hafi sett sinn svip á starfsemi Isavia á árinu má segja að starfsfólki og stjórnendum hafi tekist að halda í gleðina og litið á þær áskoranir sem fylgdi faraldrinum sem tækifæri fremur en ógn. Áfram ríktu miklar sóttvarnarkröfur og var grímuskyldu starfsfólks áfram viðhafið á farþegasvæðum og í návist farþega. Allar aðgerðir Isavia í sóttvörnum voru gerðar með öryggi starfsfólks að leiðarljósi, en það er markmið Isavia að leita allra leiða til að vernda starfsfólk gegn smitum og um leið vernda þannig starfsemi félagsins.

Stjórnendur og sérfræðingar sinntu starfi sínu að mestu í fjarvinnu framan af ári en með hækkandi sól og tilslökunum á sóttvarnaraðgerðum hóf fólk að mæta aftur á starfsstöðvar sínar. Starfsfólki stendur þó enn til boða að nýta sér kosti fjarvinnu í samráði við stjórnendur og hafa flestir nýtt sér þann sveigjanleika reglulega.

Í stjórnendaþjálfun var lögð áhersla á teymisvinnu, jafningjastjórnun og það að taka á málunum á uppbyggilegan og skýran hátt.

Mannauðsstjóri var ráðin til Isavia ANS, sem mun bera ábyrgð á mannauðsmálum þess félags og mun vinna náið með öðrum mannauðsstjórum samstæðunnar að uppbyggingu og þróun mannauðsmála.





## HEILDARFJÖLDI STARFSFÓLKS

| | Konur | % | Karlar | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi | 431 | 37% | 722 | 63% | 1.153 | 100% |
| Þar af í fullu starfi | 319 | 28% | 654 | 57% | 973 | 84% |
| Þar af í hlutastarfi | 112 | 10% | 68 | 6% | 180 | 16% |
| Tímabundin ráðning | 23 | 2% | 26 | 2% | 49 | 4% |
| Fast ráðning | 408 | 35% | 696 | 60% | 1.104 | 96% |

## ALDURSDREIFING ALLS STARFSFÓLKS

| | Konur | % | Karlar | % | Samtals | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Undir 30 ára | 98 | 8% | 132 | 11% | 230 | 20% |
| 30–50 ára | 213 | 18% | 360 | 31% | 573 | 50% |
| Yfir 50 ára | 120 | 10% | 230 | 20% | 350 | 30% |

## FJÖLDI STJÓRNENDA EFTIR KYNI OG HLUTFALL AF ÖLLU STARFSFÓLKI

| | Fjöldi | Hlutfall af öllu starfsfólki |
|---|---|---|
| Konur | 55 | 5% |
| Karlar | 111 | 10% |
| **Samtals** | **166** | **15%** |

## ALDURSDREIFING STJÓRNENDA OG HLUTFALL Í HVERJUM HÓPI AF ÖLLUM STJÓRNENDUM




## KYNJAHLUTFALL Í STJÓRNUM ISAVIA SAMSTÆÐUNNAR: ISAVIA OHF., ISAVIA ANS, ISAVIA I, FRÍHÖFNIN



## MENNINGARSÁTTMÁLI ISAVIA
### LEIÐARLJÓS OKKAR Í HEGÐUN

Við sýnum hvort öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.

**Saman náum við árangri**



### Fyrirtækjamenning

Öll félög innan Isavia samstæðunnar hafa unnið að því á árinu að efla starfsumhverfið og vinnustaðamenninguna með það að leiðarljósi að byggja upp góðan vinnustað þar sem ríkir menning sem styður bæði við árangur félagsins en tryggir ekki síður öryggi og vellíðan fólks í starfi.

Móðurfélagið hóf á árinu samstarf við ráðgjafa fyrirtækisins Conscious Consulting sem sérhæfir sig í að aðstoða fyrirtæki við að ná árangri þegar kemur að breytingu á fyrirtækjamenningu. Vegferðin hefur fengið yfirskriftina „saman á nýrri vegferð“ þar er vísað til þess að breyting á menningu fyrirtækja er vegferð sem hefur hvorki upphaf né endi og mun standa yfir í nokkur ár. Vegferðin er einnig liður í því að innleiða uppfærða stefnu Isavia sem stjórn félagsins samþykkti í lok árs.

### Velferðarþjónusta

Isavia gerði þjónustusamning við fyrirtækið Heilsuvernd á árinu um að sinna allri velferðarþjónustu félagsins til næstu ára. Heilsuvernd mun annast trúnaðarlæknaþjónustu félagsins ásamt því að koma að reglulegum bólusetningum, heilsufarsmælingum og annarri þjónustu sem snýr að velferðarmálum starfsfólks. Þá var þjónusta við starfsfólks stórbætt þegar kemur að sálfélagslegum þáttum en öllu starfsfólki samstæðunnar stendur nú til boða að sækja sér 5 tíma hjá sálfræðingum eða öðrum sérfræðilæknum Heilsuverndar sér að kostnaðarlausu. Isavia er annt um heilsu og öryggi starfsfólk og er samningurinn við Heilsuvernd og innleiðing á nýrri velferðarþjónustu liður í því að skapa öruggt og gott starfsumhverfi á öllum starfsstöðvum félagsins.

### Félagslegt umhverfi

Í lok árs samþykkti stjórn Isavia nýja og uppfærða viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis (EKKO). Áætlunin er sett á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Áætlunin nær til allra starfsstöðva Isavia og dótturfélaga og á jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og verktaka sem starfa á vegum félagsins eða á vegum annarra þjónustuaðila á starfsstöðvum Isavia.

Viðbragðsáætlunin byggir á þeirri stefnu Isavia að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni eða annarskonar ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið. Það er markmið félagsins að uppræta slíka hegðun með fyrirbyggjandi aðgerðum í formi fræðslu og með faglegum verkferlum.

Félagið leggur áherslu á að þegar mál koma upp sem varðar félagslegt umhverfi starfsfólks að öllum málsaðilum sé veittur stuðningu, t.d. í boði stuðningsviðtala á vinnustaðnum og/eða ráðgjafar hjá fagaðila.



Á árinu 2021 komu upp tvö mál sem vörðuðu stefnu og reglur félagsins um félagslegt umhverfi og sálfélagslega þætti. Unnið var úr þeim samkvæmt verklagi félagsins en báðum lauk með starfslokum.

### Ráðningar

Hjá Isavia eru viðhöf vönduð vinnubrögð í ráðningum og ávallt gætt hlutleysis. Við val á starfsfólki er horft til hæfni og reynslu en einnig til ríkjandi kynjahlutfalls í starfsmannahópum með það að markmiði að stuðla að fjölbreytileika mannauðs. Félagið nýtir fjölbreyttar aðferðir og gögn í ráðningarferli, allt eftir eðli og umfangi starfa.

Isavia leggur á að gera starfsfólki kleift að þróast í starfi með tilfærslum milli starfa og styðja við starfsþróun með flutningi milli starfa. Leitast er við að tryggja að starfsfólk fái þá viðbótarþjálfun sem nýtt starf krefst. Félagið hefur sett sér reglu um að auglýsa öll laus störf nema forstjóri gefi undanþágu fyrir öðru. Störf eru auglýst á innri- og/eða ytri vef félagsins, á alfreð.is og á samfélagsmiðlum.

Þegar að miklar breytingar standa fyrir dyrum býðst starfsfólki fræðsla til stuðnings í gegnum breytingarnar. Dæmi um slíkt var umfangsmikil umskiptaþjálfun við stofnun nýrrar samhæfingarstjórnstöðvar á Keflavíkurflugvelli í ár, sem krafðist aðkomu margra deilda og mikillar teymisvinnu. Þá fór allt starfsfólk deildanna á námskeið um breytingar, starfsánægju og teymisvinnu.

Starfsmannavelta á árinu 2021 var 22% og dregst verulega saman frá fyrra ári þegar félagið þurfti að draga saman í rekstri út af Covid-19. Margt af því starfsfólki sem lét af störfum árið 2020 sneri aftur til starfa hjá félaginu á árinu 2021.

Alls voru 428 einstaklingar ráðnir til starfa á árinu, þar af voru um 250 ráðin í sumarstörf. Konur voru 42% þeirra sem voru ráðin og karlar 58%. Meðalaldur nýráðinna var 33 ár. Hluti þeirra sem sinntu sumarstörfum sumarið 2021 var boðin föst störf hjá félaginu þegar sumarráðningu lauk.

### Starfslok

Starfslok starfsfólks hjá Isavia ber að með ólíkum hætti en félagið hefur einsett sér að standa vel að öllum starfslokum. Félagið leggur áherslu á að gera upplifun starfsfólks af starfslokum eins góð og kostur er. Þegar að starfsfólk fer að huga að starfslokum býðst þeim að sækja, ásamt maka sínum, námskeiðið Tímamót og tækifæri sem fjallar um þau umskipti sem verða þegar að starfsævinni lýkur. Vorið 2021 var slíkt námskeið haldi í samstarfi við fyrirtækið Auðnast. Alls sóttu um 20 einstaklingar, starfsfólk og makar námskeiðið.

Almennur starfslokaaldur hjá Isavia er 67 ára nema um annað sé samið í kjarasamningum.

### Vinnumarkaðurinn

Isavia leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við alla hagaðila vinnumarkaðarins. Félagið starfar á almennum markaði og fylgir kjarasamningum sem Samtök atvinnulífsins hafa gert fyrir hönd félagsins við fjölmörg stéttarfélög. Félagið er með sérstaka kjarasamninga við Landssamband slökkviliðsmanna (LSS), Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR), Sameyki (SFR) og Félag íslenskra flugumferðastjóra (FÍF). Haustið 2021 var undirritaður kjarasamningur við FÍF til tveggja ára.

Nær allt starfsfólk, eða 98% eru aðilar að stéttarfélögum og fylgja ákvæðum þeirra þegar kemur að réttindum og skyldum.

Uppsagnarfrestur starfsfólks fer eftir ákvæðum viðeigandi kjarasamnings og er ólíkur eftir starfsog lífaldri. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur og eru allar uppsagnir skriflegar eins og reglur kveða á um. Lágmarksstarfaldur hjá Isavia er 18 ár. Félagið fylgir alfarið þeim lögum og reglum sem gilda um vinnumarkaðinn hverju sinni.

FÆÐINGARORLOF

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi starfsfólks sem tók fæðingarorlof | 69 | 91 | 78 | 119 | 1.153 |
| Konur | - | - | - | 61 | 47 |
| Karlar | - | - | - | 58 | 57 |
| Heildarfjöldi starfsfólks sem sneri til baka úr fæðingarorlofi | 61 | 74 | 50 | 91 | - |

**Jafnrétti**

Isavia stuðlar að jafnrétti í öllu sínu starfi og tryggir að allt starfsfólk fái jöfn tækifæri og möguleika á að nýta hæfileika sína í starfi. Félagið leggur áherslu á að tryggja jafnt kynjahlutfall bæði í hópi stjórnenda og starfsfólks. Isavia leggur áherslu á að á starfsstöðvum þess ríki jafnrétti, traust og heilsusamlegt starfsumhverfi.

Jafnréttisáætlun Isavia var uppfærð um mitt ár en hún er unnin í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Tilgangur áætlunarinnar er að tryggja fyllsta jafnréttis meðal starfsfólks með það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu þess til fulls. Áætlunin var samþykkt af framkvæmdastjórn félagsins sem jafnframt skipaði jafnréttisfulltrúa sem ætlað er að fylgja eftir jafnréttismarkmiðum og áætlun fyrirtækisins til næstu ára. Jafnréttisstofa samþykkti einnig áætlunina eins og lög og reglur kveða á um.

Isavia leggur sig fram við að skapa starfsumhverfi sem einkennist af gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir starfs- og fjölskylduábyrgðar fara saman. Félagið leggur áherslu á að koma til móts við óskir starfsfólks vegna fæðingarorlofs og mæta þörfum þeirra með sveigjanleika við endurkomu til starfa að því loknu.

Á árinu 2021 fóru 104 einstaklinga í fæðingar- og feðraorlof, þarf af 47 konur og 57 karlar. Á árinu 2020 fóru 119 einstaklingar í fæðingar- og foreldraorlof og 91 af þeim voru enn í starfi 12 mánuðum síðar.

**Mannréttindi**

Isavia leitast við að allt starfsfólk óháð kyni, aldri eða þjóðerni hafi jöfn tækifæri til þjálfunar og fræðslu. Við upphaf starfs eru nýliðar upplýstir um jafnréttisstefnu og siðareglur félagsins. Allt starfsfólk í framlínustörfum fær fræðslu um mansal, einkenni þess og rétt viðbrögð ef grunur um slíkt vaknar.

Til að auka þjónustu við farþega sem er með ósýnilega fötlun var svokallað Sólblómaband innleitt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og útbúið stafrænt námskeið til að upplýsa bæði starfsfólk og viðskiptavini. Sólblómabandið er hálsband sem farþegar með ósýnilega fötlun geta valið að bera þegar að þeir fara um flugstöðina. Ef einstaklingur ber slíkt band þá veit starfsfólk að það þarf að sýna aukna nærgætni í samskiptum sínum.

**Starfskjör og jafnlaunavottun**

Isavia hefur skuldbundið sig til að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kynja. Félagið innleiddi stjórnkerfi jafnlauna árið 2018 og hlaut jafnlaunavottun sama ár og gilti sú vottun til þriggja ára. Á síðasta ári hlaut félagið endurvottun eftir úttekt sem framkvæmd var af BSI á Íslandi. Stjórnkerfi jafnlauna er ætlað að tryggja að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Samhliða vottuninni var framkvæmd launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia.



**Regluleg starfsmannasamtöl**

Í kjölfar þess að starfsemi félagsins jókst að nýju eftir heimsfaraldur var lögð áhersla á að stjórnendur gættu vel að heilsu og líðan starfsfólks með reglulegum samtölum. Mannauðsdeild setti af stað átakið „spjöllum saman“ um mitt ár þar sem stjórnendur voru hvött til að eiga samtöl við starfsfólk um ýmis atriði sem snúa að starfsumhverfinu. Sérstök áhersla var lögð á að stjórnendur myndu fylgja vel eftir því starfsfólki sem hafði starfað í fjarvinnu um langa hríð og ekki mætt á starfsstöðvar í langan tíma út af Covid – 19. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að kanna líðan starfsfólks og gefa því endurgjöf á frammistöðu í starfi.

Lagt var upp með að samtölin væru óformleg og að niðurstöðu væru ekki skráðar sérstaklega að þessu sinni.

**Isaviaskólinn**

Það er stefna Isavia að tryggja öllu starfsfólki viðeigandi þjálfun og stuðla að hæfni sem þarf til að ná góðum árangri í starfi. Einnig á þjálfun að tryggja öryggi og vellíðan. Fjölbreytt námskeið eru í boði allt árið, bæði skyldunámskeið sem og námskeið sem ætluð eru til að byggja upp persónulega hæfni. Leitast er við að tryggja að allir fái þjálfun við hæfi og liggur fyrir þjálfunaráætlun fyrir flest störf innan samstæðunnar. Innihald fræðslunnar ár hvert ræðst af því hvaða verkefni, markmið og áskoranir liggja fyrir en skylduþjálfun vegna starfsleyfa er stærsti hluti þjálfunar.

Skipulag og umsjón með fræðslu hefur Isaviaskólinn sem tilheyrir sviði fjármála og mannauðs hjá Isavia ohf. Isavia ANS rekur sína eigin þjálfunardeild sem sér um þjálfun flugumferðastjóra en þeir taka einnig alla almenna þjálfun frá móðurfélaginu.

**Styrkir til náms**

Hjá Isavia fær starfsfólk greidd laun eða nemastyrki þegar það stundar þjálfun, þetta á einnig við um þá þjálfun sem fer fram áður en starfsfólk hefur störf.

Öllu starfsfólki stendur til boða að sækja um styrki til náms utan Isavia. Algengustu umsóknirnar eru frá þeim sem stunda nám á háskólastigi.



# Birgjar

Ábyrg stýring á aðfangakeðju er mikilvæg í rekstri Isavia. Að koma á fót og viðhalda sjálfbærri aðfangakeðju eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum, dregur úr áhættu í rekstri og bætir orðspor félagsins. Aukin krafa um samfélagsábyrgð hvetur til stöðugra umbóta á aðfangakeðjunni þar sem rekstur félagsins snertir marga fleti hagkerfisins.

- Tæplega 1500 birgjar voru virkir í birgjaskrá félagsins í árslok 2021. Þar af voru 12% erlendir birgjar og 88% innlendir birgjar.
- Hlutfall heildarviðskipta samstæðunnar við innlenda birgja var 87% og 13% við erlenda birgja.
- 10 veltuhæstu birgjar hjá Isavia ohf. voru með 59% af heildarveltu 2021.
- 10 veltuhæstu birgjar hjá Isavia ANS ehf. voru með 55% af heildarveltu 2021.
- 10 veltuhæstu birgjar hjá Isavia Innanlandsflugvellir ehf. voru með 64% af heildarveltu 2021.
- 10 veltuhæstu birgjar hjá Fríhöfninni ehf. voru með 54% af heildarveltu 2021.

Birgjar félagsins, bæði íslenskir og erlendir þurfa að skrá sig með rafrænum hætti og fylla út birgjaskráningarform á vefsíðu Isavia áður en viðskipti eiga sér stað. Þar eru meðal annars settar inn stofnupplýsingar fyrir fjárhagskerfi félagsins til að tryggja skilvirkt ferli reikninga, sem eykur líkur á hagkvæmum viðskiptum.

Isavia samstæðan hefur gefið út siðareglur birgja sem vænst er að allir birgjar samstæðunnar staðfesti að þeir fylgi. Með því að fá birgja til að samþykkja siðareglurnar sýna þeir í verki samfélagslega ábyrgð í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Til þess að takmarka sem frekast líkur á að nauðungar-, skyldu- eða barnavinna sé nýtt við framleiðslu á aðföngum og búnaði sem keypt eru á innlendum og alþjóðlegum markaði eru siðareglur birgja ávallt hluti af útboðsgögnum. Persónuverndarákvæði eru í samningum félagsins og uppfylla þau nýja ákvæði persónuverndarlöggjafar EU, þar sem það á við.




Siðareglur birgja er fylgiskjal með öllum okkar samningum. Í reglunum er gerð sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama.

Í árslok 2021 höfðu 58% af birgjum félagsins samþykkt siðareglurnar, af þeim eru 93% innlendir birgjar og 7% erlendir birgjar.

## Innkaup

Innkaupa- og lögfræðideildir Isavia voru í sumar sameinaðar í eina og er hún staðsett á fjármála- og mannauðssviði. Hlutverk deildarinnar er að þjónusta Isavia ohf. og dótturfélög við kaup á hvers kyns aðföngum fyrir rekstur og uppbyggingu félagsins á faglegan, hagkvæman og lögmætan hátt.

Innkaup samstæðunnar eru bundin lagalegum kröfum um opinber innkaup nr. 120/2016 og reglu--gerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu.

Í öllum útboðum og stærri verðfyrirspurnum er farið fram á grunnhæfi fyrirtækja, meðal annars að þau séu í skilum með vörsluskatta, opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóðum. Bjóðendum er vísað frá sem eru í vanskilum.





Í samningum félagsins er að finna ákvæði um bann við gerviverktöku og ráðningarsamband skal vera meginregla í samskiptum starfsmanna og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

Til að tryggja rekjanleika kostnaðar og samræmda greiðsluskilmála eru viðskiptaskilmálar félagsins ávallt nýttir við innkaup. Í árslok 2021 höfðu 52% af birgjum félagsins samþykkt viðskiptaskilmála Isavia, af þeim eru 91% innlendir birgjar og 9% erlendir birgjar.

Með því að fá birgja til að samþykkja viðskiptaskilmálana tryggir það 30 daga greiðslufrest hjá íslenskum birgjum og 45 daga hjá erlendum birgjum og með því lækkar fjármögnunarkostnaður félagsins og eykur heilbrigði sjóðstreymisins.

## Umbætur á tollaferil

Með það að markmiði að auka gagnsæi og skilvirkni þá hafa starfsmenn innkaupa- og lögfræðideildar, og reikningshalds unnið að því síðustu mánuði að bæta innflutnings- og tollaferil félagsins. Stór hluti innkaupa Isavia kemur erlendis frá og nota starfsmenn Isavia innkaupapöntunarkerfið Skýlið til að tryggja rekjanleika sendinga hvort sem um er að ræða almenn innkaup, netinnkaup eða viðgerðir á vörum.

Þannig geta starfsmenn reikningshalds rakið uppruna sendinga með því að fletta upp erlendum pöntununum og séð hvað er væntanlegt til landsins og rakið sendinguna á viðkomandi félag, starfsmann og deildir. Þetta lágmarkar sóun í ferlinu, samræmir vinnubrögð og eykur skilvirkni. Einnig var komið upp sameiginlegu pósthólfi fyrir allar farmtilkynningar þar sem starfsmenn reikningshalds og innkaupa- og lögfræðideildar geta rakið samskipti við framflytjendur. Í kjölfarið var gerð uppfærsla á innkaupabeiðnaformi ásamt því að móttökumöguleika var bætt við formið.

# Viðskiptavinir

## Þjónusta og samvinna

Isavia leggur mikla áherslu á þjónustu og samvinnu í starfsemi sinni. Unnið er markvisst og náið með flugfélögum og viðskiptafélögum til að styðja við fyrirmyndarþjónustu og bæta upplifun fyrir farþega.

Samskipti við notendur og rekstraraðila fara fyrst og fremst fram á reglulegum fundum. Samskipti við farþega, upplýsingagjöf og fyrirspurnir fara fram í gegnum alla helstu samskiptamiðla. Á heimasíðu Isavia má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og t.d. flug- og flugvallaupplýsingar, vöktun flugs með Messenger þjónustu, gjaldskrár auk almennra upplýsinga.

## Keflavíkurflugvöllur

Keflavíkurflugvöllur á í harðri samkeppni við aðra flugvelli utan Íslands. Skilningur á þörfum viðskiptavina og veiting góðrar og skilvirkrar þjónustu og upplifun skiptir því miklu máli til að tryggja samkeppnishæfni og sérstöðu flugvallarins.

Isavia stendur fyrir reglulegum markaðs- og þjónusturannsóknum á Keflavíkurflugvelli og gerir úrbætur í takt við þarfir farþega og flugfélaga. Áhersla er á góða þjónustu og upplifun við farþega og viðskiptavini í gegnum allt þeirra ferli í gegnum flugstöðina og flugvöllinn. Reglulega eru haldin námskeið fyrir starfsfólk Isavia, rekstraraðila og samstarfsaðila þar sem farið er yfir það hvernig best má mæta þörfum farþega sem eru að koma í gegnum flugvöllinn.

Á liðnum árum hafa verið miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli sem hafa verið til þess fallnar að bæta þjónustu, gæði eða öryggi og er nú unnið að frekari stækkunum sem bæta afkastagetu flugvallarins til að anna eftirspurn framtíðarinnar. Markvisst hefur verið unnið að skipulagningu á stækkandi verslunar- og veitingasvæði sem og skipulagningu á núverandi svæði til að vera sem best undirbúin með viðeigandi þjónustustig á framkvæmdatímanum.

Tæknilegar lausnir hafa verið innleiddar til að gera ferðalagið í gegnum flugstöðina sem skilvirkast og hraðast og án þess að ganga of nálægt farþeganum. Áhersla hefur verið á sjálfvirknivæðingu og skilvirkni almennt. Tengt því hefur verið bætt við mikið af sjálfvirkum innritunarstöðvum, sjálfvirka afhendingu á farangri, sjálfvirkum aðgangi inn í vopnaleit, sjálfvirkum tækjum í vopnaleitinni til að flytja farangur, sjálfvirkum hliðum við byrðingu um borð í loftför og jafnframt sjálfvirkum landamærum þegar farþegar eru að fara utan Schengen-svæðisins.

Í upphafi árs var unnið markvisst með viðskiptafélögum að því að tryggja lágmarks þjónustustig og síðar að undirbúa endurkomu farþega um flugvöllinn. Þegar leið á árið jókst farþegafjöldi og þjónustustig aukið í takt við það. Áskorun var í ferli komufarþega þar sem umfangsmikil skimunarstöð setti strik í reikninginn og var unnið með viðskiptafélögum að því að láta ferlið ganga sem best.

Þá var unnið að ýmsum viðskiptaþróunarverkefnum. Má þar nefna uppbyggingaráætlun fyrir forgarð flugstöðvarinnar. Þar er áhersla lögð á viðskiptaleg sjónarmið í uppbyggingu í takt við þróunaráætlun flugvallarins.

## Viðskiptafélagar á Keflavíkurflugvelli

Einn af lykiláhrifaþáttum góðrar upplifunar farþega á Keflavíkurflugvelli eru öflugir viðskiptafélagar sem selja þjónustu sína og vörur til farþega s.s. verslanir, veitingastaðir, rútufyrirtæki og bílaleigur.

Árið 2021 voru þarfir þessara viðskiptafélaga mjög ólíkar frá fyrri árum. Áherslurnar snerust um að halda úti fyrirtækjarekstri sínum á eins heilbrigðan hátt og hægt var og að þjónusta farþega á sem bestan hátt á sama tíma og mikil óvissa var um þróun ytri aðstæðna. Isavia veitti aðilum mikinn sveigjanleika en allir reyndu hvað þeir best gátu til að halda úti sem mestu þjónustustigi, bæði til að þjónusta farþega og fá inn tekjur en einnig til að halda starfsfólki sínu í vinnu.



Forsvarsmenn viðskipta- og markaðsmála héldu áfram með reglulega upplýsingafundi með öllum viðskiptafélögum á Teams út árið. Markmið fundanna var að auðvelda viðskiptafélögum aðgengi að stjórnendum, stilla af þjónustustig, auka á upplýsingaflæði og vera tilbúnir í endurheimt þegar til þess kæmi. Þar fengu viðskiptafélagar reglulega stöðu um áhrif Covid-19 á flugvöllinn frá Neyðarstjórn Isavia og við bættist upplýsingagjöf um eldgos í Fagradalsfjalli. Veittar voru upplýsingar um væntanlega flugumferð til skemmri og lengri tíma, sem og fræðsla um hvernig búast megi við að væntingar farþega til þjónustu gæti breyst eftir Covid-19. Unnið var markvisst með upplýsingagjöf í gegnum sérstaka upplýsingasíðu fyrir viðskiptafélaga Isavia á Keflavíkurflugvelli en á þeirri síðu geta þeir nálgast nýjustu uppfærslur á flugdagskrá, fræðsluefni og upplýsingar sem nýtast við rekstur.

## Flugafgreiðsluaðilar á Keflavíkurflugvelli

Samskipti við flugafgreiðsluaðila, Lögreglu og tollayfirvöld fara fram á reglulegum fundum þar sem farið er yfir hvernig hægt er að bæta þjónustu og rekstur.

Samhæfingarstjórnstöðinni, Hub Control Center (HCC), er ætlað að efla þetta samstarf enn frekar en tilgangurinn með HCC er að ná fram aukinni hagræðingu, betri yfirsýn, stytta ákvörðunarferli og bæta upplýsingaflæði sem mun skila sér í skilvirkari rekstri hjá bæði Isavia og notendum Keflavíkurflugvallar. HCC styður við þá sýn Keflavíkurflugvallar að vera tengimiðstöð flugs í Norður-Atlantshafi.

Yfir vetrarmánuðina getur veður haft mikil áhrif á rekstur á Keflavíkurflugvelli og hefur verið lögð mikil vinna í að samræma viðbrögð notenda flugvallarins til að lágmarka truflanir og röskun vegna veðurs. Haldnir eru sérstakir veðuraðgerðafundir þegar tilefni er til þar sem upplýsingum er miðlað og aðgerðaáætlun sett saman í samræmi við þá spá sem unnið er eftir.







## ASQ þjónustukönnun

Á Keflavíkurflugvelli hafa samræmdar þjónustukannanir verið framkvæmdar frá árinu 2004. Um er að ræða alþjóðlega könnun á vegum Alþjóðasamtaka flugvalla ACI sem mælir ánægju farþega á yfir 300 flugvöllum um allan heim. Könnunin gefur því góðan samanburð við aðra flugvelli víðsvegar um heiminn. Gögnum um ánægju farþega á 34 þjónustuþáttum á flugvellinum er safnað allt árið. Niðurstöður eru birtar ársfjórðungslega og því hægt að bregðast skjótt við þjónustuþáttum sem þarfnast úrbóta. Ánægja farþega er mæld á kvarðanum 0–5 og hefur Keflavíkurflugvöllur alla tíð verið ofarlega á evrópska listanum, sem telur um 90 flugvelli vítt og breitt um álfuna. Stök tímabil finnast þó þar sem heildaránægja minnkar og má yfirleitt rekja það til framkvæmda við endurbætur á flugstöðinni eða mikils álags sökum aukins farþegafjölda.

Keflavíkurflugvöllur hlaut á árinu viðurkenningu ACI fjórða árið í röð fyrir að vera á meðal bestu flugvalla í sínum stærðarflokki (5-15 milljónir árlegra farþega) í Evrópu hvað varðar þjónustugæði.

Verðlaun í þjónustukönnun ACI eru mesta viðurkenning sem stendur rekstraraðilum flugvalla heimsins til boða og eru þau veitt fyrir framúrskarandi þjónustu og upplifun viðskiptavina.

Nokkrum spurningum sem snúa að hreinlætis-og öryggisráðstöfunum flugvalla vegna Covid-19 var bætt við þjónustukönnunina í lok árs 2020 og þær spurningar voru áfram hluti af könnuninni árið 2021. Meta þessar spurningar upplifun farþega af hreinlæti og smitvörnum á flugvöllum. Var Keflavíkurflugvöllur á meðal flugvalla í Evrópu sem hlaut verðlaun fyrir hreinlætis-og sóttvarnaraðgerðir á síðasta ári.

Þrátt fyrir að farþegum hafi fækkað mikið á Keflavíkurflugvelli eftir að heimsfaraldurinn skall á hafa stjórnendur og starfsmenn á flugvellinum haldið áfram að hlusta á viðskiptavini sína og þannig aðlagast nýjum og breyttum veruleika. Samskipti við farþega eru ekki síður mikilvæg í heimsfaraldri og því var það kærkomið þegar ACI veitti Keflavíkurflugvelli viðurkenningu fyrir að hlusta á farþega sína (e. Voice of the Customer Recognition).

## Flugfélög

Í samskiptum okkar Íslendinga við umheiminn treystum við á góðar flugsamgöngur. Því spilar Keflavíkurflugvöllur mikilvægt hlutverk í því að ná til landsins fjölbreyttum flugfélögum með fjölbreytta áfangastaði. Unnið er markvisst að þróun viðskipta á nýjum flugleiðum og gagnvart nýjum flugfélögum til og frá Keflavíkurflugvelli. Auk þess sem Isavia vinnur með núverandi og nýjum viðskiptavinum að aukinni flugumferð um Keflavíkurflugvöll.

Samskipti við flugfélög sem fara um flugvelli Isavia og flugstjórnarsvæði fara meðal annars fram á reglulegum notendanefndarfundum og afgreiðslutímafundum sem öllum notendum er boðið á. Notendanefndir flugvalla starfa í samræmi við ákvæði loftferðalaga og reglugerðar. Á þeim sitja fulltrúar allra flugfélaga sem nota flugvöllinn að staðaldri og umboðsaðilar þeirra. Á fundunum gefst notendum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur, gæði þjónustu, gjaldtöku, nýframkvæmdir, turnþjónustu eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra.

Til viðbótar við reglubundnu notenda- og afgreiðslutímafundina eru regluleg samskipti við flugfélög, bæði félög sem fljúga til Keflavíkurflugvallar sem og önnur ný sem flugvöllurinn telur að tækifæri séu í að fá til landsins. Þessi samskipti, á venjulegu ári, fara fram á ráðstefnum þar sem fulltrúar flugfélaga og flugvalla hittast.

## Viðskiptavinir Fríhafnarinnar

Fríhöfnin rekur fjórar verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, tvær fyrir brottfararfarþega, eina fyrir farþega til landa utan Schengen svæðis og eina fyrir komufarþega. Áhersla er annars vegar lögð á að veita faglega og framúrskarandi þjónustu sem tekur mið af þörfum og væntingum ólíkra hópa viðskiptavina. Hins vegar er áhersla á fjölbreytt og vandað úrval af innlendum og erlendum vörum með áherslu á dæmigerðar fríhafnarvörur. Reglulega er lagt mat á gæði þjónustu með þjónustukönnunum.

Allir farþegar sem fara um Keflavíkurflugvöll eru mögulegir viðskiptavinir Fríhafnarinnar og miklu máli skiptir að ná til þeirra með góðu og fjölbreyttu vöruúrvali, vel skipulögðum verslunum og faglegri, hlutlausri og lipurri þjónustu. Gildi Fríhafnarinnar eru: þjónusta, virði og upplifun.

## Notendur flugleiðsöguþjónustu

Samráð er haft við notendur flugleiðsöguþjónustu um rekstur og fjárfestingar og fer það samráð fram á árlegum notendafundum. Samráð um aðra þætti flugleiðsöguþjónustu fer einnig fram með notendum á vettvangi Skipulagsnefndar ICAO (NAT-SPG) fyrir Norður-Atlantshaf. Reglulegir fundir eru haldnir með notendum auk samskipta við einstaka notendur eða fulltrúa notendahópa ef nauðsyn þykir. Í notendasamráðinu hefur samstarfsaðili Isavia ANS, Veðurstofa Íslands, hlutverki að gegna varðandi veðurupplýsingar og er vöktunaraðili vegna eldgosa og annarra náttúruhamfara.







# Stjórnvöld

Samskipti Isavia við stjórnvöld eru af margvíslegum toga. Íslenska ríkið er eigandi félagsins og fylgir það almennri eigandastefnu þess í rekstrinum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með hlutabréfið og fara formleg samskipti fram á hluthafafundum og árlegum aðalfundi. Önnur samskipti við eigandann fara fram á fundum sem boðað er til eftir atvikum.

Innviðaráðuneytið gegnir tvíþættu hlutverki í tengslum við starfsemi Isavia. Annars vegar sem fagráðuneyti flugmála og hins vegar sem viðskiptaaðili Isavia Innanlandsflugvalla vegna reksturs innanlandsflugvallakerfisins. Isavia á sæti í þremur nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins; fagráði um flugmál, flugvirktarráði og hefur fastafulltrúa í samgönguráði. Fyrirtækið á í reglulegum faglegum samskiptum við ráðuneytið um flugmál auk náins samráðs um framkvæmd þjónustusamningsins.

Einnig er fundað nokkrum sinnum á ári með menningar- og viðskiptaráðuneytinu í tengslum við ferðaþjónustumálefni. Ráðuneytið hefur komið á fót Flugþróunarsjóði sem hefur það verkefni að styrkja millilandaflug til Akureyrar og Egilsstaða og á Isavia fulltrúa í stjórn sjóðsins. Félagið á líka fulltrúa í stjórn markaðsverkefna Íslandsstofu, „Saman í sókn“ og „Iceland Naturally“, sem er ætlað að kynna Ísland sem áfangastað. Auk þess eru haldnir fundir með utanríkisráðuneytinu og Landhelgisgæslunni í tengslum við varnartengda starfsemi á Keflavíkurflugvelli og skipulagsmál flugvallarins.

Isavia hefur mikil samskipti við ríkisstofnanir vegna hinna margþættu verkefna samstæðunnar. Mest er sambandið við Samgöngustofu sem gefur út starfsleyfi flugvalla og flugleiðsögu og annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd og rekstri. Aðrar eftirlitsstofnanir sem má nefna eru Húsnæðis – og mannvirkjastofnun, Vinnueftirlitið, Skipulagsstofnun, Samkeppniseftirlitið og Umhverfisstofnun. Margar ríkisstofnanir eru með starfsstöðvar hjá eða í nánu samstarfi við Isavia og má þar telja lögregluembætti, tollayfirvöld, Almannavarnir ríkisins og Landhelgisgæsluna. Stofnanir sveitarfélaga sem tengjast rekstri Isavia eru aðallega heilbrigðiseftirlit, brunavarnir og slökkvilið.

Isavia ANS hefur samskipti við innviða- og utanríkisráðuneytin ásamt öðrum ríkisstofnunum vegna margþættra verkefna sinna. Mest er sambandið við Samgöngustofu sem gefur út starfsleyfi flugleiðsögu og annast viðeigandi eftirlit með framkvæmd og rekstri.

Isavia ANS annast framkvæmd tveggja alþjóðasamninga um flugleiðsöguþjónustu. Annars vegar „Joint Finance“-samnings Alþjóðaflugmálastofnunar með aðild tveggja ríkja sem kveður á um fjármögnun flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins (Reykjavik FIR). Hins vegar samningur íslenskra stjórnvalda við dönsk stjórnvöld vegna flugleiðsöguþjónustu fyrir flug í hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands (Nuuk FIR).

Isavia ANS er virkur þáttakandi í alþjóðasamstarfi og á í nánum samskiptum við marga erlenda aðila. Af þeim má helst nefna Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), undirstofnun Sameinuðu þjóðanna. ICAO setur alþjóðlega staðla fyrir alla helstu þætti almenningsflugs og fylgist með frammistöðu ríkja og þjónustuveitenda. Stofnunin hefur einnig eftirlit með framkvæmd fyrrnefnds „Joint Finance“- samnings. Vegna starfsemi félagsins á Grænlandi og í Færeyjum sætir Isavia ANS eftirliti Trafikstyrelsen í Danmörku og vegna samstarfs um flugfjarskiptaþjónustu á Norður-Atlantshafi eru náin samskipti við írsku flugmálastjórnina IAA.





# Samfélagið

Umtalsverð samskipti eru við aðila í samfélaginu, s.s. við sveitarfélög og landshlutasamtök í nágrenni við flugvelli félagsins eða önnur hagsmunasamtök. Áherslan er lögð á góða upplýsingagjöf til sveitarfélaga þar sem starfsemi samstæðunnar getur haft mikil áhrif á nærumhverfi þeirra. Helstu samskiptin eru formlegir fundir með bæjar- og sveitarstjórnarfólki, auk annarra hagaðila. Þá eiga Isavia og dótturfélög þess í víðtæku samstarfi við aðila í ferðaþjónustunni, með reglulegum fundum þar sem upplýsingum er miðlað bæði til ferðaþjónustunnar og almennings. Náið samstarf er við slökkvilið og björgunarsveitir víða um land auk þess sem félagið stendur árlega fyrir flugslysaæfingum með aðkomu allra viðbragðsaðila. Árlega heldur starfsfólk Isavia samstæðunnar fjölda erinda á fundum á vegum annarra aðila.

### Suðurnesjavettvangur

Suðurnesjavettvangur er samstarf sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum, Isavia, Kadeco og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmiðið með samstarfinu er efla atvinulífið og styrkja innviði þar sem tekið er mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.

Samstarfið hófst árið 2019 en niðurstaða úr stefnumótun samstarfsins lá fyrir í júní 2021. Kynningarfundur var haldinn í júní 2021 í Hljómahöll þar sem kynntar voru niðurstöður tveggja ára vinnu. Á fundinum skrifuðu fyrirtæki á svæðinu undir viljayfirlýsingu um að vera þátttakendur í þeirri vinnu sem snýr að mótun og þróun Hringrásargarðs.

Í framhaldinu var verkefnunum skipt upp í þrjá verkefnahópa. Tveir hópar fóru af stað og varða þeir Hringrásargarð og loftslagsmál annars vegar og hins vegar menntun og fræðslu um sjálfbærni á Suðurnesjum. Meðal verkefna í þessum tveimur hópum er að skoða kosti þess að stofna Hringrásargarðsins, mæla kolefnisfótsporið og móta sameiginlegt kolefnisbókhald fyrir Suðurnesin, draga úr notkun plasts, auka endurvinnslu þess og móta aðgerðir gegn plastmengun í hafi. Jafnframt að móta heildstæða menntastefnu á sviði sjálfbærni fyrir öll skólastig á Suðurnesjum og auka fræðslu á því sviði í samfélaginu.

### Samvinna með ferðaþjónustunni

Isavia og dótturfélög þess eiga í víðtæku samstarfi við aðila í ferðaþjónustunni eins og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofu, Íslandsstofu auk þess sem félagið er aðili að Íslenska ferðaklasanum og Iceland Naturally. Félagið á einnig fulltrúa í stjórn Íslenska ferðaklasans og fulltrúa í verkefnastjórn markaðsverkefnisins Saman í sókn, sem er unnið af Íslandsstofu.









# Öryggi og vinnuvernd

## Vinnuvernd

Hjá Isavia er í gildi vinnuverndarstefna sem tekur til allrar starfsemi félagsins og byggir á heildarstefnu Isavia. Með stefnunni skuldbindur félagið sig til að vera til fyrirmyndar í öryggis, heilsu og vinnuverndarmálum og stuðla þannig að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir þá sem starfa á og heimsækja starfstöðvar félagsins. Stefnan er liður í því að fyrirbyggja slys, vinna að góðum aðbúnaði starfsfólks og tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi. Forstjóri samþykkir stefnuna og framkvæmdastjórar sjá um að framfylgja stefnunni en stjórnkerfi vinnuverndar er hluti af gæðakerfi Isavia.

Árið 2021 markaði ákveðin tímamót í öryggis- og vinnuverndarmálum fyrirtækisins en þá var stigið stórt skref í átt að aukinni vinnuvernd með því að útvíkka ISO 45001 vinnuverndar vottun Isavia ohf. Vottunin nær nú yfir allar starfstöðvar og starfsemi Isavia ohf. Undirbúningurinn og vottunar úttektin sjálf hefur nú þegar skilað sér í aukinni öryggisvitund í öllu fyrirtækinu. Stefnan og ábyrgð er skýr og hafa verið lagðar vörður til að fylgja henni eftir. Það er samvinnuverkefni sem án efa mun skila miklum ávinningi og ennþá betri vinnustað.

Mikil áhersla var á fræðslu um öryggi og vinnuvernd á árinu. Fjölmörg námskeið voru framleidd og innleidd í þessum tilgangi. Má þar nefna almenna vinnuverndarvitund, öryggisnámskeið fyrir verktaka og iðnaðarmenn, öryggis- og gæðamál sem og námskeið um sætabeltanotkun. Viðeigandi þekking og rétt þjálfun í kjölfar slysa getur bjargað mannslífum. Allt starfsfólk Isavia í framlínu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fær þjálfun í skyndihjálp og námskeiðin eru einnig í boði fyrir allt starfsfólk samstæðunnar. Á árinu var innleidd sú regla að allt starfsfólk sem fær aðgangsskírteini að Keflavíkurflugvelli þarf nú að ljúka námskeiði um Vinnuvernd áður en það kemur til starfa (403).

Öryggis- og vinnuvernd er þannig höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Markvisst er unnið að því greina hættur og grípa til mótvægisaðgerða. Lögð er áhersla á að auka öryggisvitund í daglegu starfi hjá félaginu og virkja starfsfólk til þess að gera allt umhverfi og starfsemina öruggari. Fræðsla um vinnuvernd er nú hluti af fræðslu til allra starfsmanna sem hefja störf hjá Isavia ohf. Starfsmenn eru hvattir til að tilkynna slys , næstum því slys eða aðstæður sem geta orsakað slys, og að allir bera ábyrgð í öryggismálum fyrirtækisins.

Breytingar urðu á skipulagi vinnuverndar og öryggismála árið 2020 þegar stjórnun og samræming þeirra var færð undir eitt svið, þjónustu og rekstur. Á árinu var unnið að því að vinna úr þeim tækifærum sem þessi breyting skapaði t.d. með því að samræma vinnslu umhverfis- , verndar og rekstrarfrávika við önnur öryggisfrávik til þess að auka heildaryfirsýn fyrir allt fyrirtækið. Auk öryggisérfræðinga starfar á sviðinu vinnuverndarfulltrúi sem ber ábyrgð á skráningu slysa, atvika og rýni þeirra. Sálfélagslegir þættir vinnuverndar eru þó enn undir stjórn fjármála- og mannauðssviðs Isavia.

Tilkynntum vinnuslysum fækkaði á síðasta ári úr 39 í 31. Fækkun varð á alvarlegum slysum (Fjarveru- og umönnunarslysum) úr 23 í 13 árið 2021. Fyrstu hjálparslysum fjölgaði úr 16 í 18 sem samræmist þeim markmiðum sem sett voru um hvetja starfsmenn til að tilkynna öll slys.

Umfang tilkynninga bendir til að sú áhersla sem hefur verið lögð á að starfsfólk tilkynni slys og næstum því slys hafi skilað sér. Það leiðir af sér að unnt er að vinna að forvörnum og úrbótum með markvissum hætti.

Það verður áfram unnið markvisst að fækkun slysa á vinnustöðum Isavia og auka öryggi. Á árinu var unnið að samræmingu tilkynninga á slysum, einföldun skráninga og gera þær notendavænni. Það mun einfalda úrvinnslu og eftirfylgni í öryggisstjórnunarkerfi Isavia, Opscom.






Lögbundin öryggisnefnd vinnuverndar er starfrækt með aðilum þvert á samstæðuna. Í henni eru bæði öryggisverðir sem eru skipaðir í nefndina af Isavia og öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsfólks. Formaður öryggisnefndar er vinnuverndarfulltrúi Isavia og ber hann ábyrgð á að skipuleggja fundi. Öryggisnefndin ber ábyrgð á að fara yfir stöðu frávika og úrbóta, rýna slys og tilkynningar sem og skýrslur vinnueftirlits. Öryggisnefndinni er ætlað að ýta undir öryggisvitund starfsfólks með þjálfun og fræðslu og tryggja að farið sé eftir lögum og reglugerðum í starfseminni. Lögð hefur verið áhersla á að fulltrúar í nefndinni komi í auknu mæli að formlegu vinnuverndarstarfi félagsins, meðal annars vegna áhættumata starfa.

Isavia er með vöktunaráætlun heilsufarsþátta á stöðum sem taldir hafa verið sérstaklega viðkvæmir eftir áhættumat, og þeir skoðaðir út frá hávaða, loftgæðum og titring.

Skráningar á atvikum þ.m.t. slysum og næstum því slysum fer fram í gegnum innri vef Isavia og fyrir utanaðkomandi aðila á heimasíðu Isavia. Öryggisstjórnun ber ábyrgð á að halda utan um þessi atvik og vinna sameiginlega með öðrum að úrbótum. Atvik eru flokkuð eftir alvarleika og orsakagreind. Með því er reynt að komast að rót vandans svo hægt sé að bregðast við og koma í veg fyrir að atvik endurtaki sig. Starfsfólki Isavia er skylt að tilkynna atvik og við rannsókn þeirra er viðhöfð málsmeðferð sem kallast sanngirnismenning (just culture).

Isavia notar úttektargrunn S5 til að halda utan um öll frávik og úrbótatækifæri. Reglulega eru framkvæmdar innri úttektir tengt öryggismálum og vinnuvernd og árlega fer fram viðhaldsúttekt frá utanaðkomandi aðila vegna ISO45001 vottunarinnar.

## VINNUVERND / VINNUTENGD SLYS HJÁ STARFSFÓLKI ISAVIA

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi skráðra vinnutengdra slysa | 66 | 57 | 60 | 39 | 31 |
| Banaslys | - | - | 0 | 0 | 0 |
| Örorkuslys | - | - | 0 | 0 | 0 |
| Fjarveruslys | - | - | 19 | 4 | 0 |
| Umönnunarslys | - | - | 3 | 19 | 13 |
| Fyrstuhjálparslys | - | - | 47 | 16 | 18 |
| **Hlutfall skráðra vinnutengdra slysa per 200.000 vinnust.** | **5,7** | **4,6** | **5,1** | **3,87** | **2,98** |

**Samstarf við hagaðila**

Lögð er áhersla á að vinna að öryggis- og vinnuverndarmálum í samvinnu við aðra hagaðila á Keflavíkurflugvelli. Samhliða aukinni flugumferð og fjölgun starfsmanna sumarið 2021 ákvað starfshópur Isavia um öryggi á hlaði að vinna sameiginlega að því að auka öryggi og var margvíslegt fræðsluefni gert aðgengilegt fyrir hagaðila á Keflavíkurflugvelli að því markmiði að auka öryggisvitund allra. Þar var lögð áhersla á akstur tækja og bíla sem og aksturshegðun.

**Öryggisvika Isavia**

Árleg öryggisvika Isavia var haldin í október 2021 og var þema vikunnar „vinnustaðurinn og ég“. Með því endurspeglast áhersla Isavia að við berum öll ábyrgð á öryggi. Boðið var upp á rafræna fyrirlestra um vinnuvernd, öryggi við framkvæmdir á vinnustað og mannlega þáttinn. Auk þess voru haldnar rýmingaræfingar í höfuðstöðvum Isavia í Dalshrauni og í húsnæði flugvallarþjónustu á Keflavíkurflugvelli. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi öryggistilkynninga, þátttöku alls starfsfólks og voru stjórnendur sérstaklega hvattir til að ræða öryggismál í upphafi allra funda. Mikilvægt er fyrir Isavia að allir sinni öryggismálum vel því atvik sem geta komið upp geta haft víðtæk áhrif á félagið.

Vikan hófst með skemmtilegu innslagi ólíkra starfsmanna „hvað er öryggi“ þar sem farið var yfir hugtakið öryggi út frá ólíkum forsendum og hvernig það snertir okkur ólíkt dags daglega. Rauði þráðurinn var þó að allt sem við gerum, forskriftir og umhverfi tengist öryggi á einn eða annan hátt.

**Persónuvernd**

Isavia leggur áherslu á verndun og ábyrga meðhöndlun upplýsinga þ.m.t persónuupplýsinga óháð formi. Isavia fylgir viðmiðum öryggisstaðalsins ÍST EN ISO/IEC 27001:2017 og stuðlar að öryggi upplýsingaverðmæta með formföstu verklagi í upplýsingaöryggishandbók og gæðahandbók, sem styður við samfelldan rekstur og lágmarkar rekstraráhættu. Verndun og ábyrg meðhöndlun persónuupplýsinga nær einnig til allra upplýsingaverðmæta þriðja aðila sem Isavia hefur í vörslu og/eða félagið hefur falið öðrum að sjá um í sínu nafni. Stefnan um upplýsingaöryggi var sett árið 2018 og samþykkt af forstjóra.

Í allri starfsemi Isavia þarf að hafa í huga við dagleg störf hvaða persónuupplýsingar verið er að meðhöndla og hvernig þær skuli varðveittar. Isavia og dótturfélög tileinka sér góða starfshætti og hafa innleitt persónuvernd í starfsemi sína svo hún sé hluti af daglegu starfi sem m.a. felur í sér að halda vinnsluskrá, gera vinnslusamninga, uppfæra og/eða skjalfesta verkferla um meðhöndlun persónuupplýsinga, fræða einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga þeirra, tilkynna öryggisbresti, framkvæma áhættumat til að meta áhrif á persónuvernd, verða við beiðnum einstaklinga um rétt þeirra ásamt því að fræða starfsfólk um persónuvernd og öryggi upplýsinga.

Isavia metur stjórnkerfi persónuverndar með því að framkvæma innri úttektir sem einnig er hluti af gæðakerfi félagsins. Þá fer fram rýni stjórnenda á stjórnkerfi, niðurstöðum úttekta og viðbrögðum við öryggisbrestum fram a.m.k einu sinni á ári. Starfsfólk og hagaðilar hafa tækifæri til að koma ábendingum á framfæri til persónuverndarfulltrúa og er fyllsta trúnaðar gætt. Ábendingar eru teknar til greina og nýttar til úrbóta á stjórnkerfinu. Þá nýtir Isavia niðurstöður frá eftirlitsstofnun um persónuvernd bæði sem tækifæri til úrbóta og viðurkenningu á virkni stjórnkerfisins.

Isavia hefur unnið markvisst að því að takmarka vinnslu persónuupplýsinga og tryggja örugga meðhöndlun þeirra þvert á félagið. Til staðar eru virkar öryggisráðstafanir til að hamla því að öryggisbrestir muni eiga sér stað. Brugðist er við öryggisbresti samstundis og hann uppgötvast eða er tilkynntur, við það er rannsókn sett af stað. Við lok rannsóknar eru ávallt lagðar til úrbætur sem unnið er að með það að markmiði að efla öryggisráðstafanir félagsins.

Engin brot á persónuvernd viðskiptavina eða kvartanir hafa borist Isavia frá viðskiptavinum eða eftirlitsstofnunum vegna upplýsinga viðskiptavina árið 2021.





# Isavia í samfélaginu

## Samfélagsþátttaka

Isavia samstæðan hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem er grunnur að flugsamgöngum landsins, tengingum við umheiminn og flugi á milli þriggja heimsálfa á stóru svæði. Flugvellir á Íslandi eru mikilvæg samgöngumannvirki. Af þeim er Keflavíkurflugvöllur stærsta gáttin inn í landið og sérstaklega mikilvægur fyrir flutning á farþegum og vörum til og frá landinu í flugi. Starfsemi Isavia skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag og starfsfólk félagsins leggur sig fram um að haga störfum sínum á öruggan og skilvirkan hátt í sátt við samfélagið.

## Neyðarstjórn Isavia

Neyðarstjórn Isavia var formlega sett á laggirnar árið 2015 og hefur frá þeim tíma tekist á við ýmiskonar áskoranir, bæði fyrirséða sem ófyrirséða atburði.

Hlutverk Neyðarstjórnar Isavia er að:

- Tryggja samræmd og samhæfð viðbrögð Isavia á hættu- og neyðartímum.
- Tryggja heildstæð viðbrögð við atburðum er ógna rekstraröryggi félagsins og milda áhrif þeirra.
- Styðja við stjórnendur og starfsmenn.
- Tryggja aftur fulla þjónustu eins fljótt og auðið er.

Til þess að ná þeim markmiðum nýtir Neyðarstjórn sveigjanlegt og öflugt verklag sem tekur á atburðum á skipulegan hátt.

## Covid 19, jarðhræringar og eldgos

Störf Neyðarstjórnar einkenndust af stöðu Covid-19 en vel hefur gengið að gæta að sóttvörnum en flugvellir tilheyra mikilvægu innviðakerfi landsins. Allt starfsfólk hefur verið samstíga í að fylgja ráðstöfunum sóttvarnalæknis sem og Neyðarstjórnar sem stundum hefur þurft að viðhafa auknar takmarkanir til að vernda viðkvæma starfsemi, starfsfólk og rekstur. Engin hópsmit hafa orðið innan starfstöðva í starfsemi flugvallanna.

Auk Covid var mikið um jarðhræringar víðs vegar á landinu og eldgos braust út á Reykjanesi. Vel skilgreindir ferlar eru virkjaðir þegar eldgos er yfirvofandi eða hafið og eru það Neyðarstjórn og flugleiðsaga Isavia ANS sem virkja og stýra eldgosaaðgerðum Isavia. Neyðarstjórn hefur því verið virk allt árið og tekist á við hverja áskorunina á fætur annarri í góðri samvinnu við Almannavarnir, sóttvarnarlækni starfsfólk og fleiri hagaðila innan flugsamfélagsins.

Neyðarstjórn tryggði að boðleiðir væru opnar og gætt væri að góðri upplýsingagjöf. Komið var á tengingum á reglulegum samráðsfundum. Stuttar boðleiðir innan Isavia og gagnvart ytri aðilum hafa verið mikilvægar í ferlinu.

Innan félagsins var reglulegt upplýsingastreymi til starfsfólk. Starfsmannafundir voru haldnir og upplýsingasíða virkjuð. Starfsfólk hafði gott aðgengi að neyðarstjórn. Hægt var að senda fyrirspurnir og fá ráðleggingar strax frá upphafi. Fræðsludeild Isavia gaf út fræðsluefni um Covid-19 og smitvarnir sem starfsfólk Isavia og annarra hagaðila á flugvellinum gátu nýtt sér. Stjórnendur þurftu að finna nýjar leiðir til að ná sem best til starfshópa þegar starfsfólk fór að vinna heima og starfsstöðvum var skipt upp í mismunandi sóttvarnarhólf. Starfsfólk og stjórnendur eiga hrós skilið fyrir sveigjanleika í sínum störfum þegar breytingar urðu á sviðsmyndum og sóttvarnareglum.

## Almannavarnir og efling á hópslysaviðbragði

Isavia gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi almannavarna og er í lykilhlutverki vegna viðbragðsáætlana um leit og björgun á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Viðbragðsæfingar á flugvöllum er mikilsverður þáttur í viðbúnaði bæði Isavia og viðbragðskerfisins. Að jafnaði eru haldnar fjórar flugslysaæfingar á ári víða um land. Þátttaka er undantekningalaust góð og taka að jafnaði um 1.000 manns þátt í þessum æfingum frá öllum viðbragðsaðilum auk almennings. Frá því félagið hóf að halda reglubundnar æfingar á flugvöllum hafa



viðbragðsáætlanir almannavarna vegna hópslysa þróast til samræmis við verklag sem notast er við á æfingum á flugvöllum. Æfingar félagsins hafa þannig orðið samráðsvettvangur viðbragðsaðila til þróunar á þekkingu og verklagi sem fest hefur verið í lög og reglugerðir um almannavarnir.

## Flugslysaæfingar

Árið 2021 litaðist áfram af samkomutakmörkunum vegna Covid. Til stóð að halda þrjár flugslysaæfingar, þ.e. á Keflavíkurflugvelli, í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn. Þegar leið á árið var ljóst að engar æfingar yrðu haldnar fyrri hluta árs en smá rými opnaðist þegar leið á sumarið. Svo fór að æfing var haldin í Vestmannaeyjum með miklum sóttvarnartakmörkunum. Æfingin á Þórshöfn var felld niður og færð á næsta ár en fræðsla sem tilheyrir flugslysaæfingum var þó haldin. Að lokum varð langþráð Keflavíkuræfing að veruleika en henni hafði verið frestað bæði árin 2019 og 2020. Æfingin er stærsta hópslysaæfing sem haldin er á landinu og tóku um 500 manns þátt í henni þrátt fyrir að aðlaga þurfti æfinguna að samkomutakmörkunum.

## Sáttmálar og samstarf

Isavia hefur til margra ára verið í samstarfi með Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og Rauða Krossi Íslands með það markmið að efla hópslysabúnaði um land allt í samvinnu við samstarfsaðila. Hægt er að grípa til búnaðarins þegar stærri slys verða, til að bregðast við slysum utan alfaraleiðar eða þegar skjóta þarf skjólshúsi yfir fólk í fjöldahjálparstöðvum.

Isavia er einnig aðili að hinum ýmsu sáttmálum og samtökum á sviði sjálfbærni. Þar má nefna UN Global Compact, Jafnréttissáttmála UN Women, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, GRI – Global Reporting Initiative og Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Isavia hefur einnig verið aðili að Loftslagssáttmála Reykjavíkurborgar og Festu - miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja frá árinu 2015. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Isavia.











Fyrirtækið
Sjálfbærni
Efnahagur

# Efnahagur

Til að meta óbein efnahagsleg áhrif af starfsemi Isavia er í vinnslu verkefni með bresku ráðgjafafyrirtæki til að mæla áhrif starfsemi Keflavíkurflugvallar á samfélagið. Starfsemi Keflavíkurflugvallar er mjög umfangsmikil og hefur áhrif bæði á íslenskt þjóðfélag sem og nærsamfélagið á Suðurnesjum.

**Virðismat**

Í verkefninu eru greind hin víðtæku samfélagslegu áhrif (Value to Society) og virði sem Isavia skapar með rekstri Keflavíkurflugvallar. Virðið sem verður til við rekstur flugvallarins má flokka í fjárhagslega virðissköpun, virði er tengist kaupum á aðföngum vegna rekstrarins, virði er tengist daglegum rekstri (sorpflokkun, matarsóun o.fl.), virði er tengist starfsfólki og þekkingu, félagslegt virði og einnig náttúruleg áhrif af rekstri flugvallarins. Rekstur flugvallarins getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á fyrrgreinda þætti og gefur skýrslan upplýsingar um áhrif fyrrgreindra þátta á samfélagið.

Aðfangakeðja Isavia var einnig virðisgreind út frá því hvaða aðföng voru keypt og frá hvaða landi m.t.t. jákvæðra og neikvæðra áhrifa. Greining var framkvæmd með því að nota Route2's Extended Multi-Regional Input Output Model sem reiknar alþjóðleg, efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg áhrif framleiðslu í 191 landi og á milli 26-500 geira í hverju landi. Líkanið mælir síðan og metur þessi áhrif með því að þýða þau í jákvæðan efnahagslegan ávinning og/eða neikvæð félagsleg og samfélagsleg áhrif. Niðurstöðurnar veita Isavia mat á áhrifum innkaupaútgjalda sinna bæði í gegnum fyrsta stigs birgja (nánustu birgja Isavia) og síðari stiga birgja í aðfangakeðjunni.

Verkefnið gefur stjórnendum upplýsingar og yfirsýn um hvaða þættir í starfseminni hafa annars vegar jákvæð áhrif og hins vegar neikvæð áhrif á sjálfbærni hjá fyrirtækinu og varpar ljósi á áhættur og tækifæri til að stíga inn í og miðla til hagaðila. Um leið og vinna hjá fyrirtækinu í átt að aukinni sjálfbærni verður enn markvissari.





# Flugtölur

## Isavia birtir tölfræði um farþegafjölda, flughreyfingar, vöruflutninga og umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið fyrir hvern mánuð.

### Farþegar

Fjöldi farþega um flugvelli Isavia í heild nam rúmlega 2,7 milljónum árið 2021 sem er 60,9% aukning frá árinu 2020. Heildarfjölda millilandafarþega um íslenska áætlunarflugvelli fjölgaði úr tæplega 1,4 milljónum í tæplega 2,2 milljónir, eða um 57,9% milli ára. Fjölgun var á flestum flugvöllum landsins, eða um 12,3% á Egilsstaðaflugvelli, um 58,1% á Keflavíkurflugvelli, 98,5 % á Reykjavíkurflugvelli en þeim fækkaði um 21% á Akureyrarflugvelli. Innanlandsfarþegum fjölgaði á sama tíma úr tæplega 320 þúsund í rúmlega 556 þúsund, eða um 73,6%.

### Flughreyfingar

Flughreyfingar á öllum flugvöllum Isavia voru rétt rúmlega 138 þúsund árið 2021 sem er 33% aukning frá árinu á undan. Flughreyfingar milli landa voru tæplega 29 þúsund sem er 50,9% aukning fá árinu 2020. Þeim fjölgaði mest á Reykjavíkurflugvelli eða um 58,1%, um 51,2% á Keflavíkurflugvelli, um 25%, á Akureyrarflugvelli og 13% á Egilsstaðaflugvelli. Flughreyfingum innanlands fjölgaði úr rúmlega 84 þúsund árið 2020 í tæplega 109 þúsund árið 2021 eða um 29,3%

### Vöruflutningar

Árið 2021 fóru tæplega 61 þúsund tonn af vörum um flugvelli félagsins og var það tæplega 21% aukning frá fyrra ári. Vöruflutningar milli landa voru rúmlega 59 þúsund tonn árið 2021 en það er tæplega 21% aukning milli ára. Vöruflutningar innanlands voru rúmlega 1120 tonn árið 2021 og var það 25% aukning frá fyrra ári.

### Flugumferð

Rúmlega 98 þúsund flugvélar fóru um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2021 og er það um 30% fjölgun fluga frá árinu 2020. Alls voru flognir rúmlega 131 milljónir kílómetrar í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu eða rúmlega 27% fleiri en árið á undan. Rúmlega þriðjungur flugumferðar á leið yfir Norður-Atlantshafið fer í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið sem er í umsjá Isavia. Svæðið hefur nokkra sérstöðu meðal úthafssvæða vegna sveigjanleika, bæði hvað varðar flugleiðir og flughæðir.



FJÖLDI FARÞEGA Á ÖLLUM FLUGVÖLLUM ISAVIA




FJÖLDI FLUGHREYFINGA




MAGN VÖRUFLUTNINGA (TONN)




FJÖLDI FLUGVÉLA SEM FÓR UM FLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ



# Lykiltölur úr rekstri

Árið 2021 var fjöldi farþega um flugvelli Isavia í heild rúmlega 2,7 milljónir, en það var um 61% hækkun frá árinu 2020. Millilandafarþegum um íslenska áætlunarflugvelli fjölgaði úr rúmlega 1,4 milljónum í tæplega 2,2 milljónir, eða um 58% milli ára. Innanlandsfarþegum fjölgaði á sama tíma úr tæplega 321 þúsund í rúmlega 557 þúsund, eða um tæp 74%.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu tæplega 20,8 milljörðum króna og hækkuðu um 6,1 milljarða króna milli ára eða um 41 prósent. EBITDA, þ.e. afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, hækkar um tæpa fimm milljarð króna. Heildareignir námu 88,1 milljörðum króna í árslok 2021 og hækkuðu um 7,6 milljarða króna milli ára. Staða handbærs fjár var áfram góð um síðustu áramót. Skattaslóð Isavia var 5.730 m.kr. fyrir árið 2021. Það er sá hluti sem samstæðan greiðir eða innheimtir í formi skatta og opinberra gjalda, ásamt mótframlagi í lífeyrissjóði starfsfólks.

KOLEFNISSPOR REKSTURS
**2061** t $CO_2$e

ÁFANGASTAÐIR
**62**

FLUGFÉLÖG
**21**

FJÖLDI YFIRFLUGA
**69.215**

TEKJUR
**20.843** m.kr.

HAGNAÐUR
**321** m.kr.

EIGIÐ FÉ
**36.578** m.kr.

FJÁRFESTINGAHREYFINGAR
**6.519**

ARÐSEMI EIGIN FJÁR
**1,01%**

EIGINFJÁRHLUTFALL
**41,5%**

MEÐALFJÖLDI STARFA
**1.022**

SKATTSPOR
**5.730** m.kr.



ÚR REKSTRARREIKNINGI (MILLJÓN KR.)

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Tekjur | 20.843 | 14.737 |
| EBITDA | (810) | (6.137) |
| EBIT | (4.721) | (10.054) |
| Fjármunatekjur/gjöld | 3.565 | (4.875) |
| Hagnaður fyrir skatta | (1.156) | (14.929) |
| Heildarafkoma ársins | 321 | (13.178) |

ÚR REKSTRARREIKNINGI (MILLJÓN KR.)

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 59.637 | 57.194 |
| Eignir | 88.107 | 80.477 |
| Eigið fé | 36.579 | 27.259 |
| Vaxtaberandi skuldir | 44.818 | 48.104 |
| Veltufjárhlutfall | 2,38 | 2,03 |

ÚR SJÓÐSTREYMI (MILLJÓN KR.)

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | 3.697 | (8.458) |
| Fjárfestingahreyfingar | (6.519) | (3.329) |
| Fjármögnunarhreyfingar | 8.377 | 11.556 |
| Handbært fé í lok árs | 14.683 | 9.372 |

KENNITÖLUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Framlegðarhlutfall rekstrar | (3,89%) | (41,64%) |
| Hagnaðarhlutfall | 1,54% | (89,42%) |
| Veltuhraði eigna | 0,25 | 0,18 |
| Arðsemi eiginfjár | 1,01% | (41,36%) |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár | 0,02 | (1,38) |
| Eiginfjárhlutfall | 41,52% | 33,87% |
| Meðalfjöldi starfa | 1.022 | 1.081 |

# Umsvif starfseminnar

Tveir þættir hafa mest áhrif á umsvif Isavia, annars vegar fjöldi flughreyfinga og hins vegar fjöldi farþega. Tekjur Isavia á Keflavíkurflugvelli koma fyrst og fremst frá flugfélögum sem fljúga á flugvöllinn, leigutekjum af veitinga- og verslanarýmum auk annarra tekna af leigu á aðstöðu.




Árið 2021 hefur verið mikil áskorun fyrir heimsbyggðina ekki síður en árið 2020 og hefur flugiðnaðurinn átt undir högg að sækja. Í byrjun árs voru miklar vangaveltur um hvenær von væri á bóluefni og sá iðnaðurinn fram á að það myndi koma ferðalögum fólks aftur af stað. Hins vegar var biðin töluverð í byrjun árs og takmarkanir á landamærum enn til staðar og var Ísland þar ekki undanskilið.

Í apríl var tilkynnt af íslenskum stjórnvöldum að bólusettir farþegar frá löndum utan Schengen svæðisins væri frjálst að koma til landsins og var landið það fyrsta í Evrópu til að heimila það. Fljótlega eftir til kynningu fóru horfur að glæðast og komu tvö bandarísk flugfélög með bein flug til landsins í maí ásamt því að Icelandair fóru að opna flug á fleiri áfangstaði innan N-Ameríku. Má segja að þetta hafi markað byrjunina á endurkomu farþega til Keflavíkurflugvallar í meiri fjölda en sést hafði í nokkra mánuði.

Yfir sumartímann komu 22 flugfélög til landsins en sumarið 2019 voru þau 26 talsins en mikil áhersla var lögð á að fá núverandi viðskiptafélaga aftur til að hefja flug. Vissulega var það ekki í sama sætafjölda og árið 2019 en mjög jákvæður árangur náðist. Heilt yfir gekk sumarið vel og var farþegafjöldi 49% af 2019 fjöldanum. Í ágúst og september fór hlutfallið yfir 50%.

Miklar vonir voru bundnar við veturinn en töluverð árstíðarsveifla hefur verið í fjölda farþega til flugvallarins í gegnum tíðina og var vonin að gott sumar myndi leiða af sér góðan vetur. Hins vegar vegna nýs afbrigðis af kórónaveiruna varð fjöldi farþega í vetur ekki eins og vonast hafði verið eftir. Fjöldi flugfélaga í vetur var 16 eða einu fleiri en veturinn 2019/20 áður en kórónaveiran skall á. Það má því með sanni segja að sú eftirspurn sem var til staðar síðasta sumar og fjöldi flugfélaga sem var í vetur gefi góð fyrirheit um komandi ár.

Heildarfjöldi farþega á árinu 2021 var 2.172 þúsund samanborið við 1.374 þúsund árið áður. Er það aukning um 58%. Vöruflutningar jukust á árinu um rúm 20% og fóru úr rúmum 49 þúsund tonnum í 59 þúsund.

Fjórir flugafgreiðsluaðilar starfa á Keflavíkurflugvelli: Icelandair, Airport Associates, South Air og Iceland Jet Center.

Á Keflavíkurflugvelli eru tvær flugbrautir sem eru 3.054 og 3.065 metrar að lengd.

Fjölmargir farþegar nýta sér Keflavíkurflugvöll sem tengiflugvöll og Icelandair nýtir flugvöllinn þannig á leið milli Evrópu og Norður Ameríku. Lágmarks tengitími farþega á Keflavíkurflugvelli eru 25 mínútur.



TEKJUR SAMSTÆÐUNNAR

- Tekjur af flugvallaþjónustu
- Fasteigna- og bílastæðatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu
- Aðrar tekjur




TEKJUR AF FLUGVALLAÞJÓNUSTU

- Þjónustusamningur við SGR
- Lendingargjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld




REKSTRARKOSTNAÐUR

- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir



### Millilandaflug um innanlandsflugvelli

Isavia Innanlandsflugvellir og Íslandsstofa unnu saman að verkefni á vegum Flugþróunarsjóðs á árinu til að efla markaðssetningu flugvallanna á Norður og Austurlandi í samvinnu við markaðsstofur svæðanna. Niðurstaðan var að tækifæri eru í enn frekari samvinnu svæðanna og að flugvellirnir væru markaðssettir sem tveir möguleikar á beinu aðgengi að einstakri náttúru og víðernum. Isavia Innanlandsflugvellir og Íslandsstofa settu á laggirnar þriggja ára verkefni til að kynna flugvellina, innviði og þjónustuna sem er í boði en hlutverk markaðs-stofanna er hér eftir sem hingað til að kynna áfanga-staðina, vöruframboð og undirbúa komu væntanlegra ferðamanna. Erlend flugfélög hafa sýnt þessu áhuga og vinnan mun halda áfram á árinu 2022.

### Farþega- og umferðarspá

Isavia gerir umferðarspár a.m.k. einu sinni á ári annars vegar fyrir kjarnastarfsemi félagsins á Keflavíkurflugvelli og hins vegar umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Isavia ANS gerir umferðarspár a.m.k. einu sinni á ári fyrir umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Umferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu er metin í samræmi við upplýsingar frá vinnuhópi sem nefnist Economic Financial Forecasting Group (EFFG). Í hópnum eiga sæti allir þjónustuveitendur og fulltrúar samtaka notenda á Norður Atlantshafi og gerir hann spár um flugumferð yfir Norður-Atlantshafi.

Farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll er venjulega gerð í lok hvers árs og er birt í nóvember eða desember.












# Uppbygging og þróun

**Keflavíkurflugvöllur**

Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli var vígð og tekin í notkun í apríl 1987. Hún var þá ríflega 20 þúsund fermetrar að stærð. Nú er hún 73 þúsund fermetrar og því 3,5 sinnum stærri en við opnun. Á fyrsta ári flugstöðvarinnar fóru 750 þúsund farþegar um flugstöðina. Ef horft er til ársins 2019 fóru 7,25 milljónir farþega um flugstöðina. Það er umfram grunnfarþegaspá þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar en þar var gert ráð fyrir 8,8 milljón farþegum árið 2025 og 13,8 milljón farþegum 2040.

Það er því ljóst að til að uppfylla alþjóðlega þjónustustaðla nægilega vel þarf að auka afkastagetu flugvallarins og er uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar gerð til að meta þessa þörf en hún byggist á umfangsmikilli farþegagreiningu. Verkefnum áætlunarinnar er skipt í flugstöðvar-, flugvallarkerfis- og vegaframkvæmdaverkefni. Á árinu 2021 var unnið að hönnun verkefna sem búið er að bjóða út og annaðhvort hófust á árinu eða eru að hefjast. Árið 2022 verður að mestu leyti framkvæmda ár og minna um hönnun en 2021.

**Flugstöðvakerfi**

Hönnun var veigamikill þáttur á árinu og bar þá hæst hönnun á þremur viðbyggingum flugstöðvarinnar. Byrjað var á jarðvinnu og undirbúningi sem mun halda áfram og munu framkvæmdir spila stærra hlutverk 2022.

Framkvæmdir hófust í sumarbyrjun 2021 við undirbúning á stækkun norðurbygginga til austurs. Um er að ræða nýja 20 þúsund fermetra viðbyggingu flugstöðvarinnar, sem felur í sér nærri 30% stækkun til austurs. Jarðvinnu er lokið og er nú unnið að burðarvirki. Þessi nýja austurbygging verður á þremur hæðum, auk kjallara. Hún verður að fullu tekin í notkun árið 2024.

Austurbyggingin er mikilvægur liður í uppbyggingaráætlun Keflavíkurflugvallar. Þjónusta við farþega og starfsumhverfi þeirra sem þarna vinna batnar verulega.

Fyrsti áfangi þessarar nýju austurbyggingar felur í sér uppsetningu nýs og afkastamikils farangursmóttökukerfis á jarðhæð sem tilbúið verður árið 2023. Komusalur farþega verður mun rýmri og fríhöfnin stækkar. Á annarri hæð verður til nýtt verslunar- og þjónusturými og biðsvæði farþega stækkar umtalsvert.

Verkefni við viðbygging á tveimur hæðum án kjallara við suðurbyggingu flugstöðvarinnar (Stæði 10) fer í framkvæmd í apríl 2022. Þar verður bætt aðstaða farþega við brottfararhlið í austurenda suðurbyggingarinnar. Hluti af verkefninu er gerð nýrrar landgöngubrúar. Breyta þarf akstursleiðum flugvéla með aðgerðum á vellinum.

Vegna innleiðingar Evrópureglugerðar á árinu 2022 þarf að gera breytingar á komu- og brottfararkerfi í flugstöðinni. Einnar hæðar viðbygging verður reist við suðurenda flugstöðvarinnar til að uppfylla þessar kröfur er snúa að landamærum (Stæði 6). Byggingin er hugsuð tímabundið á þessum stað og mun í framtíðinni verða tekin niður og reist annarsstaðar. Undirritaður var samningur við verktaka varðandi breytingar á farangurskerfi á árinu. Framkvæmdir á komufæriböndum helst í hendur við stækkun norðurbyggingar til austurs, en framkvæmdir við brottfararfarangurskerfi hefjast í febrúar 2022 og hefur það að markmiði að uppfylla Evrópureglugerð varðandi skimun farangurs á flugvöllum.

Aðrar framkvæmdir sem ráðist var í á árinu voru meðal annars uppfærsla á innritunarborðum á fyrsta ársfjórðungi. Nýju borðin auka öryggi starfsfólks við innritun sem og bæta ásýnd í brottfararsal. Viðhaldsframkvæmdir fóru fram á Flugturni Keflavíkurflugvallar og endurnýjun neyðarlýsingar hófst í flugstöðvarbyggingu, en báðum framkvæmdunum mun ljúka 2022.

Á árinu 2022 er enn fremur áætlað að hönnun hefjist eða haldi áfram við verkefni sem eru næst á dagskrá samkvæmt uppbyggingaráætlun.

Flugstöðvarverkefnin samkvæmt uppbyggingaráætluninni eru eftirfarandi:

Næsti fyrirhugaði stóráfangi í uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verður stækkun tengingar milli norður- og suðurbyggingar. Núverandi landgangur verður breikkaður og með nýju og björtu miðjurými skapast betri tenging milli álma flugstöðvarinnar, aðstaða komufarþega batnar með vegabréfaskoðun, nýrri fríhöfn og stærra þjónusturými. Hönnunarvinna stendur yfir en fyrirhugað er að hefja framkvæmdir 2023.

Unnið verður að forvinnu við flugvallarkerfisverkefni sem er ætlað að auka afköst og öryggi flugbrautakerfis og greiða úr flöskuhálsum sem þar gætu myndast. Undir þau verkefni falla afísingarhlað, nýjar akbrautir, flýtireinar og aðrar tengingar flughlaðs og akbrauta.

Einnig er unnið að undirbúningi að hönnun bílastæðahúss vestan við flugstöðina.

Breska byggingar- og ráðgjafafyrirtækið Mace hefur frá byrjun árs 2020 unnið sem samstarfsaðili Isavia í uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið mun annast verkefnaumsjón og verkeftirlit vegna komandi framkvæmda, en veitir einnig mikilvæga þekkingu í undirbúningi slíkra stórframkvæmda.

Mace mun aðstoða við verkefnaumsjón vegna komandi framkvæmda. Þá mun félagið einnig veita ráðgjöf við aðrar framkvæmdir Isavia á Keflavíkurflugvelli, þar á meðal við tengibyggingu vegna breikkunar á landgangi milli norður- og suðurbyggingar flugstöðvarinnar.

Vinna Mace á árinu hefur m.a. snúið að skipulagi verkefnastjórnunar, stjórnarháttum verkefna, áhættumati, samskiptum við hagaðila, sjálfbærni o.fl.

**Isavia ANS**

Áfram var unnið að verkefni sem snýr að endurnýjun fluggagnakerfis flugstjórnarmiðstöðvarinnar. Kerfið er hannað af Tern Systems, dótturfélagi Isavia ANS, í samvinnu við Isavia ANS og nefnist Polaris.

**Isavia Innanlands**

Á hverju ári er unnið við viðhaldsverkefni á brautum, hlöðum og byggingum innanlands flugvalla eins og fjármunir leyfa hverju sinni.

Stærsta verkefni ársins var malbikun flugbrautarinnar á Egilsstaðaflugvelli. Colas var verktaki verksins og var það unnið í júlí og ágústmánuði í einstakri veðurblíðu sem ríkti á Austurlandi.

Framkvæmdum var haldið áfram á Akureyrarflugvelli, hönnun flugstöðvar var lokið og bygging hennar boðin út. Tvö tilboð bárust og samið var við Byggingarfélagið Hyrnu. Vinna við neðra burðarlag á flughlaði hélt áfram og unnið að hönnun efra burðarlags.

Á Reykjavíkurflugvelli var sett upp aðstaða fyrir flugvirkja við Skýli 3 og unnið við endurnýjun girðinga. Á Vestmannaeyjaflugvelli var klæðing endurnýjuð á flugbrautum. Á Ísafjarðarflugvelli var klæðing á þjónustuhúsi endurnýjuð og sett upp hindranaljós í Hafrafellsháls.

Flugbrautarljósin á Hornafjarðarflugvelli voru endurnýjuð á árinu. Farið var í viðgerð á flughlaði á Rifi eftir að erlend einkavél fór niður úr klæðingu þar. Unnið var að hönnun flugbrautarljósa á lendingarstaðnum Norðfirði, farið verður í uppsetningu ljósanna árið 2022.

Unnið var að hönnun aðflugsljósa á Reykjavíkurflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Akureyrarflugvelli. Við vottun flugvallanna þriggja var gefið út DAAD vegna skorts á þessum ljósum og það gilti til 1.janúar 2022. Fjármagn fékkst til hönnunar á ljósum og undirbúnings verkefnisins í samgönguáætlun 2022.

Á öllum flugvöllum var sinnt reglubundnu viðhaldi og málningu flugbrauta.

# Skipulag og þróun

Uppbyggingaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll er uppfærð árlega og unnið að uppfærslu þróunaráætlunar á um það bil fimm ára fresti. Í þróunar- og uppbyggingaráætlunum er stækkunaráformum miðlað til nærsamfélagsins. Efnahagsleg áhrif flugvallarins fyrir nærumhverfið og íslenskt hagkerfi í heild sinni eru mikil og mikilvægi flugvallarins fyrir aðalatvinnuveg þjóðarinnar, ferðaþjónustuna, sömuleiðis. Væntingar hagaðila til farsællar uppbyggingar eru miklar og í uppbyggingaráætlun er sérstaklega fjallað um kostnaðar- og tímaáætlanir framkvæmda auk þess sem breytingar í farþegamynstri og flugumferð eru greindar í samhengi við uppbyggingaráform.

Uppbyggingaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll var uppfærð 2019 og þróunaráætlun kynnt árið 2015. Bæði uppbyggingar- og þróunaráætlun átti að uppfæra á árinu 2020 en var frestað vegna óvissu í flugheiminum. Gert er ráð fyrir nýjum útgáfum beggja áætlana á árinu 2022.

Eitt af markmiðum í stefnu Isavia er að fylgja skýrri þróunaráætlun. Uppbyggingar- og þróunaráætlanir flugvallarins eru ekki þekktar í íslenskum lögum eða skipulagsumhverfi en þekkjast erlendis frá. Markmið þeirra er að miðla til hagaðila upplýsingum um uppbyggingarform og framtíðarsýn flugvallarins og sýna fram á áfangaskiptar, sveigjanlegar áætlanir sem taka mið af farþega- og umferðaspám. Áætlanagerðin er nálgun sem Isavia hefur valið til að tefla fram uppbyggingar- og þróunaráformum. Við mat á umhverfisáhrifum gengur flugvöllurinn lengra og sýnir fram á heildaráhrif uppbyggingaráætlunar sem er umfram lög um mat á umhverfisáhrifum.

Uppbyggingar- og þróunaráætlanir flugvallarins eru samþykktar af stjórn Isavia eftir að hafa verið teknar fyrir af framkvæmdastjórn.

Heimasíður þróunar- og uppbyggingaráætlunar eru notaðar til að miðla upplýsingum og kalla eftir athugasemdum hagaðila.

Uppbyggingaráætlun er í heild sinni send til skipulagsstofnunar þar sem umhverfisáhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar eru metin. Mat á umhverfisáhrifum er vanalega tengt einstaka verkefnum en með uppbyggingaráætlun er hægt að meta heildaráhrif þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir að ráðist verði í á komandi árum með teknu tilliti til aukinna afkasta og áhrifa á umhverfis- og samfélagsmál.

Umhverfismat uppbyggingaráætlunar sýnir þau umhverfisáhrif sem munu eiga sér stað vegna stækkunaráforma flugvallarins auk mótvægisaðgerða.

Ýmis verkefni sem lögð eru til í uppbygginga- og þróunaráætlunum stuðla að bættum umhverfisáhrifum flugvallarins, svo sem afísingarhlað og stytting akstursleiðir flugvéla. Hönnun stækkunar flugstöðvar tekur mið af umhverfisvottunarkerfinu BREEAM.

Keflavíkurflugvöllur veldur óbeint auknum umhverfisáhrifum en aukin afkastageta flugvallarins mun skapa störf og efnahagslegan ábata fyrir nærsamfélag flugvallarins. Að sama skapi þarf að gera ráð fyrir óæskilegum afleiðingum aukinnar umferðar, svo sem vegna hávaða, aukinnar bílaumferðar á þjóðvegum landsins, útblásturs koltvísýrings o.fl. Isavia vaktar hljóðvist og loftmengun við flugvöllinn og kynnir niðurstöður mælinga opinberlega. Umhverfisvænar lausnir við uppbyggingu flugstöðvar og flugvallar eru sömuleiðis hafðar í forgrunni hjá Isavia.

Isavia hefur við vinnslu þróunaráætlunar leitast við að eiga í góðu sambandi við nærsamfélagið. Samráðsfundir eru haldnir við mótun áætlana og áætlanir kynntar reglulega fyrir hagaðilum og fjölmiðlum.







# Stafræn þróun

Mikil mótun átti sér stað hjá Stafrænni Þróun árið 2021 þar sem áhersla var lögð á enn frekari skilgreiningu á hlutverki og tilgang deildarinnar.

Tvær einingar voru stofnaðar undir deildinni Stafrænni Þróun; Verkefnahús og Þróun og Viðskiptagreind. Tilgangur þeirra er að ná jafnari fókus á milli umbóta- og innviðaverkefna og stafrænnar framtíðar Isavia. Stafræn þróun innleiddi hönnunarspretti sem hluta af verklagi deildarinnar til að greina þarfir, tækifæri, sameiginlega sýn og bestun verkferla áður en ný tæknilausn er valin. Mikil áhersla er lögð á að nýjar tæknilausnir uppfylli kröfur um upplýsingaöryggi, rekstrarhæfni, samþættingu og ávinning. Starfsemi deildarinnar einkenndist af mikilli samvinnu með öðrum einingum innan Isavia þar sem áherslur eru lagðar á greiningu viðskiptatækifæra, bestun verkferla og stafrænan vettvang fyrir flugvallarsamfélagið til framtíðar.

### Workplace

Ákveðið var að loka á Fluguna, innri vef samstæðunnar, í samstarfi við mannauðsstjóra og markaðsstjóra Isavia og byggja upp góðan miðlægan grunn inn á Workplace undir "Knowledge library" sem fékk nafnið Ratsjáin. Þar geta starfsmenn sótt allar nauðsynlegar og nytsamlegar upplýsingar sem áður mátti finna á Flugunni eins og starfsmannahandbækur, dagleg verkfæri og ýmsar upplýsingar um reksturinn og vinnustaðinn. Með frekari áherslu á Workplace er markmiðið að auka við samskipti, bæta flæði upplýsinga innan samstæðunnar, að starfsfólk færist nær hvert öðru og styrkir það þá liðsheildina. Allt starfsfólk getur miðlað fréttum og fjölbreyttum upplýsingum á Workplace og er markmiðið að hvetja til virkari þátttöku í upplýsingamiðlun í máli og myndum.

### Gagnaaðgengi

Eitt af markmiðum Isavia er að auka aðgengi að upplýsingum og styrkja vöruhús gagna. Almennt mælaborð var þróað fyrir starfsfólk sem inniheldur skemmtilegar upplýsingar um flugreksturinn okkar og styður við áherslur okkar á gagnadrifna hugsun og ákvarðanatöku. Greiningarvinna á uppbyggingu og framtíðarsýn vöruhús gagna hófst og var mikil samvinna á milli stafrænnar þróunar, hagdeildar og viðskiptainnsýnar og bestunar.

### Innleiðingarverkefni

Nýtt beiðnakerfi var innleitt og varð JIRA fyrir valinu. Greinargóð þarfagreining lá fyrir þar sem augljós þörf var á góðu beiðnakerfi þvert á móðurfélagið. Innleiðing JIRA mun halda áfram árin 2022-2023 enda umfangsmikið verkefni að besta ferla hjá flestum deildum félagsins þegar kemur að beiðnum og nýjum tæknilausnum. Nýr pöntunarvefur námskeiða Isaviaskólans fór í þróun í desember 2021 þar sem um er að ræða nýjan tekjustofn og nýtt og betra verklag fyrir umsýslu námskeiða. Þar sem að fjöldi fólks sækja námskeið hjá okkur var rík áhersla lögð á að minnka tímasóun og auka sjálfbærni starfsfólks Isaviaskólans við umsýslu og skráningu námskeiða. Nýr pöntunarvefur mun fara í loftið í byrjun árs 2022.

Stafræn Þróun tók ákvörðun um að innleiða RPA (e. Robotic process automation) eða stafrænt vinnuafl hjá aðgangsskrifstofu Flugverndar fyrir umsýslu aðgangspassa sem mun í kjölfarið auka skilvirkni og fækka handtökum starfsfólks. Markmið okkar er að greina enn fleiri ferla innan Isavia og besta þá með RPA sem hluta af okkar tæknistakk. Áætlað er að innleiðing hjá aðgangsskrifstofu Flugverndar klárist í byrjun árs 2022.







# GRI tilvísunartafla 2021

# GRI Tilvísunartafla

Ársskýrsla Isavia 2021 er gefin út samkvæmt viðmiðum Global Reporting Initiative GRI Standards: Core ásamt sérákvæðum GRI-G4 um starfsemi flugvalla. Starfsfólk af öllum sviðum félagsins koma að ritun skýrslunnar. Þær upplýsingar sem birtast í skýrslunni koma úr upplýsingakerfum félagsins og endurspegla þá þekkingu sem félagið hafði þegar skýrslan var rituð. Allar upplýsingar í skýrslunni eiga við almankasárið 2021.

Skýringar

- ● Uppfyllt
- ◑ Að hluta uppfyllt
- UNGC Tenging við viðmið UN Global Compact
- HM Tenging við viðeigandi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



## GRI 102:2016 Almenn upplýsingagjöf

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Umgjörð skipulagsheildarinnar** | | | | | | |
| GRI 102-1 | Heiti skipulagsheildarinnar | | Isavia ohf | ● | | |
| GRI 102-2 | Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta | Starfsemi Isavia<br>Starfsemi dótturfélaga | | ● | | |
| GRI 102-3 | Staðsetning höfuðstöðva | | Dalshrauni 3, 220 Hafnarfjörður | ● | | |
| GRI 102-4 | Staðsetning starfsemi | Ársreikningur 2021<br>Starfsemi Isavia<br>Starfsemi dótturfélaga | Isavia ohf. Er eingöngu með starfsstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið á þrjú dótturfélög, Isavia ANS, Isavia Innanlandsflugvellir og Fríhöfnina. | ● | | |
| GRI 102-5 | Eignarhald og félagaform | Stjórnarhættir | Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins | ● | | |
| GRI 102-6 | Starfssvæði. Auk þess fyrir flugvelli: Farþegatölur, vöruflutningar, áfangastaðir | Starfsemi Isavia<br>Starfsemi dótturfélaga<br>Viðskiptavinir<br>Flugtölur<br>Viðskiptavinir<br>Flugtölur | | ● | | |
| GRI 102-7 | Umfang starfseminnar. Auk þess fyrir flugvelli: Áætlaður fjöldi starfsfólks á flugvallasvæðinu, stærð flugvallar, lengd flugbrauta, lágmarkstengitími á flugvelli, fjöldi fyrirtækja á svæðinu, fjöldi flugfélaga og fjöldi áfangastaða | Starfsemi Isavia<br>Starfsemi dótturfélaga<br>Mannauður<br>Flugtölur<br>Lykiltölur úr rekstri<br>Ársreikningur 2021 | | ● | | |
| GRI 102-8 | Upplýsingar um starfsfólk og aðra starfskrafta | Mannauður | | ● | 6 | 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR |
| GRI 102-9 | Aðfangakeðja | Hagaðilar<br>Birgjar | | ● | | |
| GRI 102-10 | Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar | Inngangsorð forstjóra<br>Ávarp stjórnarformanns<br>Starfsemi Isavia | | ● | | |
| GRI 102-11 | Varúðareglur eða nálgun | Inngangsorð forstjóra<br>Stjórnarhættir | | ● | | |

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GRI 102-12 | Utanaðkomandi frumkvæði | Samfélagið<br>Isavia í samfélaginu<br>Sáttmálar og samstarf<br>Um ársskýrslu | Isavia er með ISO 14001 og ISO 45001 vottun ásamt ÍST:85 vottun | ● | | |
| GRI 102-13 | Aðild að samtökum | Samfélagsþátttaka<br>Sáttmálar og samstarf | | ● | | |
| **Stefna** | | | | | | |
| GRI 102-14 | Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka | Inngangsorð forstjóra | | ● | | |
| **Siðferði og heilindi** | | | | | | |
| GRI 102-16 | Gildi, meginreglur, staðlar og atferlisviðmið | Stjórnarhættir<br>Siðareglur Isavia | | ● | 10 | |
| **Stjórnarhættir** | | | | | | |
| GRI 102-18 | Stjórnskipulag | Stjórnarhættir<br>Stjórnarháttayfirlýsing | | ● | | |
| GRI 102-20 | Ábyrgð á framkvæmdastjórnarstigi á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum þáttum | Starfsemi Isavia<br>Sjálfbærnistefna | | ● | | |
| GRI 102-21 | Ráðgefandi hagaðilar fyrir efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg málefni | Mikilvægir þættir | Forstöðumaður stefnumótunar og samfélags-ábyrgðar fyrir hönd forstjóra Isavia | ● | | |
| GRI 102-22 | Samsetning æðstu stjórnar og nefnda hennar | Stjórnarhættir<br>Stjórnarháttayfirlýsing | | ● | | |
| GRI 102-23 | Formaður æðstu stjórnar | Stjórnarhættir<br>Starfsreglur stjórnar | | ● | | |
| GRI 102-25 | Hagsmunaárekstrar | Stjórnarhættir<br>Stjórnarháttayfirlýsing | | ● | | |
| GRI 102-32 | Hlutverk æðstu stjórnar við skýrslugjöf um sjálfbærni | Markmið og úrbætur | Forstjóri er ábyrgðaraðili ársskýrslu | ● | | |
| GRI 102-33 | Upplýsingagjöf um mikilvæg málefni til stjórnar | | Stjórn er upplýst af forstjóra og framkvæmdastjórn | ● | | |
| GRI 102-35 | Stefnur um þóknun | Starfskjarastefna | | ● | | |
| GRI 102-36 | Ferli til að ákvarða þóknun | Stjórnarhættir<br>Starfsreglur starfskjaranefndar | | ● | | |
| **Þátttaka hagaðila** | | | | | | |
| GRI 102-40 | Listi yfir hópa hagaðila | Mikilvægir þættir<br>Hagaðilar<br>Viðskiptavinir<br>Mannauður | | ● | | |



| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GRI 102-41 | Sameiginlegir kjarasamningar | Mannauður | | ● | 3 | |
| GRI 102-42 | Auðkenning og val á hagaðilum | Mikilvægir þættir | | ● | | |
| GRI 102-43 | Verklag við virkjun hagaðila | Mikilvægir þættir<br>Hagaðilar<br>Viðskiptavinir<br>Mannauður | | ● | | |
| GRI 102-44 | Helstu efnistök og málefni | Mikilvægir þættir<br>Markmið og úrbætur<br>Hagaðilar<br>Viðskiptavinir<br>Mannauður | | ● | | |
| **Starfsvenjur við upplýsingagjöf** | | | | | | |
| GRI 102-45 | Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskilum | Ársreikningur 2021 | Isavia ohf. og dótturfélög | ● | | |
| GRI 102-46 | Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka | Mikilvægir þættir<br>Um ársskýrslu | | ● | | |
| GRI 102-47 | Listi yfir viðfangsefni | Mikilvægir þættir | | ● | | |
| GRI 102-48 | Ítrekun upplýsinga | Mikilvægir þættir | | ● | | |
| GRI 102-49 | Breytingar á skýrslugjöf | Mikilvægir þættir | | ● | | |
| GRI 102-50 | Tímabil skýrslugjafar | | Skýrslan nær yfir almanaksárið 2021 | ● | | |
| GRI 102-51 | Dagsetning síðustu skýrslu | | Almanaksárið 2020 | ● | | |
| GRI 102-52 | Tíðni skýrslugjafar | | Skýrslan er gefin út einu sinni á ári | ● | | |
| GRI 102-53 | Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna | | sustainability @isavia.is | ● | | |
| GRI 102-54 | Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla | Mikilvægir þættir<br>Um ársskýrslu | | ● | | |
| GRI 102-55 | GRI efnisvísir | GRI tilvísunartafla | | ● | | |
| GRI 102-56 | Gæðatrygging ytri aðila | Inngangsorð forstjóra<br>Mikilvægir þættir<br>Ársreikningur 2021 | Áritun endurskoðenda. Rýni óháðs GRI ráðgjafa | ● | | |

## EFNAHAGUR

### GRI 201: 2016 Fjárhagsleg frammistaða

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Mikilvægir þættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |
| GRI 201-1 | Beint fjárhagslegt verðmætasköpun | Umsvif starfseminnar | | ● | | 8 Góð atvinna og hagvöxtur |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |

### GRI 203: 2016 Óbein efnahagsleg áhrif

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á efnisþáttum og mörkum þeirra | Starfsemi Isavia | | ● | | |
| | | Mikilvægir þættir | | | | |
| | | Umsvif starfseminnar | | | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunaraðferðin og hlutar hennar | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Markmið og úrbætur | | | | |
| | | Umsvif starfseminnar | | | | |
| | | Uppbygging og þróun | | | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunaraðferðinni | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| GRI 203-1 | Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við. Auk þess fyrir flugvelli: Skiptir sérstaklega miklu máli fyrir flugvelli vegna áhrifa á nærsamfélag | Markmið og úrbætur | | ● | | |
| | | Umsvif starfseminnar | | | | |
| | | Uppbygging og þróun | | | | |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |
| GRI 203-2 | Veruleg óbein efnahagsleg áhrif | Umsvif starfseminnar | | ● | | 8 Góð atvinna og hagvöxtur |
| | | Uppbygging og þróun | | | | |
| | | Ársreikningur 2021 | | | | |



### GRI 204: 2016 Starfsvenjur við innkaup

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á efnisþáttum og mörkum þeirra | Starfsemi Isavia | | ● | | |
| | | Mikilvægir þættir | | | | |
| | | Hagaðilar | | | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunaraðferðin og hlutar hennar | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Markmið og úrbætur | | | | |
| | | Hagaðilar | | | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunaraðferðinni | Stjórnarhættir | | ● | | |
| | | Starfsemi Isavia | | | | |
| | | Hagaðilar | | | | |
| GRI 204-1 | Hlutfall innkaupa frá birgjum í nærsamfélagi | Hagaðilar | | ● | | 8 Góð atvinna og hagvöxtur; 12 Ábyrg neysla og framleiðsla |
| | | Birgjar | | | | |

## UMHVERFI

### GRI 302: 2016 Orka

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Starfsemi Isavia | | ● | | |
| | | Mikilvægir þættir | | | | |
| | | Hagaðilar | | | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Starfsemi Isavia | | ● | | |
| | | Mikilvægir þættir | | | | |
| | | Markmið og úrbætur | | | | |
| | | Umhverfi | | | | |
| | | Loftslagsmál | | | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Markmið og úrbætur | | ● | | |
| | | Loftslagsmál | | | | |
| GRI 302-1 | Bein orkunotkun eftir orkutegund | Loftslagsmál | | ● | 7, 8 | 8 Góð atvinna og hagvöxtur; 12 Ábyrg neysla og framleiðsla |

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| GRI 302-2 | Óbein orkunotkun eftir orkutegund | Loftslagsmál | | ● | 8 | 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR<br>12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA |
| GRI 302-4 | Lækkun á orkunotkun. Auk þess fyrir flugvelli: Sérstaklega mikilvægt fyrir flugvelli að viðhafa „bestu vinnubrögð" í geiranum | Loftslagsmál | | ● | 8, 9 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |

## GRI 303: 2016 Vatn

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Starfsemi Isavia<br>Mikilvægir þættir<br>Umhverfi | | ● | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Starfsemi Isavia<br>Markmið og úrbætur<br>Umhverfi | | ● | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Starfsemi Isavia<br>Umhverfi | | ● | | |
| GRI 303-1 | Vatnstaka eftir vatnsbólum | Auðlindanýting | | ◐ | 8 | |

## GRI 304: 2016 Líffræðilegur fjölbreytileiki

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Starfsemi Isavia<br>Mikilvægir þættir<br>Hagaðilar | | ● | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Starfsemi Isavia<br>Umhverfi | | ● | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Starfsemi Isavia<br>Umhverfi | | ● | | |
| GRI 304-1 | Rekstrarstaðir í eigu, leigðir, stjórnað á, eða við skilgreind verndarsvæði auk annarra svæða með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika | Lífsgæði | | ● | 8 | |
| GRI 304-4 | Fjöldi tegunda á válista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarflokki á áhrifasvæði rekstrar | Lífsgæði | | ● | | |



## GRI 305: 2016 Losun

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Starfsemi Isavia<br>Mikilvægir þættir<br>Umhverfi<br>Loftslagsmál | | ● | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Starfsemi Isavia<br>Markmið og úrbætur<br>Umhverfi<br>Loftslagsmál | | ● | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Starfsemi Isavia<br>Umhverfi<br>Loftslagsmál | | ● | | |
| GRI 305-1 | Bein losun gróðurhúsalofttegunda - Umfang 1 | Loftslagsmál | | ● | 7, 8 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |
| GRI 305-2 | Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda – Umfang 2 | Loftslagsmál | | ● | 7, 8 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |
| GRI 305-3 | Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda – Umfang 3 | Loftslagsmál | | ● | 7, 8 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |
| GRI 305-4 | Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda | Loftslagsmál | | ● | 8 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |
| GRI 305-5 | Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. | Loftslagsmál | | ● | 8, 9 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |
| GRI 305-7 | Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda | Lífsgæði | | ● | 7, 8 | 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |

| Tilvísun | | Staðsetning í skýrslu | Upplýsingar | Staða | UNGC | HM |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GRI 306: 2016 Frárennsli og úrgangur** | | | | | | |
| **GRI 103: Nálgun stjórnenda** | | | | | | |
| GRI 103-1 | Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess | Starfsemi Isavia<br>Mikilvægir þættir<br>Umhverfi<br>Endurvinnsla | | ● | | |
| GRI 103-2 | Stjórnunarnálgunin og þættir hennar | Starfsemi Isavia<br>Markmið og úrbætur<br>Umhverfi<br>Endurvinnsla | | ● | | |
| GRI 103-3 | Mat á stjórnunarnálguninni | Starfsemi Isavia<br>Umhverfi<br>Endurvinnsla | | ● | | |
Við upphaflega skráningu metur samstæðan hvort samningur teljist vera leigusamningur eða innihaldi leigusamning. Samstæðan skráir nýtingarrétt til eignar og samsvarandi leiguskuldbindingu vegna allra leigusamninga, nema skammtímaleigu (til skemmri tíma en 12 mánaða) og fyrir leigueignir með lágt virði þar sem leigugreiðslur eru færðar línulega á meðal rekstrargjalda yfir leigutímann.

Leiguskuldbinding er upphaflega metin á núvirði framtíðarleigugreiðslna. Leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í samningi, eða ef þeir eru ekki aðgengilegir, með vöxtum af viðbótarlánsfé. Leiguskuldbinding samanstendur af föstum greiðslum að frádregnum leiguhvötum, breytilegum greiðslum vegna vísitölu, væntu hrakvirði og kaupréttum á leigueignum ef líklegt er talið að þeir verði nýttir.

# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Leigusamningar (framhald)

Leigugreiðslur skiptast í vaxtagjöld og greiðslur af höfuðstól sem koma til lækkunar á leiguskuldbindingu. Samstæðan endurmetur leiguskuldbindingu ef leigutímabil breytist, ef leigugreiðslur breytast vegna vísitölutengingar eða þegar breytingar eru gerðar á leigusamningi sem ekki leiða til þess að nýr leigusamningur er skráður.

Nýtingarréttur er afskrifaður á því sem styttra reynist af líftíma leigusamnings eða leigueignar. Ef leigusamningur leiðir til eigendaskipta eða ef bókfært verð nýtingarréttar felur í sér kauprétt á leigueign, þá er nýtingaréttur afskrifaður á líftíma leigueignar. Nýtingarréttur er afskrifaður frá upphafsdegi leigusamnings.

Breytilegar leigugreiðslur sem eru ekki vísitölutengdar eru ekki hluti af leiguskuldbindingu eða nýtingarrétti eignar, heldur gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Samstæðan nýtir sér heimild IFRS 16 til þess að skilja ekki samningsbundnar greiðslur vegna þjónustuþáttar (eða aðrar greiðslur sem ekki teljast til leigu) frá leigugreiðslum við mat á leiguskuldbindingu og nýtingarrétti.

### Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur samstæðan endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

### Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum í tvo flokka, annars vegar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hins vegar fjáreignir á gangvirði. Samstæðan skráir allar sínar fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.

*Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.





# Skýringar

## 28. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

*Virkir vextir*

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

*Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga*

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

*Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

*Virðisrýrnun fjáreigna*

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum afdregnum fjármagnstekjuskatti, inneign vegna virðisaukaskatts og fyrirframgreiðslum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum samstæðunnar er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðréttri fyrir framtíðarväntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 15.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

*Afskráning fjáreigna*

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

### Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

*Fjárskuldir*

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

*Afskráning fjárskulda*

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

# Skýringar

## 29. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir skipulagi samstæðunnar og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Meginhluti af rekstri Isavia ANS ehf. samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Isavia Innanlandsflugvellir ehf. er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkurflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur stoðsviða. Í skýringu 28 er nánar fjallað um tekjur hvers félags innan starfsþáttar.

Innan tekna í starfsþáttunum eru leigutekjur að fjárhæð um 2.862 milljónir króna (2020: um 1.840 milljónir króna) sem falla undir gildissvið IFRS 16 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 28.

**Starfsþáttagreining 2021**

| | Isavia ANS ehf. Flugleiðsaga | Isavia Innanlands-flugvellir ehf. Innanlandskerfi | Isavia ohf. Keflavíkur-flugvöllur | Fríhöfnin ehf. | Önnur dóttur-félög | Jöfnun | Samstæða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 6.344.405 | 2.601.227 | 6.148.083 | 5.235.919 | 513.253 | | 20.842.888 |
| Innanfélagstekjur | 719.059 | 36.440 | 2.263.177 | 0 | 774.612 | (3.793.288) | 0 |
| Heildartekjur | 7.063.463 | 2.637.667 | 8.411.260 | 5.235.919 | 1.287.865 | (3.793.288) | 20.842.888 |
| **Afkoma** | | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 273.557 | (10.305) | (5.196.308) | 108.782 | 118.269 | (15.248) | (4.721.254) |
| Fjármagnsliðir | (158.346) | (19.712) | 3.748.790 | (37.050) | 19.553 | 11.912 | 3.565.147 |
| Afkoma fyrir skatta | 115.210 | (30.017) | (1.447.518) | 71.732 | 137.822 | (3.336) | (1.156.107) |
| Afkoma ársins | 92.187 | (23.995) | (30.617) | 149.425 | 136.558 | (2.669) | 320.890 |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 6.652.296 | 1.325.825 | 69.175.671 | 367.536 | 174.236 | (10.169.277) | 67.526.288 |
| Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti | 3.482.728 | 2.276.017 | 15.735.968 | 1.384.083 | 436.549 | (2.735.008) | 20.580.337 |
| Heildareignir | 10.135.024 | 3.601.843 | 84.911.639 | 1.751.620 | 610.785 | (12.904.285) | 88.106.625 |
| Heildarskuldir | 9.409.524 | 3.532.217 | 49.314.705 | 958.579 | 282.323 | (11.969.550) | 51.527.798 |
| Eigið fé | 725.500 | 69.626 | 35.596.934 | 793.041 | 328.462 | (934.735) | 36.578.827 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | | | | | |
| Fjárfestingar ársins | 344.410 | 90.576 | 5.629.724 | 8.578 | 2.346 | 0 | 6.075.633 |
| Afskriftir ársins | 347.735 | 125.942 | 3.319.139 | 238.023 | 38.479 | (158.464) | 3.910.854 |





# Skýringar

## 29. Starfsþáttayfirlit (framhald)

**Starfsþáttagreining 2020**

| | Isavia ANS ehf. Flugleiðsaga | Isavia Innanlands-flugvellir ehf. Innanlandskerfi | Isavia ohf. Keflavíkur-flugvöllur | Fríhöfnin ehf. | Önnur dóttur-félög | Jöfnun | Samstæða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | | | |
| Tekjur frá þriðja aðila | 5.975.139 | 2.127.693 | 3.063.881 | 3.428.433 | 141.575 | | 14.736.721 |
| Innanfélagstekjur | 682.299 | 27.822 | 1.644.126 | 0 | 945.474 | (3.299.722) | 0 |
| Heildartekjur | 6.657.438 | 2.155.516 | 4.708.008 | 3.428.433 | 1.087.049 | (3.299.722) | 14.736.721 |
| **Afkoma** | | | | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 261.369 | (378.808) | (9.372.192) | (606.391) | 57.474 | (14.977) | (10.053.525) |
| Fjármagnsliðir | (96.995) | (65.182) | (4.725.776) | (34.492) | 28.107 | 18.969 | (4.875.371) |
| Afkoma fyrir skatta | 164.374 | (443.990) | (14.097.969) | (640.884) | 85.581 | 3.992 | (14.928.895) |
| Afkoma ársins | 131.499 | (355.192) | (12.420.785) | (604.754) | 68.472 | 3.194 | (13.177.565) |
| **Efnahagsreikningur** | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 4.742.169 | 1.361.239 | 61.492.295 | 509.175 | 103.975 | (5.969.592) | 62.239.260 |
| Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti | 3.138.366 | 1.122.535 | 15.820.389 | 751.685 | 387.700 | (2.983.043) | 18.237.633 |
| Heildareignir | 7.880.535 | 2.483.774 | 77.312.684 | 1.260.860 | 491.675 | (8.952.635) | 80.476.893 |
| Heildarskuldir | 7.247.222 | 2.390.153 | 50.685.133 | 617.245 | 297.851 | (8.020.064) | 53.217.540 |
| Eigið fé | 633.313 | 93.621 | 26.627.551 | 643.615 | 193.824 | (932.571) | 27.259.353 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | | | | | |
| Fjárfestingar ársins | 598.072 | 48.602 | 2.721.144 | 8.921 | 3.832 | | 3.380.571 |
| Afskriftir ársins | 338.806 | 126.634 | 3.310.475 | 255.823 | 37.910 | (152.821) | 3.916.827 |

## Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár stjórnar 2021 – 2022 og er hún birt samhliða ársreikningi fyrir almanaksárið 2021.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er Isavia að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, sem gefin voru út 1 júlí 2021 og er 6. útgáfa. Félagið fylgir einnig Almennri eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins, útgefinni í september 2021.

### Lög og reglur

Isavia ohf er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu, flugvallarekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.
Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum *Leiðbeiningar um stjórnarhætti* til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að það sé ekki skylt lögum samkvæmt.
Helsta frávik er að ekki er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu þar sem tilnefning í stjórn félagsins er hjá Fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með hlut ríkisins í félaginu.

Tvær undirnefndir starfa undir stjórninni, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd.
Ekki hafa fallið dómar þar sem starfsemi félagsins er talin hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins www.isavia.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands. Leiðbeiningarnar eru m.a. birtar á slóðinni https://leidbeiningar.is/

### Áhættustýring og innra eftirlit

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu fyrir félagið þar sem helstu áhættuþættir í rekstri hafa verið skilgreindir. Stjórn Isavia hefur samþykkt áhættustefnu félagsins. Unnið er að uppfærslu á stefnunni m.a. vegna breytinga á skipulagi félagsins með tilkomu dótturfélaganna. Þar sem ein áhættustefna verður fyrir samstæðuna í heild, en tekið verður tillit til dótturfélaganna í sérstökum undirköflum fyrir hvert félag fyrir sig. Samkvæmt áhættustefnu er heildstæðri áhættustýringu ætlað að tryggja að áhætta sé greind, að samræmt ferli sé fyrir hendi til að meðhöndla áhættu, að reglulega sé ferlið endurmetið, upplýsingagjöf sé regluleg og að hún lýsi áhættumati og áhættuvilja. Sjá skýringu 20.

Áhættunefnd er starfandi og hefur umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga sem geta haft marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Í áhættunefnd sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs, og sérfræðingar félagsins í áhættustýringu. Áhættunefnd er með reglubundna skýrslugjöf um áhættur félagsins til stjórnar.

PricewaterhouseCoopers ehf. sér um innri endurskoðun félagsins sem m.a. leggur mat á áhættustýringu, eftirlitsaðferðir og stjórnarhætti hjá öllum félögum innan samstæðunnar með kerfisbundnum aðferðum og styður þannig félagið við að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun er ráðin af stjórn, starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi félagsins. Innri endurskoðun gerir endurskoðunarnefnd og stjórn grein fyrir niðurstöðum úttektar sinna í skýrslum til stjórnar móður- og dótturfélaga. Framkvæmdastjórar bera ábyrgð á að draga fram, skilgreina og meta áhættu innan síns sviðs sem og að koma á viðeigandi stýringu til að lágmarka áhættu.

### Stjórn

Í stjórn Isavia sitja fimm einstaklingar, og fimm til vara, kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn er tilnefnd til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn er 40% konur og 60% karlar. Allir sem sitja í stjórn teljast vera óháðir í skilningi *Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja* . Allir hafa gefið stjórninni skýrslu um eignir sínar í öðrum félögum sem hafa ekki áhrif á störf þeirra í stjórn.

### Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru afmörkuð. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 23. apríl 2021. Þar er m.a. að finna ákvæði varðandi skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru birtar á heimasíðu félagsins.

Meginhlutverk stjórnar er að fara með málefni félagsins milli hluthafafunda, tryggja að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins, að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórnin tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur.





## Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

### Störf og starfsreglur stjórnar (framhald)

Þá ber stjórninni að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma litið, með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á starfsárinu 2021 - 2022 voru haldnir 11 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og allir mættu á flesta fundi. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Stjórnarformaður stýrir fundum. Auk stjórnar situr forstjóri, aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðs stjórnarfundi. Aðstoðarforstjóri ritar fundagerðir. Fundagerðir eru undirritaðar af stjórn, forstjóra og fundarritara.

### Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra svo og skilvirkni undirnefnda séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Árangursmat stjórnar fór fram í mars 2022.

### Skipan stjórnar Isavia 2021-2022

Orri Hauksson, fæddur 1971, stjórnarformaður frá 2019, MBA frá Harvard Business School í Boston og vélaverkfræðingur frá HÍ. Orri hefur verið forstjóri Símans frá árinu 2013. Hann var áður framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins 2010-2013 og fjárfestingastjóri hjá Novator Partners 2007-2010. Þá var hann framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans árin 2003-2007. Hann hefur einnig sinnt störfum sölustjóra Maskina Software Inc. í Boston og greinanda í utanlandsdeild Eimskipafélagsins. Orri var aðstoðarmaður forsætisráðherra 1997-2000. Orri var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2019 og situr einnig í starfskjaranefnd Isavia. Orri er óháður Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
Önnur stjórnarstörf:
Orri situr í stjórn Frumorku ehf. og Augustson A/S

Matthías Imsland, fæddur 1974, stjórnarmaður frá 2014. Hann er stjórnmálafræðingur frá HÍ og með MS próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, hefur stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stjórnunarnámi við North Park University í Chicago í Bandaríkjunum. Matthías er framkvæmdastjóri ýmissa fjárfestingarfélaga. Hann var aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá 2013-15, aðstoðarmaður forsætisráðherra frá janúar-apríl 2016 og var síðan aftur aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra frá apríl 2016-janúar 2017, var um tíma framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW-air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express. Matthías var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014, varaformaður 2014-2017 og frá 2018. Matthías er óháður Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
*Önnur stjórnarstörf:*
Matthías situr í stjórn Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Eva Pandora Baldursdóttir, fædd 1990, stjórnarmaður frá 2018, B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, MA í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst og diplóma í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands. Eva Pandora hefur starfað sem sérfræðingur á Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar frá 2021. Hún var sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar 2017-2021 alþingismaður Norðvestur kjördæmis 2016–2017, viðskiptafræðingur hjá KPMG 2016, skipuleggjandi ferða hjá Iceland Travel 2015–2016 og viðskiptafræðingur hjá Fjárvakri 2012–2015. Eva Pandora var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2018 og situr í starfskjaranefnd Isavia. Eva Pandora er óháð Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
*Önnur stjórnarstörf:*
Eva situr í stjórn Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir, fædd 1978, stjórnarmaður frá 2018, viðskiptafræðingur með MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Frá árinu 2015 hefur Nanna verið fjárfestingastjóri Hafbliks fjárfestingafélags. Hún var ráðgjafi erlendra verslanakeðja 2013-2014 vegna starfsemi hér á landi, eigandi Náttúrulækningabúðarinnar og tengdra félaga í verslun og heildsölu 2008-2013 og starfaði hjá Eimskipafélagi Íslands frá 1998-2008, m.a. í fjárstýringadeild og sem sölustjóri í sjó- og flugfraktdeild. Nanna Margrét var kosin í stjórn á aðalfundi 2018 og situr í endurskoðunarnefnd Isavia. Nanna Margrét er óháð Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
*Önnur stjórnarstörf:*
Nanna situr í stjórn Fríhafnarinnar ehf. og í stjórnum Ilta Investment ehf., Ilta PE ehf. og Framtíðar Bylgju.

Valdimar Halldórsson, fæddur 1973. Stjórnarmaður frá 2018, BA í hagfræði og MSc í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Sjálfstætt starfandi. Frá árinu 2016-2021 var Valdimar framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík og Norðursiglingar hf. á Húsavík. Hann var ráðgjafi hjá H.F. Verðbréf 2013-2016, aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra 2012-2013, sérfræðingur hjá Marko Partners 2011-2012, sérfræðingur hjá IFS Greiningu 2008-11, sérfræðingur í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka 2004-2008 og hjá Þjóðhagsstofnun/Hagstofu Íslands, þjóðhagsreikningum 2000-2004. Valdimar var kosin í stjórn á aðalfundi 2018 og situr einnig í endurskoðunarnefnd Isavia. Valdimar er óháður Isavia, daglegum stjórnendum fyrirtækisins og eiganda þess.
*Önnur stjórnarstörf:*
Valdimar er stjórnarformaður í Fríhöfninni ehf., í stjórn hjá Stapa lífeyrissjóði, í Fjárfestingarfélagi Þingeyinga ehf., Veiðifélagi Laxár og Krákár, Willa Franz ehf. og varamaður hjá Skúlagarði fasteignafélagi.

# Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

## Varastjórn Isavia

Björg Eva Erlendsdóttir fædd 1960, BA í íslensku, norsku og blaðamennsku, framkvæmdastjóri Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs.
Hreiðar Eiríksson fæddur 1963, lögfræðingur, starfar hjá Fiskistofu Akureyri.
Ingveldur Sæmundsdóttir, fædd 1970, viðskiptafræðingur MBA, aðstoðarmaður innviðaráðherra.
Óskar Þórmundsson, fæddur 1950, fyrrum yfirlögregluþjónn.
Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, viðskiptafræðingur MBA, ráðgjafi. Var aðalmaður í stjórn 2014-17, varamaður frá 2017.

## Forstjóri Isavia

Forstjóri hefur með höndum daglegan rekstur félagsins skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart henni og fylgt sé samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Forstjóri er Sveinbjörn Indriðason fæddur 1972, hagfræðingur frá Háskóla Íslands 1998. Hann starfaði hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og vann við áhættustýringu hjá Icelandair frá 1999 til 2005. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs FL Group frá 2005 til 2008 og rekstrar- og fjármálastjóri nýsköpunarfyrirtækisins CLARA frá árinu 2011. Sveinbjörn var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Isavia frá árinu 2013 þar til í júní 2019 þegar hann var ráðinn forstjóri Isavia.

Forstjóri hefur að auki umsjón og eftirlit með dótturfélögum Isavia ohf.   Sett hefur verið eigandastefna dótturfélaga Isavia ohf., þar sem leitast er við að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda, félagsins, stjórnar og stjórnenda til að stuðla að góðum stjórnháttum og skýrri stefnumörkun. Þannig á eigandastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun dótturfélaga  Einnig hafa verið gerðir viðaukar þar sem fram koma stefnur, reglur og leiðbeiningar sem unnið er eftir á samstæðugrunni.  Má þar nefna mannauðsstefnu, sjálfbærnistefnu, stefnu um heildastæða áhættustýringu, siðareglur og meðferð persónuupplýsinga svo eitthvað sé nefnt. Eigandastefnan ásamt viðauka er aðgengileg á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

## Ársreikningar félagsins

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins www.isavia.is.

Innra eftirlit með reikningsskilaferli félagsins er ætlað að tryggja að upplýsingar í ársreikningi séu fullnægjandi, nái til mikilvægra þátta og séu settar fram með hlutlausum hætti. Reikningsskil félagsins eru unnin af fjármála- og mannauðssviði félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Reikningsskilin eru yfirfarin af stjórnendum félagsins, endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendum félagsins. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins er að finna í skýringu 28 með ársreikningnum.

## Undirnefndir

Á vegum stjórnar starfar tvær undirnefndir, nefndarmenn eru skipaðar af stjórn Isavia ohf.

### Starfskjaranefnd

Stjórn Isavia skipa tvo einstaklinga í starfskjaranefnd sem eiga einnig sæti í stjórn félagsins. Helstu verkefni starfskjaranefndar er að undirbúa árlega drög að starfskjarastefnu sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, undirbúa tillögu til aðalfundar um starfskjör stjórnar, undirbúa tillögu til stjórnar um viðmið fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Starfskjaranefnd hefur eftirlit með því að starfskjarastefnu sé framfylgt og að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og góðar starfsvenjur. Starfsreglur starfskjaranefndar ásamt starfskjarastefnu félagsins er að finna á heimasíðu félagsins.

### Endurskoðunarnefnd

Um endurskoðunarnefnd Isavia gildir IX kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga, samanber lög nr. 80/2008. Stjórn félagsins setur starfsreglur nefndarinnar, til frekari fyllingar lögunum. Stjórn Isavia skipar á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi ár hvert þrjá einstaklinga í endurskoðunarnefnd Isavia. Í henni sitja þrír aðilar,  einn óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar, gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráð við Ríkisendurskoðun skv. 7.gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættustýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Hlutverk og starfsreglur er að finna á heimasíðu félagsins.





# Viðauki I  Stjórnarháttayfirlýsing

## Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hlutinn.  Boðun á hluthafafundi er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafans. Önnur samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru í flestum tilfellum að frumkvæði félagsins. Stjórnarformaður og forstjóri hafa átt fundi með ráðherra eða starfsmönnum fjármálaráðuneytisins.
Stjórn og forstjóri félagsins fylgja *Almennri eigandastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins* í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum eftir því sem við á.

## Samfélagsleg ábyrgð og siðferðisviðmið

Isavia samstæðan er með sjálfbærnistefnu og hefur stutt UN Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur félagið sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Félagið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnur markvisst að þeim. Í sjálfbærnistefnu félagsins er áhersla lögð á jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags.

Félagið hefur sett siðareglur fyrir birgja samstæðunnar og eru þær settar í samræmi við ofangreind tíu meginviðmið UN Global Compact. Gerð er krafa til birgja félaganna að þeir uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber félaginu ef grunur vaknar um að viðmiðunum sé ekki fylgt. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Í samningum félagsins er að finna ákvæði um bann við gerviverktöku og ráðningarsamband skal vera meginregla í samskiptum starfsfólks og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

Isavia hefur sjálfbærni að leiðarljósi í öllu sem félagið gerir þ.m.t. að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki í sátt og samvinnu við hagaðila. Félagið setti sér umhverfisstefnu árið 2015 og hefur unnið ötullega að markmiðum stefnunnar með aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum. Stefna í samfélagsábyrgð og umhverfisstefnan voru sameinaðar undir einni sjálfbærnistefnu í lok árs 2021. Um leið var aðgerðaáætlun félagsins uppfærð til fimm ára og skerpt á ákvæðum um loftslagsmál í samræmi við lög þar um. Í áætluninni eru settar fram fjölmargar aðgerðir sem eiga að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi félagsins.  Aðgerðaáætlunin gildir til loka árs 2026. Lokið var við koma upp umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóða staðlinum ISO14001 og vottun þess á árinu 2021. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í kolefnisvottunarkerfi á vegum alþjóðasamtaka flugvalla (ACI), sem heitir Airport Carbon Accreditation (ACA).

Isavia hefur um árabil unnið markvisst að því að stuðla að jafnrétti kynjanna og hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2018 og aftur 2021 sem staðfest hefur verið af Jafnréttisstofu. Samhliða vottuninni á síðasta ári var gerð launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia. Á árinu 2021 var aðgerðaráætlun jafnréttismála hjá félaginu einnig endurskoðuð og hlaut áætlunin staðfestingu Jafnréttisstofu um mitt ár. Áætlunin miðar að því að tryggja jöfn tækifæri allra kynja hjá félaginu.

Isavia er með siðareglur, sem voru uppfærðar nú nýlega.  Þær taka til alls starfsfólks og stjórnenda allra félaga innan samstæðunnar og eru hluti af ráðningarsamningum þeirra.

Félagið tryggir ákveðna vernd til handa starfsfólki sem upplýsa um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni, samkvæmt lögum nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara. Starfsmaður sem býr yfir upplýsingum eða gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðunnar ber að tilkynna slíkt. Komið hefur verið upp ferli til að auðvelda starfsfólki að koma slíkum upplýsingum á framfæri nafnlaust í gegnum heimasíðu félagsins.

Isavia hefur skilaði samfélagsskýrslu sem hluta af árskýrslu félagsins frá árinu 2016. Skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) ásamt sérákvæðum um flugvelli. Skýrslunni er skilað inn í gagnabanka GRI og til Sameinuðu þjóðanna sem árlegri framvinduskýrslu vegna skuldbindinga við UN Global.

# Viðauki II  Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Viðskiptalíkan

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag sem annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar. Dótturfélög þess eru þrjú í árslok 2021: Isavia Innanlandsflugvellir ehf. sem annast rekstur áætlunarflugvalla í innanlandsflugi og lendingarstaða á Íslandi, Fríhöfnin ehf. sem annast rekstur fjögurra fríhafnarverslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Isavia ANS ehf. sem annast flugleiðsöguþjónustu innanlands og vegna alþjóðaflugs yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi. Dótturfélagið Isavia ANS ehf. á tvö dótturfélög sem eru Tern Systems ehf. sem er hugbúnaðarfyrirtæki og Suluk ApS sem er þjónusta flugumferðarstjóra á Grænlandi. Tern Systems ehf. á svo eitt dótturfélag sem er einnig hugbúnaðarfyrirtæki sem er Tern Branch Unverjalandi.

Isavia hefur með höndum rekstur og viðhald á innviðum sem leggja grunn að flugsamgöngum Íslands, tengingum við umheiminn og flugi á milli heimsálfa. Starfsemin skiptir þar af leiðandi miklu máli fyrir þjóðarhag. Lögð er áhersla á víðtækt samráð við þá hagaðila sem treysta á þjónustu fyrirtækisins og verða fyrir áhrifum af starfseminni.

Isavia starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði þar sem samkeppni milli flugvalla er mikil. Markaðsumhverfið hefur tekið miklum breytingum undanfarið og ekki er séð fyrir endann á þeim. Mikil áhersluaukning hefur orðið á sjálfbærni í rekstri flugvalla og Isavia hefur unnið markvisst að því síðustu árin að tryggja sjálfbærni til framtíðar. Samstæðan sér mikil tækifæri í því að samkeppnisforskot Íslands til framtíðar geti snúið að umhverfismálum og sjálfbærni. Stefna samstæðunnar endurspeglar það.

## Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð

Isavia samstæðan er með stefnu í sjálfbærni og hefur stutt UN Global Compact sáttamála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2016. Með því skuldbindur Isavia sig til þess að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu viðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Isavia styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og vinnur markvisst að þeim. Í stefnu samstæðunnar í sjálfbærni er áhersla lögð á jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi.

Siðareglur fyrir birgja Isavia og dótturfélaga eru settar í samræmi við tíu viðmið UN Global Compact. Gerð er krafa til birgja félaganna að þeir uppfylli siðareglurnar sem lágmarks viðmið og að þeir geri sömu kröfu til sinna birgja. Tilkynna ber Isavia ef grunur vaknar um brot á reglunum hjá þeim. Sé þess óskað þurfa birgjar að geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt. Í samningum samstæðunnar er að finna ákvæði um bann við gerviverktöku og ráðningarsamband skal vera meginregla í samskiptum starfsmanna og verksala. Þetta er gert til þess að tryggja að öll launþegagjöld, hverju nafni sem þau nefnast, séu greidd og farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga.

## Umhverfismál

Isavia hefur að leiðarljósi að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki í sátt og samvinnu við hagaðila. Samstæðan setti sér umhverfisstefnu árið 2015 og hefur unnið ötullega að markmiðum stefnunnar með aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum. Árið 2021 var sett ný stefna í sjálfbærni þar sem stefna í samfélagsábyrgð og umhverfisstefa voru sameinaðar í eina. Um leið var aðgerðaáætlun uppfærð til fimm ára fyrir móðurfélagið og unnið er að uppfærslu aðgerða fyrir dótturfélögin sem lýkur á árinu 2022. Í áætluninni eru settar fram fjölmargar aðgerðir sem eiga að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi Isavia. Aðgerðaáætlunin gildir til loka árs 2026.

Lokið var við vottun umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt alþjóða staðlinum ISO14001 fyrir Keflavíkurflugvöll. Þá er flugvöllurinn þátttakandi í kolefnisvottunarkerfi á vegum alþjóðasamtaka flugvalla (ACI), sem heitir Airport Carbon Accreditation (ACA).

Eldsneytisnotkun er veigamesti umhverfisþátturinn í starfsemi Isavia. Vel er fylgst með eldsneytisnotkun í starfseminni og unnið að því að draga úr þar sem hægt er. Stærsti hluti notkunarinnar er vegna þjónustu og viðhalds á brautum og athafnasvæðum flugvallanna. Árið 2021 var unnin ítarleg greining á útskiptingu ökutækja á Keflavíkurflugvelli. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að flugvöllurinn yrði kolefnislaus árið 2030 sem þýðir að öll ökutæki í eigu Isavia ohf. verði komin á umhverfisvæna orkugjafa. Isavia hefur kolefnisjafnað eldsneytisnotkun sína undanfarin fjögur ár.

## Mannauður

Isavia leitast við að vera eftirsóttur vinnustaður og samstæðan leggur áherslu á gott starfsumhverfi og ánægju starfsfólks.

Isavia hefur um árabil unnið markvisst að því að stuðla að jafnrétti kynjanna og hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2018 og aftur 2021 sem staðfest hefur verið af Jafnréttisstofu. Samhliða vottuninni á síðasta ári var gerð launagreining sem leiddi í ljós að ekki er til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Isavia. Á árinu 2021 var aðgerðaráætlun jafnréttismála hjá félaginu einnig endurskoðuð og hlaut áætlunin staðfestingu Jafnréttisstofu um mitt ár. Áætlunin miðar að því að tryggja jöfn tækifæri allra kynja hjá félaginu.





# Viðauki II  Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Mannauður (framhald)

Þá er Isavia með jafnréttisáætlun sem miðar að því að auka almenna starfsánægju og bæta starfsanda. Tilgangur jafnréttisáætlunarinnar er að tryggja fyllsta jafnræðis, jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Stjórn Isavia hefur staðfest nýjar siðareglur samstæðunnar sem gilda um alla starfsemi þess. Allt starfsfólks skrifar undir siðareglurnar samhliða undirritun ráðningarsamnings en þær eru einnig aðgengilegar á ytri og innri vef Isavia.

Í lok árs 2021 samþykkti stjórn Isavia nýja og uppfærða viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis (EKKO). Áætlunin er sett á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Áætlunin nær til allra starfsstöðva Isavia og dótturfélaga og á jafnt við um starfsfólk, stjórnendur og verktaka sem starfa á vegum samstæðunnar eða á vegum annarra þjónustuaðila á starfsstöðvum Isavia.

Viðbragðsáætlunin byggir á þeirri stefnu Isavia að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni eða annarskonar ofbeldi er ekki undir neinum kringumstæðum liðið. Það er markmið samstæðunnar að uppræta slíka hegðun með fyrirbyggjandi aðgerðum í formi fræðslu og með faglegum verkferlum.

Starfsfólk eða aðrir sem búa yfir upplýsingum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi samstæðunnar ber að tilkynna slíkt. Isavia tryggir ákveðna vernd til handa þeim sem upplýsa um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni til samræmis við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Tilkynningar þess efnis er hægt að senda inn í gegnum heimasíðu Isavia.

## Áhættustýring

Isavia fylgir formlegu ferli áhættustýringar til að draga fram og stýra fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu samstæðunnar. Með ferlinu er leitast við að kortleggja helstu áhættuþætti samstæðunnar og gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr líkum á óæskilegum atburðum. Stjórnendur stýra áhættu samstæðunnar í samræmi við áhættuvilja Isavia sem stjórn setur en áhættuþol, þ.e. mörk ásættanlegra frávika frá markmiðum, eru skilgreind í stefnuskjölum, verklagsreglum, handbókum og reglugerðum er varða félagið.

## Lykilmælikvarðar

Til að ákvarða mikilvægustu þætti til að vinna að á sviði sjálfbærni voru tekin viðtöl við helstu hagaðila utan og innan samstæðunnar til þess að meta hvaða málefni þeir telja sérstaklega mikilvæg í samstarfi við samstæðuna og hvernig hægt væri að koma til móts við væntingar þeirra um upplýsingagjöf. Hagaðilahópar fyrirtækisins hafa verið skilgreindir fimm, þ.e. viðskiptavinir, starfsfólk, stjórnvöld, birgjar og samfélagið.

Fyrirtækið vinnur markvisst að öllum þeim þáttum sem teljast mikilvægastir fyrir hagaðila. Þeir þættir sem voru metnir mikilvægastir voru: Öryggi og vinnuvernd, minnkun kolefnisspors, hljóðvist, sorpflokkun, jafnrétti, samstarf við nærsamfélag, hagkvæm nýting auðlinda, varnir gegn mengunaróhöppum, samgöngur, vistvænar byggingar og þjónusta. Í upphafi árs 2022 var þessi mikilvægisgreining uppfærð eins og gert er ráð fyrir að gert sé reglulega samkvæmt GRI viðmiðunum.

Fyrir utan að horfa til ábendinga ytri hagaðila við val á markmiðum fyrir 2021, var horft til stefnu fyrirtækisins og hinna ýmsu skuldbindinga þess að öðru leyti. Markmiðin tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vinnan fór fram með fulltrúum starfsfólks frá öllum sviðum fyrirtækisins. Tillögur vinnuhóps voru lagðar fyrir forstjóra og framkvæmdastjórn til samþykktar og fyrir stjórn til kynningar.

Markmið 1: Stöðugt unnið að fækkun slysa á vinnustöðum Isavia. Tilkynntum vinnuslysum fækkaði milli ára úr 39 í 31 þar af héldust alvarleg slys (fjarveruslysum) í 4 milli ára.

Markmið 2: Jafna hlut kynjanna í stjórnendastörfum fyrir árið 2025. Stjórnendaþrep eitt 37%/63%, stjórnendaþrep tvö 55%/45%, stjórnendaþrep þrjú 69%/31%.

Markmið 3: Meta áhrif loftslagsbreytinga á innviði Keflavíkurflugvallar. Greining er hafin.

Markmið 4: Efla skilvirkt eftirlit með innkaupum Isavia. Vísað er í siðareglur og samfélagsábyrgð í öllum útboðs- og samningsgögnum samstæðunnar auk þess sem unnið er að fá alla skráða birgja félagsins til að skrifa undir siðareglur birgja Isavia, rétt tæp 60% skráðra birgja hafa skrifað undir.

Markmið 5: Hlutfall flokkaðs úrgangs verði 40% árið 2020, 55% árið 2025 og 70% árið 2030. Hlutfall flokkaðs úrgangs var 37% árið 2021. Hlutfallið fór úr 41% í 37% á milli ára þar sem úrgangur úr eldsneytisskiljum fyrir tvö ár kom inn í tölurnar árið 2021.

Markmið 6: Losun gróðurhúsalofttegunda hafi minnkað um 40% árið 2020, 50% árið 2025 og 60% árið 2030 frá árinu 2015. Losun hjá Isavia hafði minnkað um 39% í lok árs 2021. Hlutfallið var 34% árið 2020 en árangurinn 2021 má rekja til minni eldsneytisnotkunar á Keflavíkurflugvelli.

# Viðauki II  Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Lykilmælikvarðar (framhald)

Markmið 7: Markviss og samræmd samskipti við ytri hagaðila fyrirtækisins. Unnið er formelga að samvinnuverkefnum í sjálfbærni með sveitafélögunum fjórum á Suðurnesjum, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Einnig er unnið innan formlegs samstarfsvettvangs með hagaðilum á Keflavíkurflugvelli að sameiginlegum málefnum í átt að aukinni sjálfbærni.

Markmið 8: Efla vitund á mikilvægi sjálfbærni hjá fyrirtækinu. Stjórn og stjórnendur fengu kynningu á sjálfbærnistefnu samstæðunnar. Allt starfsfólk og stjórnendur tóku þjálfun í umhverfismálum.

Ársskýrsla Isavia samstæðunnar er gefin út samkvæmt alþjóðlegum staðli Global Reporting Initiative ásamt sérákvæðum þeirra um flugvelli. Í skýrslunni er áherslum, markmiðum, lykilmælikvörðum og árangri Isavia í átt að aukinni sjálfbærni gerð skil. Fjallað er um umhverfis-, samfélagslega- og efnahagslega þætti í ítarlegu máli.  Þá skilar Isavia ársskýrslu árlega sem framvinduskýrslu til UN Global Compact og Global Reporting Initiative. Skýrslan kemur nú út í sjötta skipti með þessum hætti.

Frekari upplýsingar um ófjárhagsleg málefni samstæðunnar er að finna í ársskýrslu Isavia sem er á slóðinni: isavia.is/arsskyrsla2021.

Isavia — 424 4000 — isavia@isavia.is — isavia.is